



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. janúar 2006 – 27. tölublað – 6. árgangur


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## Sannleikurinn um svartklædda manninn

Söngvarinn með djúpu röddina, Johnny Cash, var auðmjúkur þegar hann dó.

HELGA REFNI 56



## Rauða hundinum fagnað

Í dag er síðasti dagur árs græna viðarhanans en á morgun hefst nýtt ár samkvæmt kínversku tímatali. Dong Qing Guan hefur búið á Íslandi í 14 ár og kynnir kínverska menningu í Heilsudrekanum á morgun.


TÍMAMÓT 24



## Flott árið 2006

Hverjir verða helstu tiskustraumarnir í ár? Pod-casting, Argentína, hermannaþvingingar, franskur matur, tai-chi, Mammút, Andri Snær og fleira.

HELGA REFNI 26




## Duttu í lukkupottinn

Íslenska landsliðið í knattspyrnu datt í lukkupottinn þegar dregið var í riðla fyrir undankeppni Evrópumótins árið 2008. Eyjólfur Gjafar Sverrisson landsliðsþjálfari er mjög ánægður með riðil Íslands.

ÍPRÓTTIR 52



## VEÐRIÐ Í DAG



**BJART AUSTAN TIL** Í dag verður fremur stíf sunnanátt, 5-13 m/s, hvassast vestan til. Rigning sunnan og vestan til en bjart með köflum á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 3-8 stig, svalast fyrirpartinn.

VEDUR 4

Tilkynning

## Fullkomin uppskrift

Komdu á frumsýningu um helgina.

Opið alla helgina frá kl. 12 til 16

Eitt stykki nýr GETZ

Þrjár bollar af breyttu útliti,

Tveir skammtar af vélum - verða að vera nýjar,

Fjórar matskeiðar af nýræktuðu mælaborði,

Þrjár einingar af bragðbættum aksturseygileikum

Teskeið af MP3

Innihaldinu er blandað vel saman og því næst látið lyfta sér.

Athugaðu að mikið rými gefur góða fyllingu.

Komdu og fáðu smá smakk... Prófaðu nýjan Hyundai GETZ

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík 575 1200 - www.bl.is



KANNABISRÆKTUN VIÐ HÖFÐATÚN Plönturnar voru ræktaðar í plastfötum. Hér sést lögreglumaður bera „plöntupotta“ af vettvangi.

Par í gæsluvarðhald í viku:

## Með tvö kíló af fíkniefnum

**LÖGREGLUMÁL** Karlaumur og kona hátt á fertugsaldri voru úrskurðuð af Héraðsdómi Reykjavíkur í vikulengt gæsluvarðhald í gær. Var það gert í kjölfar þess að lögreglan í Reykjavík fann mikið magn af kannabisplöntum og fíkniefnum í fórum þeirra.

Lögreglan í Reykjavík komst á snodir um kannabisræktunina í iðnaðarhúsnæði við Höfðatún. Þegar lögreglumenn fóru til að kanna málið návar kom í ljós að þar voru 2-300 kannabisplöntur í ræktun. Voru þær allt upp í tvo metra á hæð. Mun þetta vera ein umfangsmesta ræktun á slíkum plöntum sem uppvíst hefur orðið um hér á landi. Við leit lögreglu í húsnæði sem fólkið hafði yfir að ráða fannst til viðbótar hass og amfetamín, nær kíló af hvoru.

Fólkið var yfirheyrð í gær og í framhaldi af yfirheyrslunni fór lögregla fram á úrskurð um gæsluvarðhald. -jss

# Flyýja með laxeldið undan ofurkrónu

Samherji kiknar undan íslensku krónunni og raforkuverðinu og fer með laxeldið frá Austfjörðum til Færeyja. Hálf milljón lifandi seiða verður í fyrstu flutt í eldisstöð sem félagið hefur tekið á leigu. Tekist var á um málið á þingi.

**LAXELDI** Fyrirtækið Samherji sem, ásamt Síldarvinnslunni, á meiri hlutann í laxeldi Sæsilfurs á Austfjörðum hefur tekið á leigu kvíaeldisstöð af Vestlaxi í Færeyjum og hyggst flytja laxeldi sitt þangað.

„Við ætlum fyrsta kastíð að flytja þangað um 500 þúsund lifandi seiði, en þau ættu að geta gefið af sér tvö þúsund tonn af eldislaxi í sláturstærð,“ segir Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja.

Sæsilfur taldi það auka samkeppnishæfni gagnvart Norðmönnum að nota auðlindir á borð við heitt vatn og rafmagn á hagstæðu verði til þess að ala seiði upp í allt að hálf kíló áður en þeim yrði sleppt í kvíar, en það styttr eldistíma í sjó um eitt ár. Reksturinn hefur hins vegar

gengið erfiðlega, einkum vegna hágengis krónunnar og raforkuverðs og því ákvað félagið á dögunum að hætta rekstri í Mjóafirði árið 2008. Kostnaðurinn er að sögn Þorsteins allt að 90 prósent í íslenskum krónum. „Það segir til sín þegar við getum aðeins keypt um 60 en ekki 80 íslenskar krónur fyrir dollarann.“

„Í Færeyjum setjum við seiðin um 70 grömm að þyngd í sjó líkt og gert er í Noregi. Og þar glímum við ekki við hátt gengi krónunnar,“ segir Þorsteinn.

Talsmenn laxeldisins hafa haldið því fram að rafmagnsverð hafi hækkað um allt að 30 prósent á skömmum tíma. Jón Kjartan Jónsson, framkvæmdastjóri Sæsilfurs í Mjóafirði, og Þorsteinn Már standa við

útreikninga sína en fram kom í máli Jóns Kjartans í Fréttablaðinu fyrir skömmu að rafmagnsreikningurinn í seiðaldinu hefði hækkað úr um þrjátíu í meira en fjórutíu milljónir króna milli ára eftir breytingarnar á raforkulögunum.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra andmælti þessu þegar Kristján Möller, þingmaður Samfylkingarinnar, tók málið upp í óundirbúnum fyrirspurnum á alþingi í vikunni. „Hvað á þetta að þýða,“ spurði hann og gagnrýndi tómlæti ráðherra byggðamála.

Valgerður tók dæmi af 4-5 prósentu hækkan milli ára hjá tilteknu eldisfyrirtæki, en við-urkennir nú að hækkanin kunnist að vera meiri.

johannh@frettabladid.is



ÁFRAM ÍSLAND Íslenskum stuðningsmönnum fer fjölgandi í Sviss. FRÉTTABLAÐIÐ/BÓDDI

Viggó Sigurðsson:

## Í okkar höndum

**HANDBOLTI** „Ég var að fagna þar sem við erum komnir áfram með þrjú stig. Hefðum við tapað værum við komnir upp að vegg fyrir leikinn við Ungverja en nú eru miklir möguleikar á að gera góða hluti og málið er í okkar höndum,“ sagði glaðbeittur landsliðsþjálfariinn, Viggó Sigurðsson, eftir að lið hans hafði gert 28-28 jafntefli gegn Dönum í gærkvöldi.

Íslenska liðið er öruggt áfram í milliriðla og tekur með sér þrjú stig þangað. - vig / já síðu 54

Skaðabótakröfur Vestmannaeyjabæjar gegn olíufélagunum vegna verðsamráðs:

## Bótakrafa vegna olíuverðs

**DÓMSMÁL** Bæjarstjórn Vestmannaeyja ákvað á fundi sínum fyrir helgina að höfða skaðabótamál gegn olíufélagunum vegna verðsamráðs á árunum 1997 til 2001.

Samkeppnisfyrirvöld beittu stjórnvaldssektum gegn Skeljungu, Olíufélaginu og Olís haustið 2004 vegna ólöglegs verðsamráðs og námu sektirnar samtals tæpum 2,6 milljörðum króna.

Lúdvík Bergvinsson, forseti bæjarstjórnar Vestmannaeyja, segir að skaðabótakröfurnar geti orðið á bilinu 15 til 30 milljónir króna, en þær grundvallast á mati á því hve mikið fyrirtækin höfðu af bæjarfélaginu með verðsamráðinu.

Olíufélagin hafa átt viðræður við Reykjavíkurborg um málið, en ekki er vitað til þess að nokkurt sveitarfélag hafi enn höfðað

skaðabótamál vegna málsins.

Auk þeirra stjórnvaldssekta sem þegar hefur verið beitt gegn olíufélagunum hefur máli forstjóra þeirra á umræddu tímabili verið vísað til efnahagsbrota-deildar ríkislögreglustjóra og mögulega verði höfðað opinbert refsímál gegn þeim.

Skaðabótakröfur þolenda eru því enn ein tegund málaferla sem verða vegna verðsamráðsins. -jh



Fyrir mannlegri borg

Marsibil í 2. sætið

28.01.2006

marsibil.is



## SPURNING DAGSINS

Halldór, höfðu hommar áhuga á Halldóri?

„Já, en eingöngu fræðilegan.“

Halldór Guðmundsson bókmenntafræðingur flutti fyrirlestur um nafna sinn Laxness í gær, sem nefndist „Halldór og hommar“ og fjallaði um hugleiðingar nóbelskaldsins um samkynheigð.


Hagnaður bankanna:

## Yfir hundrað milljarðar

**VIÐSKIPTI** Hagnaður þriggja banka sem birt hafa uppgjör sín er kominn yfir hundrað milljarða króna.

Landsbankinn birti uppgjör í gær og var hagnaður bankans 25 milljarðar króna eftir skatta. Hagnaður KB banka nam 49,3 milljörðum króna og Straumur skilaði 26,7 milljörðum í hagnað.

Á mánudag mun Íslandsbanki birta uppgjör sitt, en bankanum er spáð um 22 milljarða hagnaði. Hagnaður íslensku bankanna á síðasta ári verður því vel á annað hundrað milljarðar króna og hefur aldrei verið meiri. - hh sjá síðu 10



**PENINGAPOTTUR** Evo Morales, forseti Bólívíu, með pott fullan af gervipeningum á hátíð í heimalandi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti Bólívíu róttækur:

## Morales helm-ingar kaup sitt

**BÓLÍVÍA, AP** Nýkjörinn forseti Bólívíu, Evo Morales, hefur lækkað laun sín um 57 prósent og fyrirskipað ráðherrum sínum að gera hið sama, en þar í landi má enginn ríkisstarfsmaður hafa hærra laun en forsetinn. Mismuninn ætla Morales að nota til að ráða fleiri kennara og lækna til starfa í landinu.

„Okkur vantar sex þúsund nýja kennara, en við höfum bara efní á 2.200,“ sagði Morales, sem nú þénar sem svarar tæpum 105.000 krónum á mánuði. Hann hefur setið á forsetastóli í sex daga, en var áður lamadýrahirðir og götu-mótmælandi. - smk

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktssdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. -ritstj.

Þjóðkirkjan skaðabótaskyld gagnvart Sigríði Guðmarsdóttur:

## Biskup braut stjórnsýslulög

**DÓMSMÁL** Íslenska þjóðkirkjan er skaðabótaskyld vegna ráðningar Sigurðar Arnarsonar í stöðu sendiráðsprests í Lundúnum haustið 2003 í stað Sigríðar Guðmarsdóttur.

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær að biskup hefði brotið gegn stjórnsýslulögum. Hann hefði ekki mátt framselja skipunarvald sitt til hæfisnefndar, skipaða fulltrúum þeirra þriggja stofnana sem koma að sendiráðsprestembættinu ytra, til að taka ákvörðun um hvort Sigríður eða Sigurður, tengdasonur biskups, hlyti stöðuna.

Lögmaður Sigríðar, Sif Kon-

ráðsdóttir, segir að um fullnaðarsigur hafi verið að ræða þar eð dómurinn viðurkenni einnig að brotið hafi verið gegn jafnréttis-lögum. Lögmaður þjóðkirkjunnar, Gestur Jónsson, segir að niðurstaða dómsins byggist á að stjórnsýslureglur hafi verið brotnar. Ekkert í dómnun taki undir þær áskanir að Sigurður hafi hlotið starfið vegna tengsla sinna við biskup.

Sigríður Guðmarsdóttir, sóknarprestur í Grafarvogi, var ánægð með niðurstöðuna. „Ég vona að dómurinn leiði til jafnréttis og betri stjórnsýslu.“

Gestur segir enga ákvörðun



**SIGRÍÐUR OG SIF** Þjóðkirkjan er skaðabótaskyld gagnvart Sigríði Guðmarsdóttur. Eftir er að semja um hverjar skaðabæturnar verða.

hafa verið tekna um hvort dómnun verði áfrýjað. - gag



**SIGURÐUR TÓMAS SAKSÓKNARI OG GESTUR VERJANDI JÓNS ÁSGEIRS** Þeir tókust á í réttarsal í gær en einnig fyrir luktum dyrum. Eftir sátu þrjú ágreiningsmál sem dómarrar þurfa að úrskurða um eftir helgi.

## Titringur í dómhúsi vegna Baugsmálsins

Héraðsdómur Reykjavíkur þarf að úrskurða um þrjár kröfur saksóknara og verjenda í Baugsmálinu áður en málið fer til aðalmeðferðar. Harkalega var deilt í dómnum í gær um framlagningu gagna og tímasetningu á aðalmeðferð.

**BAUGSMÁL** Hart var deilt í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær um fyrirhugaða aðalmeðferð ákæru-liðanna átta sem eftir standa í Baugsmálinu.

Dómurinn ákvað að kljúfa málið í tvennt og taka dagana 9. og 10. febrúar aðeins fyrir þrjú fjórar ákæru sem snúa að endurskoðendum Baugs.

Þessu mótmæltu verjendur og saksóknari en af ólíkum ástæðum. Sigurður Tómas Magnússon saksóknari krafðist þess að málið yrði ekki tekið fyrir en í byrjun mars. „Ég tel málið það viðamikili að það sé hæfilegur frestur fyrir alla aðila til að undirbúa flutning málsins.“

Sigurður taldi sig einnig hafa lagalegan rétt til að leggja fram gögn á móti sérfræðiáliti í málum endurskoðendanna.

Verjendur töldu aftur á móti að sakborningar ættu skýlausan rétt á því að sakargiftir yrðu teknar fyrir sem fyrst og efnisdómur yrði felldur um ákæru-liðina átta. Þeir kröfðust úrskurðar dómara um þetta efni.

Einar Þór Sverrisson, verjandi Jóhannesar Jónssonar, vísar til málshraðareglu í lögum um meðferð opinberra mála og segir að frestun á hluta málsins sé ekki í samræmi við hana.

Sigurður Tómas bendir á að verði málið tekið fyrir 9. og 10. febrúar fari það í bága við að dómkvaddir menn hafi frest til 23. febrúar til þess að meta trúverðuleika gagna sem lögð hafa verið fram í málinu. „Með því að ákveða aðalmeðferð þessa daga eru þeir að synja mér um framlagningu gagna í málinu. Ég krafðist

úrskurðar um þessa synjun.“

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, segir bersýnilegt að saksóknari vilji enga meðferð málsins fyrr en hann sé búinn að taka ákvörðun um hvort skila af sér seint í febrúar hafa ekkert með ákæru-liðina átta að gera sem hér eru til meðferðar. Enda spurði dómari saksóknarinn hvort ekki væri rétt að fela ríkislögreglustjóra að sækja málið þannig að settur saksóknari gæti einbeitt sér að vinnu við ákæru-liðina sem vísað var frá dómi.“

Dómari úrskurðar um ágreiningsmálin eftir helgi en unnt er að kæra að minnsta kosti tvo úrskurðanna til Hæstaréttar.

Maður dæmdur fyrir að misnota konu og brenna með sígarettu:

## Svívirti þroskahamlaða konu

**DÓMSMÁL** 25 ára gamall maður var í gær dæmdur í fimm mánaða fangelsi fyrir líkamsárás og kynferðisofbeldi gagnvart þroskahamlaðri tvítugri konu. Í dómsúrskurðinum segir að málið hafi verið umfangsmikið og flókið, ekki síst vegna slægrar lög-reglurannsóknar. Unga konan hafi þrívægis þurft að gefa skýrslu um málið.

Maðurinn hringdi í konuna og sagði að hún hefði gleymt hönskum eftir að hún hafði verið hjá honum í heimsókn með vinkonu sinni. Hún sneri við. Hann réðst á hana, hrinti henni í upp í rúm og á



**MAÐUR DÆMDUR Í HÉRAÐSDÓMI** Áverkar á konunni eftir árásina voru margvíslegir. Eymisli og roði á hálsi, eymisli yfir rifjum vinstra megin og brunasár og síðar ör á vinstra brjósti.

rúmgafli, sparkaði í hana og drap í sígarettu á öðru brjósti hennar. Hann tók hana einnig kverkatki. Stúlkan frábað sér háternið og beit manninn. Hann hótaði henni lífláti kjaftaði hún frá. Hún sagði móður sinni og vinkonu frá atburðinum.

Móðirin kærði manninn eftir að tilsjónarmaður á heimavist sem stúlkan bjó á hafði tilkynnt málið til lögreglu og sent ungu konuna til lækis. Manninum var gert að greiða konunni 300 þúsund krónur. Hann greiðir einnig hluta málsvarnarlauna og sakarkostnað, eða um 660 þúsund krónur - gag

Fegurðarsamkeppni Íslands:

## Herra Ísland sviptur titli

**FEGRUÐ** Ólafur Geir Jónsson, Herra Ísland 2005, hefur verið sviptur titlinum og er þetta í fyrsta sinn í sögu Fegurðarsamkeppni Íslands sem það gerist.

Í fréttatilkynningu frá aðstandendum keppinnar segir að Herra Ísland skrifi undir samning þess efnis að hegðun hans skuli ávallt vera til sóma fyrir vandaða ímynd keppinnar. Ólafur Geir, sem stýrir umdeildum þætti á sjónvarpsstöðinni Sirkus, þykir ekki hafa staðið undir þeim væntingum sem eru gerðar til Herra Íslands.

Jón Gunnlaugur Viggósson, sem hafnaði í 2. sæti keppinnar, mun taka við titlinum. -sdg

Maður ók próflaus:

## Dæmdur í fjórtánda sinn

**DÓMSMÁL** Maður sem hlotið hefur þrettán refsíðoma var í gær dæmdur í þriggja mánaða fangelsi. Hann ók bifreið án ökuréttinda.

Eftir að hann varð átján ára, eða á síðustu tíu árum, hefur hann hlotið þrettán dóma fyrir brot gegn umferðarlögum, hegningarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni og vopnalögum. Hefur hann sjö sinnum hlotið refsingu fyrir að aka án réttinda, síðast í nóvemberbyrjun. Var ákærði þá dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir fjögur slík brot, auk brota gegn fíkniefna- og vopnalögum.

Maðurinn hefur aldrei öðlast ökuréttindi og fær ekki samkvæmt dómi á haustmánuðum 1999. - gag



**Í BÍDRÖÐ EFTIR OLÍU** Tíffisbúar reyna eftir öllum leiðum að ná sér í eldsneyti til kyndingar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Orkukreppa í Georgíu:

## Neyðarbirgðir fást frá Íran

**GEORGÍA, AP** Stjórnvöld í Georgíu náðu í gær samkomulagi við grannríkið Íran um kaup á neyðarbirgðum af jarðgasi.

Georgíumenn glíma nú við mestu orkukreppu í sögu landsins frá því það losnaði úr viðjum Sovétríkjanna fyrir hálfum öðrum áratug. Georgíustjórn sakar ráðamenn í Moskvu um að beita landið fantabrögðum. Stærstu gasleiðslurnar frá Rússlandi til Georgíu rofnuðu í skemmdarverkasprengingum á rússnesku yfirráðasvæði fyrir viku. ■

Sat drukinn við bílinn:

## Sýknaður af ölvunarakstri

**DÓMSMÁL** Maður sem ekið hafði út í skurð við Bjarnarfjörð á Ströndum í fyrrihaust var í gær sýknaður af ölvunarakstri. Hann sagðist hafa drukkið sterkan bjór eftir útafaksturinn.

Lögreglunni bárust tilkynningar um ferðir mannsins áður en ökuferðinni lauk. Áfengismagnið í blóði hans miðast við að hann hafi drukkið einn og hálfan til tvo lítra af bjór á þeim tuttugu mínútum sem tók lögregluna að komast á vettvang. Það þótti dómara ólíklegt, sérstaklega þar sem engar bjórdósir fundust, utan sú sem hann hafði í hendinni. Þótti samt ekki hægt að útiloka frásögn mannsins. - gag



Milljónamæringar nr. 91

Ef allir félagarnir vita  
of þessu getum við  
gleymt því að lóto sjó  
okkur úti ó lífinu

Auðvitað er gaman að fagna þegar þú vinnur en þú þarft samt ekkert að deila því með öllum sem þú hittir. Á þessu ári greiðum við út um 800 milljónir í beinhörðum peningum. Tryggðu þér miða í síma 800 6611 eða á hhi.is. Við látum þig vita þegar þú vinnur – en engan annan.



HAPDRÆTTI  
HÁSKÓLA ÍSLANDS  
vænlegast til vinnings

## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 27.01.2006

## KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	61,52	61,82
	Sterlingspund	109,47	110,01
	Evra	75,02	75,44
	Dönsk króna	10,05	10,108
	Norsk króna	9,274	9,328
	Sænsk króna	8,103	8,151
	Japanskt jen	0,5275	0,5305

SDR 89,37 89,91

Gengisvísitala krónunnar  
104,8025

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



Á HVOLFI Rútan lagðist að hluta til saman er hún lenti á hvolfi úti í skurði.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rútuslys í Svíþjóð:

## Átta farþegar biðu bana

**SVÍÞJÓÐ, AP** Stór langferðabíll fullsetinn farþegum fór í gær út af þjóðvegnum í grennd við Arboga, um 100 km vestur af Stokkhólmi, og valt með þeim afleiðingum að átta manns að minnsta kosti létu lífið og vel á fimmta tug slösuðust, misalvarlega.

Kjell Nylund, talsmaður héradsyfirvalda, sagði að andlát átta farþega hefðu verið staðfest og að 45 hefðu verið fluttir á slysadeild nærliggjandi sjúkrahúsa. Margir farþeganna festust inni í flaki rútnunnar og það tók sinn tíma að ná þeim út. Snjór og hálka var á slysstað. ■

## TÉKKLAND

**Leyfa stafesta samvist** Efri deild tékkneska þingsins samþykkti á fimmtu-dag lög sem heimila samkynhneigðum að skrást í staðfesta samvist. Samþykki Vaclav Klaus forseti lögin fá samkynhneigðir svipaðan rétt og gift gagnkynhneigð þör hafa til erfða og trygginga. Þó mega samkynhneigðir hvorki gifta sig né ættleiða börn.

## DÓMSMÁL

**Svipt ökuréttindum í ár** Kona var svipt ökuréttindum í eitt ár fyrir að aka bifreið, verulega ölvuð, á kyrrstæða vörubifreið á Ísafirði í maí á síðasta ári. Áfengi í blóði hennar mældist 2,58 en ekki má fara yfir 0,50 prómill. Hún þarf að auki að greiða 100 þúsund krónur í ríkissjóð næstu fjórar vikurnar eða fara í átta daga fangelsi.

Trúarleiðtogar og ráðamenn í Sádi-Arabíu eru reiðir Dönüm:

## Sniðganga danskar vörur

**DANMÖRK** Trúarleiðtogar og ráðamenn í Sádi-Arabíu hafa hvatt landsmenn til að sniðganga danskar vörur. Ástæðan er sögð aðgerðaleysi dönsku ríkisstjórnarinnar vegna birtinga á teikningum af Múhamed spámanni í Jótlandsþóstinum síðastliðið haust. Þá hafa yfirvöld í landinu kallað sendiherra sinn heim frá Danmörku.

Forsvarsmenn danskra fyrirtækja óttast að vörur þeirra verði einnig sniðgengnar í nágrennaríkjum Sádi-Arabíu innan skamms ef ekkert verður að gert. Haft er eftir Per Stig Møller, utanríkisráðherra Danmerkur, í Berlingske tidende í gær að þessi viðbrögð



**DÖNUM BÓLVAD** Eftir föstudagsbærni í gær lýstu um 500 moskugestir í Bagdad fordæmingu sinni á Múhamedsteikningunum í Jótlandsþóstinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

komi honum á óvart. Enda hafi viðskiptasambönd milli landanna verið góð fram til þessa. Samtök

danskra iðnrekenda sendu frá sér ályktun í gær þar sem þau harma myndbirtingarnar.

Birting teikninganna af Múhamed spámanni hafa vakið hörð viðbrögð í mörgum múslimríkjum. Í kjölfarið óskuðu sendiherrar nokkurra ríkja eftir fundi með forsætisráðherra Danmerkur sem hann varð ekki við, með þeim orðum að ríkisstjórnin hefði ekkert yfir frjálsum fjölmiðlum landsins að segja. Talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna hafa gagnrýnt þá ákvörðun. Haft er eftir þeim í gær að staða málsins í dag sé afleiðing rangra viðbragða ríkisstjórnarinnar í málinu. - ks

Mannréttindasamtök eystra:

## Reyna að loka

**RÚSSLAND, AP** Rússlandsstjórn er að reyna að stöðva starfsemi regnhlífarsamtaka mannréttindafélaga í Rússlandi, að því er þekktur rússneskur mannréttindafrömuður hélt fram í gær. Þessi viðleitni stjórnvalda sé liður í víótækri herferð gegn starfsemi frjálsra félagsamtaka í landinu.

Ein af undirdeildum rússneska dómsmálaráðuneytisins hefur farið fram á það við dómstól í Moskvu að hann fyrirskipi lokun Mannréttindaskrifstofu Rússlands, á þeirri fyrirsíttarforsendu að samtökin hefðu ekki skilað inn tilskildum skýrslum síðastliðin fimm ár. Þetta sagði Valentina Melnikova, sem á sæti í stjórn Mannréttindaskrifstofunnar. ■



**MIKIL UPPBYGGING** Mikið hefur verið byggt af íbúðum í Norðlingaholti sem og annars staðar á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár. Úthlutun lóða hefur fjórfaldast á síðustu fimm árum. Fréttablaðið/Vilhelm

## Íbúðaverð byrjað að lækka

Framboð á nýjum íbúðum í landinu hefur tvöfaldast á fimm árum. Á sama tíma hefur úthlutun lóða fjórfaldast. Verð á sambylis- og fjölbylisíbúðum lækkaði í síðasta mánuði í fyrsta skipti síðan í desember 2003.

**HÚSNÆÐI** Úthlutun lóða hefur fjórfaldast á undanförnum fimm árum og munar mestu um aukninguna á höfuðborgarsvæðinu síðustu tvö árin. Á sama tíma hefur fjöldi fullgerðra íbúða tvöfaldast og helst hann því ekki í hendur við lóðaúthlutunina.

Talngögnin koma fram í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kjartans Ólafssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins.

„Gengi krónunnar hefur styrkst gríðarlega undanfarin ár og það hefur að sínu leyti haft afgerandi áhrif á vextina. Hækkandi húsnæðisverð hefur svo aukið verðbólguna.“

Kjartan segist vilja sjá hvort meira sé byggt en markaðurinn taki við og hvort vísbendingar séu um offramboð og verðhjöðnun. „Ef ekki er þörf fyrir allar þær íbúðir sem lóðaúthlutunin gefur til kynna að komi á markaðinn í



KJARTAN ÓLAFSSON



BJÖRN ÞORRI VIKTORSSON

náinni framtíð má ætla að íbúðaverð lækki og verðbólga af þessum völdum lækki að sama skapi. Það hefur verið talað um að markaður sé fyrir um 14 hundruð nýjar íbúðir á ári.“

Tölurnar sem Kjartan hefur fengið í hendur miðast við lóðaúthlutun í 17 af 21 sveitarfélagi. Árið 2000 var úthlutað samtals 1.060 lóðum en hátt í 4.300 á nýliðnu ári. Árið 2000 nam fjöldi fullgerðra íbúða á öllu landinu 1.258 en var orðinn 2.355 árið 2004 og hafði nær tvöfaldast.


„Vel má vera að í þessu sé ein-

hver skekkja, til dæmis vegna þess að sömu lóðinni er úthlutað oftast en einu sinni. Hingað streymir fólk, fólk fjölgar og það stækkar við sig. Drátt fyrir þetta sýnist mér að framboð gæti orðið meira en eftirspurn innan tíðar og það gæti valdið verðhjöðnun og leitt til minnkandi verðbólgu,“ segir Kjartan Ólafsson.

Björn Þorri Viktorsson, formaður Félags fasteignasala, segir greinilegt að lóðaskortur hafi hrjáð markaðinn fyrir fimm árum og er ekki viss um að offramboð á íbúðum sé í vændum. „En það er ljóst að íbúðaverð er hætt að hækka. Í síðasta mánuði lækkaði verð lítilla á sérbylis- og fjölbylisíbúðum í fyrsta skipti síðan í desember 2003. Markaðurinn leit nú jafnvægis eftir þá sprengingu sem varð þegar bankarnir fóru inn á íbúðalánmarkaðinn,“ segir Björn. johann@frettabladid.is

## ÚTHLUTUN LÓÐA OG FULLGERÐAR ÍBÚÐIR

Fjöldi úthlutaðra lóða í 17 stærstu sveitarfélögum og fullgerðar íbúðir á öllu landinu



# DWC

Dansstúdíó World Class

Jazzfunk | Streetstyle | Hip Hop | Freestyle | Modernfunk | Barnadansar  
Sérstakt dansfjór fyrir 20 ára og eldri

Nánari upplýsingar í síma  
**553 0000**  
Sjá stundaskrá á  
[www.worldclass.is](http://www.worldclass.is)

Dansstúdíó

## VEÐURSPÁ

um hádegi »

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VINDASÖM HELGI**  
Það er vaxandi vindur á landinu eftir því sem líður á daginn, einkum sunnan og vestan til og nær sá vindur hámarki á morgun en þá má búast við 13-18 m/s með ströndum sunnan til og vestan. Það verður milt hjá okkur næstu daga en nokkuð vætusamt, einkum syðra.

**HÖFUDBORGIN Í DAG**  
Suðaustan 8-13 m/s. Rigning eða súld og vaxandi væta í kvöld og á morgun. Hljónandi veður og hiti í dag 3-7 stig, mildast síðdegis.

» á morgun  
Allhvást sunnan og vestan til, annars hægari.

» mánudagur  
Freður hægur vindur.

Kaupmannahöfn	1°C léttskýjað	Paris	7°C heiðskirt	Alicante	11°C skúrir
Oslo	-2°C hálfskýjað	Berlín	-3°C heiðskirt	Milano	6°C skúrir
Stokkhólmur	3°C léttskýjað	Frankfurt	2°C heiðskirt	New York	12°C léttskýjað
Helsinki	0°C alskýjað	Madrid	7°C heiðskirt	San Francisco	13°C skúrir
London	6°C heiðskirt	Barcelona	7°C rigning	Orlando/Flórída	24°C léttskýjað

Hlutarúr sýna næstu hitagildi. Vindirraði er í metrum á sekúndu.

# Helgar -sprengja

**30%**  
afsláttur

**40%**  
afsláttur

af blöndunartækjum

af sturtuklefum

Komdu í dag  
lýkur á morgun



**HÚSASMÍÐJAN**  
...ekkert mál



## KJÖRKASSINN

Ertu með meira en 300 þúsund króna yfirdráttarheimild?

Já	42%
Nei	58%

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að byggja nýtt álver á Norðurlandi?

Segðu skoðun þína á visir.is



Lögregla leitar manns sem tældi til sín ungan dreng á Seltjarnarnesi:

# Fór höndum um ungan pilt

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjavík leitar nú manns á miðjum aldri sem í fyrradag gínti ungan pilt afsíðis á Seltjarnarnesi og reyndi þar að gyrða niður um hann og fara höndum um kynfæri hans. Komst drengurinn undan með harðfylgi og lét lögreglu vita en leit að manninum hefur engan árangur borið.

Atvikið átti sér stað skammt frá verslanamiðstöðinni Eiðistorgi á Seltjarnarnesi. Kallaði maðurinn til drengsins og þreif til hans þegar hann kom nær og reyndi að gyrða niður um hann. Náði maðurinn að draga nærbuxur piltsins að hálfu niður áður en



piltinum tókst með harðfylgi að rífa sig lausan og hlaupa á brott. Var honum brugðið mjög og leitaði til lögreglu sem hóf eftirgrenslnan sem engan árangur bar.

Að sögn piltsins var maðurinn milli fimmtugs og sextugs en hann gat litlar aðrar upplýsingar gefið enda í miklu uppnámi. Lögregla mun áfram vinna að rannsókn málsins.

- aóe

**EIÐISTORG** Þar gínti miðaldra maður ungan pilt afsíðis í fyrradag og reyndi að gyrða niður um hann. Pilturinn náði að rífa sig lausan áður en manninum tókst ætlunarverk sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fuglaflensa:

## Níu sýni reyndust neikvæð

**FUGLAFLENSA** Niðurstöður úr níu sýnum sem tekin voru úr villtum gæsnum hér á landi, bástust í gær. Þau reyndust öll neikvæð með tilliti til mótefna gegn fuglaflensu af stofnunum H5 og H7 að sögn Jarle Reiersen dýralæknis alifuglasjúkdóma. Áður höfðu fengist niðurstöður úr níutján sýnum úr 16 grágæsnum, fjórum álftum og einni stökkönd. Reyndust þau vera neikvæð.

Nú liggur fyrir að taka um eitt hundrað sýni úr fuglum í varphænsnabúum, kjúklingabúum og úr lausagönguhænsnum, svo og úr um það bil tíu villtum fuglum.

- jss



**GEGN BERKLUM** Bill Gates hlýðir á Olusegun Obasanjo Nígeríuforseta tala í Davos í gær um „nærri gleymda“ sjúkdóma eins og berkla, sem enn bana mörgum í fátækari löndum heims.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heimsefnahagsráðstefnan:

## Gates þrefaldar berklaframlög

**DAVOS, AP** Bill Gates, aðaleigandi Microsoft-hugbúnaðarrisans, hét því á Heimsefnahagsráðstefnunni í Davos í Sviss í gær að þrefalda fjárframlög til baráttunnar gegn berklum, úr 300 í 900 milljónir bandaríkjadala.

Gates tók undir með breska fjármálaráðherra Gordon Brown sem lýsti yfir nýju heimsátaki til að stöðva útbreiðslu berkla, en í nafni þess verður fé veitt til þróunarlanda til að grípa til ráðstafana gegn sjúkdómnum.

Um 15 milljónir manna deyja árlega úr læknanlegum sjúkdómum vegna skorts á aðgengi að viðeigandi lyfjum. Þessu vill Gates breyta. ■

### SKOTLAND

**Tesco undir eftirliti** Bresk samkeppnisyfirdráttar áætla að kanna hvort staða Tesco verslunarkeðjunnar í Skotlandi brjóti í bága við samkeppnisákvæði í kjölfar kvartana frá skoskum bændum um að fyrirtækið þvingi framleiðendur til að fá betri verð og komist upp með það sökum einokunarstöðu sinnar í mörgum borgum.

# Stefnir í einangrun Hamas-stjórnarinnar

Ungliðar í Fatah-hreyfingunni fóru mikinn í gær og beindu reiði sinni yfir kosningaósigrinum gegn staðnaðri forystusveit Fatah og gegn Hamas-samtökunum sem nú taka við völdum. Af orðum ráðamanna í Ísrael og annarra ríkja að dæma stefnir í að stjórn skipuð Hamas-liðum eingöngu fái litlu framngengt.

**PALESTÍNA, AP** Þúsundir áhængenda Fatah-hreyfingar Palestínumanna, sem laut í lægra haldi fyrir hinni herskáu Hamas-hreyfingu í kosningum til palestínska þingsins, mótmæltu af krafti á Gazasvæðinu í gær; kveiktu í bílum, skutu upp í loftið og kröfðust þess að spilltir flokksforkólfar segðu af sér í kjölfar hins niðurlægjandi kosningaósigurs.

Hamas fékk öruggan meirihluta þingsæta, 76 af 132, og Mahmoud Abbas Palestínuleiðtogi, arftaki Yassers Arafats sem oddviti Fatah-hreyfingarinnar, sagðist myndu fela leiðtogum Hamas umboð til stjórnarmyndunar. Fatah hafnaði því hins vegar strax að taka sæti í nýju stjórninni. Talsmenn Ísraelsstjórnar útilokuðu að eiga nokkrar viðræður við palestínska stjórn sem skipuð væri Hamas-liðum. Þar með stefndi í að nýja palestínska stjórnin einangraðist jafnvel áður en hún er tekin við embætti.

Tzipi Livni, starfandi utanríkisráðherra Ísraels, skoraði á alþjóðasamfélagið að leyfa slíkri stjórn ekki að öðlast neitt lög-mæti, með þeim orðum að þátttaka í lýðræðislegum kosningum væri enginn „hvítþvottur“ fyrir hryðjuverkahópa. Þó sýndu skoðanakannanir sem gerðar voru í Ísrael að mikill meirihluti ísra-



**ÁTÖK VIÐ ÞINGHÚS** Til stýmpinga kom milli fylgismanna Hamas og Fatah við þinghúsið í Ramallah í gær. Fatah-menn reyndu að hindra Hamas-menn í að setja upp Hamas-fánann í stað Palestínufánans. Nokkrir slösuðust og rúður brotnuðu af völdum steinkasts.

LIÓSMYND/GÍSLI PÁLL GUDJÓNSSON

elskra borgara styður friðarviðræður við stjórn Palestínumanna, jafnvel þótt skipuð Hamas-liðar fari fyrir henni.

Leiðtogar Bandaríkjanna og nokkurra Evrópuríkja sögðu að Hamas yrði að snúa baki við öllu ofbeldi og viðurkenna Ísrael. Hamas-samtökin eru enn á lista yfir hryðjuverkasamtök bæði í Bandaríkjunum og Evrópusambandinu.

Ósigur Fatah, sem haldið hefur um stjórnartaumana frá því palestínsku heimastjórninni var komið á fyrir tólf árum, er aðallega rakinn til þeirrar spillingar sem gamalgrónir áhrifamenn

hreyfingarinnar hafa gert sig seka um. Þeir hafa ítrekað hafnað umbótakröfum ungliðanna í flokknum. Því beinist reiði yngri áhængenda Fatah nú að gömlu, stöðnuðu forystusveitinni. Mót-mælendurnir í gær fóru þó ekki sérstaklega fram á afsögn Abbas, þótt sú krafa hafi líka heyrst.

Vert er að geta þess að þótt Hamas hafi fengið miklu fleiri þingsæti en Fatah (76 á móti 43) var munurinn á heildarátkvæðamagni framboðslista hreyfinganna tveggja mun minni - Hamas fékk rúm 43 prósent og Fatah rúm 40 prósent.

audunn@frettabladid.is

Könnun Gallup sýnir að tæplega 60 prósent styðja aukna virkjun gufuafls:

## Jákvæðir í garð áliðnaðar

**SKOÐANAKÖNNUN** Meirihluti landsmanna er jákvæður í garð áliðnaðar í landinu, fimmtungur er neikvæður og fjórðungur tekur ekki afstöðu ef marka má niðurstöður skoðanakönnunar Gallup.



ÁRNI FINNSSON


Könnunin var gerð að beiðni Samtaka atvinnulífsins. Mikill meirihluti landsmanna, eða um 76 prósent, er hlynntur aukinni virkjun gufuafls og 58 prósent eru jákvæð í garð frekar uppbyggingu áliðnaðar sem byggir á gufuaflsorku.

Tæplega 60 prósent eru hlynnt aukinni virkjun vatnsafls og rúmlega fjórðungur er á móti. Rétt rúmlega helmingur landsmanna er hlynntur frekari uppbyggingu áliðnaðar sem byggir á vatnsafl en 34 prósent eru andvíg.

Fleiri eru með en á móti frekari uppbyggingu áliðnaðar. Það segir þó ekki alla söguna því aðeins 48 prósent eru hlynnt frekari uppbyggingu, 37 prósent eru andvíg og 15 prósent taka ekki afstöðu.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, telur spurningu um sátt ekki eiga við í dag því fyrir kannanir bendi til að ekki ríki sátt í málinu. „Þarna er ákaflega yfirborðskend könnun á ferðinni sem ekki sýnir þann veruleika sem við búum við í dag.“

### FREKARI UPPBYGGING ÁLIÐNAÐAR



Heimild: Gallup

segir hann.

„Fólk hefur áhyggjur af taumlausri virkjunarstefnu stjórnvalda og vill vernda náttúruna. Þetta hefur ítrekað komið fram í könnunum og stangast á við þessa könnun Gallup,“ segir hann. - ghs

## INNKÖLLUN

Osta- og smjörölan innkallar eftirfarandi þrjár vörutegundir vegna galla:

Búri Havarti Krydd-Havarti

Vinsamlegast komið vörinni til

Osta- og smjörölan, Bitruhálsi 2.

Við biðjum viðskiptavini okkar velvirðingar á óþægindunum. Allar nánari upplýsingar veitir Geir Jónsson forstöðumaður rannsóknarstofu Osta- og smjörölan í síma 569 1640 eða 664 1640.



sími 569 1600 • fax 567 3465

# Allar útsöluvörur 250-1000 kr.

50% auka afsláttur af útsölu  
verðhrun

Ja hérna þetta er nú lægsta  
verð sem ég hef á ævi minni séð!  
Bolí 250 kr., buxur og peysur 500-750 kr.  
Skór 500-1000 kr. og úlpur á 1000 kr.  
Nú er bara að haska sér og gera  
kaup aldarinnar!

## Verðdæmi

Upph. verð	Útsala	50% auka afsláttur
<del>999-1299 kr.</del>	<del>500 kr.</del>	250 kr.
<del>1499-1999 kr.</del>	<del>1.000 kr.</del>	500 kr.
<del>2499-2999 kr.</del>	<del>1.500 kr.</del>	750 kr.
<del>3499-4999 kr.</del>	<del>2.000 kr.</del>	1.000 kr.

nú á  
allt að  
seljast

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, húsgögn og heimilsvöru.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



## VEISTU SVARIÐ

- 1 Hvaða samtök sigruðu í kosningunum í Palestínu?
- 2 Hvað hafa stjórnkerfisbreytingar Reykjavíkurborgar kostað?
- 3 Hvaða Norðurlandabjóðum leikur Íslenska fótboltalandsliðið gegn í undankeppni EM?

SVÖRIN ERU Á Síðu 58

Mikil liðssöfnun vegna forvals Vinstri grænna á Akureyri:

# Félagatalið hugsanlega tvöfaldað

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Baldvin H. Sigurðsson, veitingamaður á Akureyrarflugvelli, væntir þess að félagatal VG á Akureyri allt að því tvöfaldist í tengslum við þátttöku hans í forvali flokksins vegna komandi sveitarstjórnarkosninga. Baldvin stefnir á að leiða framboðslistann og velja þar með Valgerði H. Bjarnadóttur, oddvita VG á Akureyri og eina bæjarfulltrúa flokksins, úr fyrsta sætinu. „Valgerður hefur unnið gott verk í gegnum tíðina í jafnréttismálum en hún hefur ekki staðið sig nægilega vel varðandi kjör láglaunafólks. Það hafa aðrir forustumenn flokksins á Akureyri heldur ekki



gert og almennt séð finnst mér forystan ekki nægilega vinstri-sinnuð,” segir Baldvin.

Forvalið fer fram í dag og taka níu manns þátt í því. Valgerður og Baldvin sækjast eftir fyrsta sæti en Dýrleif Skjöldal Ingimarsdóttir stefnir á fyrsta til þriðja sæti. Wolfgang Frosti Sahr sækist eftir öðru sæti en Jón Erlendsson, varabæjarfulltrúi VG á Akureyri, hefur sett stefnuna á annað til þriðja sæti.

- kk

**BALDVIN H. SIGURÐSSON** Forysta VG á Akureyri er ekki nægilega vinstri-sinnuð að mati Baldvins og því stefnir hann á að leiða lista flokksins í komandi sveitarstjórnarkosningum.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Hæstiréttur Íslands:

## Ríkið dæmt skaðabótaskyld

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið var í gær dæmt skaðabótaskyldt gagnvart erfingjum konu vegna sýkingar sem hún varð fyrir sökum yfirsjónar starfsfólks Landspítala 1997.

Hæstiréttur staðfesti þar með fyrri úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur frá apríl síðastliðnum þar sem ríkið var einnig fundið skaðabótaskyldt. Var Hæstiréttur sammála mati héraðsdóms að með viðeigandi rannsóknnum á konunni hefði mátt koma auga á meinsemd þá er síðar varð til þess að hún var lögð inn á sjúkrahús og varð fyrir varanlegu líkamstjóni.

- aðe

# Ekki hugsa of lengi!



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.



**Aðeins 9 bílar í boði!!!**

TILBOÐSVERÐ

# 1.550.000,-

Verð áður 1.790.000,- Mánaðargreiðsla 18.583,-\*

Þessa dagana bjóðum við Opel Meriva á algjöru botnverði. Opel Meriva er sprækur eins og smábíll en hefur geymslupláss á við stærstu fjölskyldubíla. Mættu snemma því það eru aðeins 9 bílar í boði.

**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

\* Bilasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði



**FRÁ RANNSÓKNARSTOFU LYFJAPRÓUNAR** Bólusetning með nefúða hefur alla tíð verið megin viðfangsefni fyrirtækisins en verkefnið vakti mikla athygli á sínum tíma. Myndi er úr safni og viðkomandi tengist ekki fréttinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nefúðarannsóknir Lyfjapróunar:

# Fengu milljónir króna í styrki

**RANNSÓKNIR** Fyrirtækið Lyfjapróun hlaut allnokkrar viðurkenningar og fjárfstyrki vegna þróunar- og rannsókna sinna á notkun nefúða til bólusetningar. Vísindasiðanefnd og Lyfjastofnun skoða nú hvort verið geti að átt hafi verið við niðurstöður þær er gáfu rannsóknnum fyrirtækisins byr undir báða vængi í upphafi.

Eins og skýrt var frá í Fréttablaðinu í gær leikur nægur grunnur á að átt hafi verið við fyrstu niðurstöður rannsóknanna og Vísindasiðanefnd í samvinnu við Lyfjastofnun yfirfer nú frumniðurstöður þær eru kynntar voru af hálfu Sveinbjörns Gissurarssonar, stofnanda og framkvæmdastjóra

Lyfjapróunar um aldamótin. Gáfu þær niðurstöður afar góða raun en í kjölfarið hafa farið fram tvær aðrar rannsóknir sem gáfu allt aðrar og verri niðurstöður og var nefúðarannsóknnum fyrirtækisins hætt í kjölfarið.

Hlaut verkefnið talsverðan fjárstuðning. Tæknisjóður styrkti rannsóknir Sveinbjörns og kollega hans um tæpar níu milljónir á fjögurra ára tímabili og fyrirtækið hlaut Nýsköpunarverðlaun Rannís og Útflutningsráðs árið 2004. Þá fékk fyrirtækið fjögur alþjóðleg einkaleyfi auk þess sem fleiri umsóknir um einkaleyfi voru í burðarliðnum.

- aðe

## Mig vantar þinn stuðning

Lokadagur prófkjörs er í dag. Opið kl.10-18. Prófkjórið er opið öllum með skráða búsetu í Reykjavík, ekki gerð krafa um inngöngu í Framsóknarflokkinn.

## Það munar um hvert atkvæði!

Kosið í anddyri Laugardagshallarinnar.

Hringdu í Gest, **8458742** eða **5878742** hann vill heyra í þér!

www.gesturINN.is gesturINN@visir.is



# Kraftmikinn mann í borgarstjórn





Fyrsta flokks Reykjavík

# Opið prófkjör

Framsóknarflokksins í Reykjavík

í dag 28. janúar í Laugardalshöll kl. 10-18

## Björn Ingi í 1. sætið


*Stjórn málin eru að breytast.*

*Margir hafa á orði að þeir vildu fremur  
velja fólk en flokka í kosningum.*

*Í opnu prófkjöri Framsóknarflokksins  
mega allir Reykvíkingar kjósa og þar  
gefst þér kostur á að velja nýja  
forystu. Ég býð mig fram með  
bjartsýni og jákvæðni að leiðarljósi.*

*Ég bið um þinn stuðning.*

*Hann skiptir miklu máli.*



Kosningaskrifstofa  
Suðurlandsbraut 24  
sími 599 3900

[www.bjorningi.is](http://www.bjorningi.is)



Microsoft  
**Windows Server 2003**

Við opnum leið að  
**starfsframa**  
í upplýsingatækni

Öflugt nám með nýjum áherslum

**MCAD** **MCSA**  
**CCNA**  
**MCSE** **MCDST**

**Microsoft**  
GOLD CERTIFIED  
Partner

Learning Solutions  
Networking Infrastructure Solutions



www.isoft.is isoft@isoft.is sími 511 3080

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 6.383,89 +2,69% Fjöldi viðskipta: 1.032  
Velta: 12.068 milljónir

### MESTA HÆKKUN

KB banki +5,85%  
Landsbankinn, 80%  
FL Group +1,79%

### MESTA LÆKKUN

Össur -2,70%  
Marel -0,57%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVISITÖLU: Actavis 55,60 +1,09% ... Atorka 6,30 0,00% ... Bakkavör 55,10 +0,92% ... Dagsbrún 5,72 +0,35% ... FL Group 22,70 +1,79% ... Flaga 4,07 0,00% ... Íslandsbanki 20,20 1,51% ... KB banki 908,00 +5,58% ... Kögun 64,00 +1,75% ... Landsbankinn 28,30 +1,80% ... Marel 70,10 -0,57% ... Mosaic Fashions 18,10 0,00% ... Síf 4,04 +0,5% ... Straumur-Burðarás 19,00 +0,53% ... Össur 108,00 -2,7%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Hagnaður Lí tvöfaldast

Hagnaðist um 25 milljarða króna. Uppgjör í samræmi við spár. Mjög góð arðsemi að undanskildum gengishagnaði. Eignir bankans tvöfaldast.

Landsbankinn skilaði methagnaði upp á 25 milljarða króna á síðasta ári samanborið við 12,7 milljarða árið 2005. Hagnaður fjórða ársfjórðungs nam 8,8 milljörðum króna sem er 820 prósentu hagnaðaraukning á milli ára. Arðsemi eigin fjár var um 46 prósent á síðasta ári.

Afkoma Landsbankans er alveg í samræmi við spár greiningardeilda.



KAMPAKÁTUR BANKASTJÓRI Sigurjón Arnason greinir frá afkomu Landsbankans á kynningarfundi en hagnaðurinn árið 2005 var 25 milljarðar króna. Afkoma á fjórða ársfjórðungi var jákvæð um 8,8 milljarða króna sem var í takt við væntingar markaðarins.

Feikilegur vöxtur einkenndi Landsbankann á síðasta ári bæði innan- sem utanlands. Bankinn keypti nokkur alþjóðleg verðbréfa-fyrirtæki auk Teather & Greenwood sem styrkti stöðu hans verulega í London. Allt þetta skilaði sér í hækkun á verðmæti bankans og virði hlutabréfa en gengi bankans hækkaði um 109 prósent á nýliðnu ári. Markaðsvirði Landsbankans er komið yfir 300 milljarða króna. „Við erum búnir að leggja grunn að árinu 2006 með þessum kaupum sem komu að hluta til inn í reksturinn á síðustu mánuðum ársins. Maður er því eiginlega kominn með hugann við næsta ár,“ segir Sigurjón Arnason bankastjóri.

Hann er afar sáttur hvernig til tókst á síðasta ári og ánægður að sjá hvað vel tókst að stækka bank-

### AFKOMA LANDSBANKANS Á 4. ÁRSFJÓRÐUNGI OG ALLT ÁRIÐ 2005

	4. ársfjórðungur 2005	Allt árið 2005
Hagnaður	8.809	25.017
Spá Íslandsbanka	8.501	24.707
Spá KB banka	9.694	25.700
Meðaltalsspá	9.098	25.204

ann en heildareignir nær tvöfölduðust, fóru úr 737 milljörðum í 1.405 og eigið fé úr 37,7 milljörðum í 110 milljarða. Sigurjón bendir á að eignir bankans hafi verið 278 milljarðar þegar ríkið seldi eignarhlut sinn.

Gengishagnaður var áberandi í uppgjöri Landsbankans, eins og annarra fjármálastofnana, vegna góðs árferðis á hlutabréfamörkuðum. Ef sá liður er tekinn í burtu var hagnaður bankans 16,2 milljarðar króna og arðsemi fyrir skatta um 30 prósent sem er vel yfir 15-17 prósentu langtímamarkmiði. „Undirliggjandi afkoma er mikið sem við horfum til,“ segir Sigurjón.

Hreinar vaxtatekjur bankans voru tæpur 23 milljarðar á árinu, þar af 7,3 milljarðar á fjórða ársfjórðungi, sem er 56 prósentu aukning á milli ára. Hreinar rekstrartekjur voru um 61 milljarðar á árinu sem var um 27 milljarða aukning á milli ára. Rekstrargjöld ársins voru tæpur 21 milljarðar króna og aukast úr 14,4 milljörðum.

Í uppgjörinu er þriggja milljarða viðskiptavild vegna samruna við Burðarás gjaldfærð og að teknu tilliti til hennar er hagnaður fyrir skatta um 34 milljarðar króna.

eggert@frettabladid.is

## NISSAN PATHFINDER



SKIPT\_ um landslag



2006

## HÖFUM ALLT ÁRIÐ SKEMMTILEGT!

Fullbúinn 7 manna jeppi með cruise control, spólvörn, skriðvörn, regnskynjara og miklu meira. Frábær aukahlutapakki fylgir í janúar!

Tegund	Tilbúinn á götuna:
Pathfinder <b>XE</b> beinskiptur	3.590.000,-
Pathfinder <b>SE</b> beinskiptur	3.950.000,-
Pathfinder <b>SE</b> sjálfskiptur	4.290.000,-
Pathfinder <b>LE</b> sjálfskiptur	4.790.000,-
Pathfinder <b>LE IT</b>	4.990.000,-

### Nýrstíllboð – 250.000,- kaupauki

32" dekk, stigbretti og dráttarbeisli, að verðmæti 250.000 krónur.



Veidkort 2006 og árs aðild að 4x4 klúbbum í kaupbæti!

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

## Hlaða byssurnar fyrir næstu verkefni

Avion Group ætlar að fara í tíu milljarða skuldabréfaútböð í janúar og febrúar í kjölfar tíu milljarða hlutabréfasölu sem fór fram í desember. Lánin verða til fimm ára og fer greiðsla fram í lok lánstímans. Mikill áhugi er hjá erlendum aðilum fyrir ýmiss konar samstarfi við félagið að sögn Steingríms Péturssonar, fjármálastjóra Avion Group. Hann segir að menn þar á bæ séu nú klárir til frekari vaxtar.

Félagið hagnaðist um 42,7 milljónir dala á síðasta rekstrarári sem samsvarar 2,6 milljörðum króna. Afkoman er nokkuð í samræmi við áætlanir stjórnenda en allur samanburður á milli tímabila er óraunhæfur þar sem fyrirtækið gjörbreyttist á síðasta

ári með kaupum á stórfyrirtækjum. Stærstur hluti rekstrarhagnaðar kemur frá starfsemi tengdri leiguflugi og ferðabjónustu og er breska leiguflugfélagið Excel Airways þar mest áberandi. Hagnaður Eimskips var 935 milljónir króna á fyrstu tíu mánuðum síðasta árs sem er 35 prósentu hagnaðaraukning á milli ára.

Stefnt er að afkomubata á öllum sviðum á þessu ári en þar sem hagnaður myndast á seinni hluta árs er reiknað með tapi á fyrstu tveimur ársfjórðungum rekstrarársins sem hófst í byrjun nóvember. Eiginfjárstaða félagsins er sterk um þessar mundir, 40 prósent. Andvirði nýs hlutfjár var nýtt til greiðslu skammtíma-skulda.

- epa



**Frá 6.073 kr. aðra leið, London hefur aldrei verið nær**  
Kynntu þér málið núna, á [ba.com](http://ba.com)



Skráðu þitt tölvupóstfang á [ba.com](http://ba.com) fyrir 31. mars 2006 til að njóta þessa afsláttarfargjalds. Gildir fyrir flug frá Reykjavík til London. Ljúka þarf ferð fyrir 31. ágúst 2006. Skattar og flugvallargjöld innifalin. Athugið skilmála og skilyrði, nánar á [ba.com](http://ba.com)

**SJÓNARMÍÐ**  
**BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON**

Nefndir, stjórnir, ráð og starfshópar á vegum hins opinbera skipta hundruðum.

## Málið sett í nefnd

Það er fróðlegt og allt að því skemmtilegt að skoða upplýsingar um allar þær nefndir sem starfa á vegum eða í tengslum við ráðuneyti íslenska stjórnarráðsins. Listinn er langur og þegar allt er talið kemur í ljós að nefndir, stjórnir, ráð og starfshópar sem getið er á heimasíðum ráðuneytanna eru alls 721.

Nefndirnar eru af ýmsu tagi og hlutverk þeirra eru mörg og misjöfn. Sumar starfa samkvæmt lögum frá Alþingi en aðrar hafa ráðherrar sett á fót til að sinna tilteknu verkefni. Sumum er gert að starfa í tiltekinn tíma en aðrar hafa verið til um langt skeið og verða sjálfsagt áfram.

Nöfn sumra nefndanna eru vel gegnsæ og augljóst hver verkefni eru. „Starfshópur um verðlagningu og aðgengi opinberra upplýsinga“, sem starfar á vegum forsætisráðuneytisins, er dæmi um slíkt, í það minnsta er auðvelt að draga þá ályktun að verksviðið sé einfaldlega að fjalla um verðlagningu og aðgengi opinberra upplýsinga. Erfiðara er hins vegar að ráða í hlutverk „vinnuhóps vegna fulltrúa þeirra sem koma að framkvæmd þjónustunnar og málefnum starfsmanna“, en sá ágæti vinnuhópur heyrir undir félagsmálaráðherra. Reyndar er tekið fram á síðu félagsmálaráðuneytisins að vinnuhópurinn sé skipaður í tengslum við stefnumótun ráðuneytisins í málefnum fatlaðra. En er einhver nokkru nær um hlutverkið? Í félagsmálaráðuneytinu starfar einnig „starfshópur um mörk sveitarfélaga til hafsins“.

Aðkallandi mál er í nefnd í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu en þar er að störfum „nefnd um bættar svæðisbundnar tölfræðiupplýsingar“. Önnur og ekki síður aðkallandi er „nefnd um uppfinningar starfsmanna“.

„Nefnd sem fylgjast skal með því að ekki verði misræmi í kennslu og kennsluáðstöðu við framkvæmd námskeiða fyrir vélgæslumenn“ starfar á vegum menntamálaráðuneytisins og „kartöfluútsæðisnefnd“ er undir hatti landbúnaðarráðuneytisins. Hlutverk hennar er: 1. Að beita sér fyrir því að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu innlendu útsæði af þeim afbrigðum sem hér henta best til ræktunar. Skal nefndin stuðla að því að heimild fái til útsæðisframléiðslu á eftirsóttum afbrigðum, þegar slík framléiðsla er háð samkomulagi við handhafa kynbótaréttar. 2. Að ákveða hvaða afbrigði skulu tekin með í stofnræktun og einnig að ákveða hvaða framléiðendur skulu teljast stofnræktendur og gera við þá ræktunarsamninga samkvæmt ákvæðum 16. gr. reglugerðar nr. 66/1987. 3. Að fylgjast með framkvæmd framangreindrar reglugerðar.

Og áfram skal haldið. „Samráðsnefnd um undirboðs- og jöfnunartolla“, „nefnd um gæðamat á dúni“, „nefnd um eflingu ferðabjónustu í Vestmannaeyjum“, „samráðsnefnd um neysluvatn“ og „nefnd sem fylgist með vistunarmati aldraðra á landsvísu“ eru dæmi um nefndir sem ráðuneytin hafa á sínum snærum.

Og ein skal nefnd til viðbótar, tengslanefnd heitir hún og starfar á vegum utanríkisráðuneytisins. Hlutverk hennar er að auka tengsl varnarlíðsmanna við íslenskt þjóðlíf og menningu.

Ríkisvaldið hefur löngum haft það orð á sér að vilji það svæfa mál þá sé það sett í nefnd. Sé eitthvað hæft í þeim orðum hefur tekist býsna vel til. ■

Marsibil í 2. sætið  
**Fyrir mannlegri borg**

Munið að kjósa í laugardalshöllinni í dag frá 10 - 18

Reykjavík er ekki fjölmenn borg á heimsmælikvarða. Það er vel raunhæft að tryggja öllum íbúum hennar mannsemami lífsskilyrði. Það á að vera forgangs- og metnaðarmál í mannlegri borg þar sem hver einstaklingur skiptir máli.



[marsibil.is](#) / málefni / greinar / dagbók / myndir

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Einangraður

Jón Baldvin Hannibalsson virðist ekki sáttur við lífið og tilveruna eftir að þau Bryndís fluttu heim eftir notalegt líf í diplómatíunni utanlands undanfarin ár. Eins og margir vita hafa þau hjón komið sér fyrir í endurbýgðu sumarhúsi í Mosfellssveit. Eftir Bryndísi er haft í skemmtilegu og opinskáu viðtali við Kolbrúnu Bergþórsdóttur í *Bláinu* í vikunni: „[Jón Baldvin] heldur því fram að við séum einangruð í afdal og búum í hundakofa, hann geti engan talað við og verði að flytja til borgarinnar. Í fyrsta sinn í okkar sambúð hef ég hugleitt það að skilja



bara við manninn.“ Við treystum því að einhverjir góðir menn rjúfi einangrun Jóns Baldvins og bjargi þannig einhverju frægasta hjónabandi á Íslandi.

#### Það er síminn

Ýmsir urðu hissa þegar fréttist að Dagsbrún, móðurfélag 365 miðla og símafélagsins OgVodafone, hefði keypt öryggisfyrirtækið Securitas. Hinir tortryggustu spurðu: eru Baugsmenn að koma sér upp einkaher eða lífvarðasveitum? Án þess að það skuli útilokað (!) blasir þó einfaldari skýring við. Þjónusta Securitas og annarra svipaðra fyrirtækja byggir að miklu leyti á þróaðri símtækni. Viðskiptavinir skipta þúsundum. Aldraðir og sjúkir eru með öryggishnappa, hægt er að tengja reyskynjara, vatnsskynjara og innbrotanema við símtæki, svo nokkuð sé nefnt.

Þetta höfðar til símafyrirtækis eins og OgVodafone sem náði að klára samning við eigendur Securitas á undan keppinaut sínum, Símanum.

#### 10% í Dagsbrún

Það var tryggingsfélagið Sjóvá sem var aðaleigandi Securitas. Aðaleigandi þess er félagið Milestone sem Karl Wernersson á. Hann hefur orðið æ meira áberandi í viðskiptalífinu á undanförnum árum. Karl lék stórt hlutverk í fléttunni sem leiddi til þess að Baugur er smám saman að verða lykilkþátttakandi í Íslandsbanka. Greiðslur fyrir Securitas felst í hlutabréfum í Dagsbrún. Þar átti Karl fyrir tæp þrjú prósent en á nú um tíu prósent. Hann er því orðinn einn af hinum stóru á bak við fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtækið Dagsbrún.

gm@frettabladid.is

## Hin nýju vísindi stjórnunar

Eitt sinn snerist sönn menntun fyrst og fremst um guðrækni. Síðan urðu til háskólar og hugmyndin um breiða, almenna menntun festi rætur. Á 18. öld hófu heimspekingar að breyta heiminum með skynseminum að vopni. Nú á 21. öldinni erum við komin í hring og sönn menntun snýst aðeins um eitt. Hin nýju vísindi aldarinnar snúast um stjórnun.

Stjórnun er óskilgetið afkvæmi skynsemishyggju upplýsingarinnar. Stjórnendur eiga að beita óskeikulli rökvisi við að taka réttar ákvarðanir. Ákvarðanir sem eru réttar frá öllum sjónarhornum og óháð því hver á hlut. Hér er þó á sá annmarki að slíkar ákvarðanir eru ekki til. Um það snýst pólitíkin, átök hagsmuna og hugmynda þar sem hver reynir að hafa sitt fram. Sú barátta getur verið óvæginn en hún er þó yfirleitt frekar heidarleg.

Vísindi stjórnunar felast í því að afneita tilvist átaka og ólíkra hagsmuna. Stjórnandinn á að komast að „rétttri“ niðurstöðu án þess að velta vöngum yfir því fyrir hvern niðurstöðan sé rétt. Stjórnun felst í því að finna lausnir, ekki vangaveltum um eðli tilverunnar. Gallinn er bara sá að mannsandinn þroskast ekki án slíkra hugmynda. Lausnin þarf ekki að vera mikilvægari en ferlið sem leiðir til hennar. Þessi fyrirvari er ókunnur í hugmyndafræði stjórnunar. Þar er lausnin svo mikilvæg að óhika má endurskilgreina markmiðin sem henni var ætlað að leysa, reynist hún ekki falla að þeim.

Núna eru öll embættiskerfi undir lögð hugmyndafræði stjórnunar. Embættismenn beita henni til þess að skipuleggja mikilvæga þætti í lífi fólksins sem borgar þeim laun. Þeir hanna heilbrigðiskerfi, menntakerfi og borgarskipulag fyrir annað fólk sem er ekki spurt en fær að tjá sig

#### Í DAG VÍSINDI



SVERRIR JAKOBSSON

Vísindi stjórnunar felast í því að afneita tilvist átaka og ólíkra hagsmuna.

í „grendarkynningu“ eða kærur til einhvers skipulagsapparats. Sums staðar líta embættismenn á það sem sitt helsta verkefni að njósna um fólkíð sem þeir eru í vinnu hjá. Það eru þeir sem sjá um „öryggismál“.

En stjórnunaráráttan er ekki bundin við kerfiskarla. Nútímalegir stjórnámalmenn eru fyrir löngu orðnir samdauna þeim, komnir í „lausnamiðaðan“ farveg og hættir að hafa skoðanir eða sýn á samfélagið. Nútímalegir stjórnámalmenn birtast ekki almenningi nema sem alvirkir tækniratar sem sinna stjórnun. Allar athugasemdir við störf þeirra eru á misskilningi byggðar eða settar fram af annarlegum hvötum, einhverri pólitík sem þeir eru að sjálf-sögðu ekki að stunda sjálfir.

Annars væri ekki einu sinni hægt að skilja þirring iðnaðarráðherra út í fólk sem tekur þátt í lýðræðislegri umræðu í stað þess að gleypa við lausninni sem hún boðar við vanda sem aldrei hefur verið tekinn til umræðu. Álver er alltaf svarið, óháð því hvort við munum eftir spurningunni. Einsýni þessa tiltekna ráðherra er auðvitað ekki nema afbrigði af hugsun sem er allsráðandi meðal stjórnunarspekinga nútímans. Hagvöxtur er ekki lengur mælikvarði á

tiltekna þróun efnahagslífsins heldur allsherjarlausn við öllum óskilgreindum vanda. Þá skiptir ekki máli hvort sem hann er fenginn með gegndarlausri rányrkju, aukinni launavinnu kvenna eða einhverju sem kalla má raunverulega verðmætasköpun.

Hvernig væri heldur annars hægt að skilja þrjáhyggju menntamálaráðherra sem vill gengisfella stúdentsþrófið án þess að stúdentar, framhaldsskólakennarar eða nokkur sem málið varðar hafi beðið um það og enginn sýnilegur ávinningur fáiast af minni skólalögum. Þess konar vitleysa væri ekki möguleg nema í umhverfi sem leggur ofuráherslu á stjórnun, að taka ákvarðanir og lausnir án þess að vandinn hafi nokkurn tíma verið skilgreindur. Ef ráðherra hefði einsett sér að bæta menntakerfið hefði lausnin varla verið sú að gera menntun fólks bæði rýrari og einhæfari. Í anda stjórnun-arvísinda er hins vegar tekin ákvörðun og markmiðin síðan skilgreind til þess að falla að henni.

Og þá komum við aftur að menntuninni. Á öld þar sem stjórnun er orðin æðst vísinda hefur breið og almenn menntun engan tilgang. Hún stuðlar að upplýsingum, gagnrýninni hugsun og efahyggju. Allt slíkt þvælist bara fyrir hinum nýju vísindum aldarinnar.

Á 21. öldinni eru ekki aðeins „ismarnir“ dauðir. Það er ekki nóg að við þurfum að horfa upp á „endalok sögunnar“. Sjálf vísindabyltingin er deyjandi, upplýsingin er að líða undir lok. Hún er fórnarlamb eigin rök- og skynsemishyggju sem hefur afskræmst í hinum nýjum stjórnun-arvísindum, „lausnamiðaðri“ rökhyggju sem býður ekki upp á fleiri svör en eitt og leyfir engar spurningar sem ekki fela í sér rétta svar- ið. ■

### MEST LESNU GREINARNAR Á VÍSI

- Rændi eftirlíkingu af skauti konu** Ungur maður braust inn í verslun með hjálparkæmi ástarlífsins og hafði á brott með sér eftirlíkingu af skauti konu. Sennilega telst þetta ástríðuglæpur.
- Hluthafar kolféllu í reikningi** Hlutabréf í lággjaldflugfélaginu FlyMe hrundu um 67 prósent þegar réttur til að taka þátt í hlutfjárútboði rann út. Í raun og veru tvöfölduðust bréfin hins vegar í verði þar sem gengið hefði átt að hrapa.
- Klámteólveira herjar á tölvuheiminn** Klámteogd tölvuveira, Kamasútra að nafni, ræðst nú á tölvukerfi um allan heim.
- Björn segir verið að reyna að koma höggi á sig** Björn Ingi Hrafnsson taldi enga tilviljun að sögusagnir af því að stuðningsmenn hans hafi veitt unglíngum áfengi hafi verið blásnar upp. Hann sakaði stuðningsmenn annars framþjóðanda um að reyna að koma höggi á sig.
- Kate Moss baktalar Siennu opinskátt** Heimurinn stóð á öndinni yfir fréttum þess efnis að ofurfyrirsætan Kate Moss hafi verið gripin glóðvolg við að baktala leikkonuna Siennu Miller.
- Chris Penn fannst látinn** Leikarinn Chris Penn fannst látinn við fjölbýlishús í Santa Monica í Kaliforníu í vikunni.
- Anna Guðmundsdóttir**, íbúi í Mjóafirði, er hin fjörugasta þrátt fyrir háan aldur en vandar pólitíkum landsins ekki kveðjurnar.
- Kristinn kommi og María mey** Fulltrúi í miðstjórn Framsóknarflokksins vill að Kristinn H. Gunnarsson segi af sér. Hann kallaði Kristin komma, en líkti honum líka við Maríu mey.
- Hjúkrurnarkona dæmd fyrir að rífa neglur af sjúklingum** Japönsk hjúkrurnarkona var dæmd í fangelsi fyrir að rífa neglur af fingrum og tám sjúklinga í sinni umsjá.
- Flugdólgur reyndi að opna hurð á fljúgandi ferð** Kona olli nokkurri hræðslu meðal farþega um borð í SAS flugvél þegar hún reyndi að opna hurð í 10 kílómetra hæð.

Þessir greinar voru mest lesnar á visir.is vikuna 14. til 20. janúar


### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson ABSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthahlið 24, 105 Reykjavík. **ADALSÍMI:** 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: [ritstjorn@frettabladid.is](mailto:ritstjorn@frettabladid.is) og [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) VEFANG: [visir.is](http://visir.is) UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. [dreifing@posthusid.is](mailto:dreifing@posthusid.is) Fréttablaðið er heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allri efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MJÓLKURVÖRUR  
Í SÉRFLOKKI



*Þú færð kraft úr Kókómjólk!*



# KIA SÝNING



Verið velkomin á stórsýningu KIA við Laugaveg og hjá umboðsmönnum um land allt. Við kynnum m.a. nýjar, öflugar og hagkvæmar dísilvélar í sportjeppanum Sportage og hinum frábæra KIA Rio. Glæsilegur HM pakki fylgir öllum Sorento á meðan birgðir endast. Komdu og upplifðu af eigin raun hvers vegna KIA er í hvað mestum vexti bílaframleiðanda í heiminum í dag.

## HM-leikur KIA

Taktu þátt í HM leik KIA og þú átt möguleika á frábærri ferð fyrir tvo á úrslitaleik HM í sumar. Allir sem kaupa KIA bíl hjá KIA umboðinu til 15. júní eiga möguleika á þessari frábæru ferð.



© 2004 FIFA TM



## KIA Sportage

Frumnýnum KIA Sportage með nýrri og byltingarkenndri 2ja lítra dísilvél sem skilar 140 hestöflum. Vélin er einstaklega umhverfisvæn, hljóðlát og eyðslugrönn.

Og verðið er frábært  
aðeins 2.490.000 kr.

### KIA Picanto



1,0 • 5 dyra • 5 gíra • verð 1.088.000 kr.

**KIA Picanto**, lipur, fallegur og nútímalegur smábíll. Rúmgóður og ríkulega útbúinn. Það sakar ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu.

### KIA Cerato



2,0 • 4 dyra • 5 gíra • verð 1.648.000 kr.

**KIA Cerato**, rúmgóður og kraftmikill, 2,0 lítra, 144 hestöfl. Ríkulegur staðalbúnaður, öryggisloftþúðar, aksturstölvu, álfelgur o.fl.

### KIA Rio



1,6 • 5 dyra • 5 gíra • verð 1.498.000 kr.

**KIA Rio**, glæsilegur fólksbíll úr smíðju KIA. Rio er búinn aksturstölvu, átta öryggisloftþúðum, ABS hemlalæsivörn, álfelgum og öflugri en sparneytinni 1,6 lítra, 112 hestafla CVVT bensínvél.



# Bílasýning um helgina – Laugavegi 172

Opið laugardag kl. 10–16 og sunnudag kl. 12–16

KIA sýning hjá eftirtöldum umboðsmönnum, opið laugardag og sunnudag frá kl. 12–16

- Söluumboð HEKLU á Selfossi
- Söluumboð HEKLU í Reykjanesbæ
- Söluumboð HEKLU á Reyðarfirði
- Söluumboð HEKLU á Ísafirði
- Höldur – Akureyri



HVITA HUSID/ISA - 5301

## KIA Sorento

**KIA Sorento** er frábær jeppi, byggður á grind með aflmikilli 2,5 lítra, 140 hestafla turbo dísilvél, háu og lágu drifi og 5 þrepa sjálfskiptingu. Auk þess ríkulega búinn með ABS hemlakerfi, tvískiptum afturhlera, álfelgum, þakboga og mörgu fleiru. Þetta er jeppi sem þú verður að prófa.

### HM-Pakki

Öllum Sorento fylgir aukahlutapakki að upphæð 200.000 kr.

Vetrardekk á 16" álfelgum, sumardekkinn á álfelgum klár í skottinu.

Gildir meðan birgðir endast.

Enn betra verð **2.985.000 kr.**  
fyrir fullbúinn alvörujeppa

*KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi. 3 ára ábyrgð.*



**KIA MOTORS**

# DV Helgarblað



Júlía Lýsti dauðastríði sínu áður en krabbameinið tók hana á miðvikudaginn



Hefur þú séð DV í dag?

MAÐUR VIKUNNAR

## Listamaður af lífi og sál

EMILÍANA TORRINI  
TÓNLISTARMAÐUR

Emiliana Torrini vann til þrenna verðlauna á háttíó Íslensku tónlistarverðlaunanna sem afhent voru í Þjóðleikhúsinu í vikunni. Hún var valin besta söngkonan, plata hennar Fisher-man's woman var valin besta platan og myndbandið við lagið Sunny road var valið það besta í sínum flokki.

Prátt fyrir að vera innan við þrítugt hefur Emiliana verið í „bransanum“ í meira en áratug. Hinn 16. maí 1977 fæddist Emiliana þeim Önnu Stellu Snorradóttur og Salvatore Torrini. Hún sleit barnskónum í vesturbænum í Kópavogi, gekk í Kársnesskóla, Þingholtsskóla og Menntaskólann í Kópavogi. Hún byrjaði snemma að tala og syngja og var í kór Kársnesskóla frá sjö ára aldri fram á fermingaraldur. Fjórtán ára gömul komst hún í Söngskólann í Reykjavík á undanþágu vegna aldurs og má segja að þá hafi ekki verið aftur snúið. Hún vakti athygli fyrir frammistöðu sína í Söngvakeppni framhaldsskólanna þegar hún keppti fyrir MK og henni bárust tilboð um að syngja í ýmsum hljómsveitum. Hún gekk að lokum til liðs við poppsveitina Spoon sem gat sér nokkurra vinsælda, ekki síst fyrir tilstilli Emilíönu.

Þegar hún skildi við hljómsveitina tók við farsælt samstarf við Jón Ólafsson píanóleikara sem leiddi af sér tvær plötur sem voru gefnar út undir hennar nafni. Enginn velkist í vafa um sönghæfileika hennar, en Emiliana hafði líka metnað sem lagahöfundur og flutti til Bretlands skömmu fyrir

aldamót til að fylgja tónlistarferli sínum frekar eftir. Hún gaf út plötuna Love in the time of science árið 2000 og sýndi þar að hún er ekki síður hæfileikaríkur lagasmiður en söngkona. Hróður hennar á því sviði hefur vaxið mjög undanfarið ár og frægir tónlistarmenn hafa leitað á náðir hennar eftir lögum. Í fyrra gaf hún út plötuna Fisher-man's woman sem sýndi í eitt skipti fyrir öll að hún er orðinn fullbrokka listamaður.

Emiliana þykir þægileg í umgengni; hún er hreinskilin og fólk veit hvar það hefur hana. Vinir hennar lýsa henni sem lífsglaðri og örlátri manneskju og miklum húmorista, en út á við getur hún

oft virkað hlé-dræg og jafnvel feimin. Þeir sem til hennar þekkja segja að hún sé með eindæmum uppátækjasóm og hafi sífellt fengið hugmyndir að einhverju nýju til að gera, sem sjaldan rötudu þó í framkvæmd. Sumum gæti jafnvel virst hún vera sveimhugi sem mun þó vera fjarri sanni, því hún hefur að sögn báða fætur á jörðinni og horfir til framtíðar. Vegur hennar hefur aukist mjög á undanförunum árum en Emiliana hefur ávallt haldið sér til hlés og tranar sér ekki fram í fjölmiðlum. Vill hafa sitt í friði og ber tilfinningar sínar ekki á torg.

Kunnugir segja að Emiliana sé mikill fagurkeri hafi unun af öllu sem fallett er, hvort sem það eru föt, innanstokksmunir, hús og svo framvegis. Hún er líka mikill matgæðingur og segja vinir hennar að fátt sé skemmtilegra en að fara á veitingahús með Emilíönu, sem er óþreytandi að kynna sér framandi matargerð og nýja strauða.

Emiliana er listamaður af lífi og sál; hún er sögð ósérhlífín og gera miklar kröfur til sjálftrar sín. Hún er jafnvel sögð með snert af fullkonnunaráráttu og er sinn harðasti gagnrýnandi, sem getur jafnvel þvælst fyrir henni á stundum. Hún er aftur á móti sögð afar auðmjúk og finnst starf sitt ekki merkilegra en annarra.



## Hverra fulltrúi eruð þér?

UMRÆÐAN  
PRÓFKJÖR SAM-  
FYLKINGARINNAR

ARNÞÓR SIGURÐSSON

*Einstaklingur sem býður sig fram til starfa á vettvangi sveitarstjórnarmála má ekki vera háður einum eða neinum. Allra síst fyrirtækjum eða fjármagni.*

mikinn fórnarkostnað fyrir prófkjör af þessu tagi. Sjálfsagt er ekki hægt að amast út í þennan kostnað ef fólk leggur út fyrir þessu úr eigin vasa. Mönnum er jú frjálst að rádstafa sínum peningum í það sem það vill, þó getur ekki verið mikil skynsemi að baki í þessu tilfalli. Eina raunhæfa skýringin á þessu auglýsingaflóði er að frambjóðendur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins hafi verið styrktir verulega af fyrirtækjum í bænum.

Það ætti að vera opinbert öllum bæjarbúum ef einstaklingar, sem bjóða sig fram í almannabágu eru styrktir af fyrirtækjum. Það hlýtur að vera sjálfsögð krafa að almenningur viti um fjárhagsleg-

ar styrkveitingar frá fyrirtækjum til frambjóðenda. Það er ekki edlilegt að menn eða konur komist til áhrifa á fjármagninu einu saman. Það er lýðræðinu mjög hættulegt og það getur markað mikilvægar ákvarðanir í þeim tilfellum þar sem hagur fólksins og fyrirtækjanna fer ekki saman.

Einstaklingur sem býður sig fram til starfa á vettvangi sveitastjórnarmála má ekki vera háður einum eða neinum. Allra síst fyrirtækjum eða fjármagni. Bæjarfélag er ekki hlutafélag fyrirtækjanna, fyrirtækin eiga ekki að eiga fulltrúa í sveitarstjórn. Því miður lítur málið þannig út á meðan frambjóðendur geta þegið ótakmarkað fjármagn frá fyrirtækjum.

Stóra spurningin í mínum huga er þessi. Hversu marga bæjarfulltrúa í bæjarstjórn Kópavogs eiga fyrirtækin í Kópavogi eftir kosningarnar í vor?

Höfundur sækist eftir 1.-6. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Kópavogi.



SKRÁÐU ÞIG Í VÖXT

# Þú getur sparað tugi þúsunda á ári

Þeir sem eru í Vexti fá afslátt af bankþjónustu, tryggingum og bílalanum og geta þar með sparað tugi þúsunda á ári. Auk þess ganga þeir að öllum upplýsingum um fjármál á einum stað. Kynntu þér Vöxt hjá KB banka og VÍS.

FJÁRMÁL OG TRYGGINGAR



KB BANKI

[www.voxtur.is](http://www.voxtur.is)

Skráðu þig á  
[voxtur.is](http://voxtur.is)

VÖ XT UR

- þú færð meira

## Staðan í stúdentaráði

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur í ár starfað undir nýju fyrirkomulagi, sem segja má að hafi verið afleiðing af niðurstöðum kosninganna sl. febrúar. Í kosningunum gerðist það í fyrsta sinn í langan tíma að engin þeirra fylkinga sem buðu fram til ráðsins hlaut meirihluta og Háskólistinn komst í oddastöðu með því að ná inn einum manni í ráðið.

Þessi nýja staða bauð á ýmislegt. Þar á meðal sáu menn fyrir sér möguleika á auknu samstarfi milli fylkinganna og þar af leiðandi meiri virkni og jákvæðari anda yfir ráðinu í heild en tíðkast hefur. Að öllu jöfnu hefði þetta átt að skila sér í kraftmeira Stúdentaráði. Óhætt er að segja að þessar væntingar hafi fljótlega orðið að engu. Eftir að víðræður milli fylkinganna, sem Háskólistinn

leiddi höfðu staðið yfir í um einn og hálfan mánuð varð að ná niðurstöðu til þess að halda ráðinu starfhæfu. Niðurstaðan varð sú að fulltrúi Háskólistans var kjörinn formaður ráðsins með tveimur atkvæðum, á meðan átján stúdentaráðsliðar sátu hjá.

Ákveðin stefnubreyting hefur orðið á hlutverki formanns Stúdentaráðs í ár. Hinn nýi formaður virðist ekki líta svo á að hlutvert sitt sé að taka frumkvæði og beita sér í einstökum hagsmunamálum stúdenta, heldur fyrst og fremst að vera sáttasemjari og eins konar friðarhöfðingi ráðsins. Þessi stefnubreyting hefur leitt til þess að hagsmunabaráttan hefur setið á hakanum og málafni stúdenta verið lítt áberandi í umræðunni á árinu, þrátt fyrir að jarðvegurinn fyrir slíka umræðu

UMRÆÐAN  
STUDENTARÁÐ  
HÁSKÓLA ÍS-  
LANDS.



ÁRNI HELGASON OG INGA HREFNA SVEINBJARNARDÓTTIR

*Hinn nýi formaður virðist ekki líta svo á að hlutvert sitt sé að taka frumkvæði og beita sér í einstökum hagsmunamálum stúdenta, heldur fyrst og fremst að vera sáttasemjari og eins konar friðarhöfðingi ráðsins.*

hafi verið góður. Hver úttektin á færur annarri hefur til dæmis sýnt að Háskóli Íslands stendur sig afar vel þrátt fyrir að hafa lítið fjármagn milli handanna.

Innan veggja skólans blasa við viðfangsefni sem stúdentar ættu að leita lausna á, s.s. gamaldags kennsluhættir og ófullnægjandi aðstaða stúdenta. Þrátt fyrir fjölmörg sóknarfæri fyrir stúdentar og málað þeirra hefur heimatilbúin tilvistarkreppa Stúdentaráðs valdið því að okkar rödd hefur ekki heyrst á þessum vettvangi.

Grundvallarforsendan fyrir því að Stúdentaráð er starfrækt er sú að ráðið sé virkt og forystan kröftug. Samstarf í orði er til lítills ef því fylgir ekki árangur. Þótt gott sé hafi verið unnið í mörgum nefndum stúdentaráðs í ár þá er ljóst að núverandi fyrirkomulag hefur ekki í það heila reynst hagsmunabaráttunni happadrjúgt. Þessu þarf að breyta.

Kostir þess að sem flestir Stúdentaráðsliðar séu virkir í starfinu eru ótvíræðir og augljósir. Núverandi fyrirkomulag hefur hins vegar einfaldlega ekki leitt til þess að fleiri Stúdentaráðslið-

ar séu virkir en áður. Það má gera miklu betur í starfi ráðsins, bæði hvað varðar að virkja ráðið sem heild sem og að ná árangri í málafnum stúdenta. Leiðin til þess er hins vegar ekki sú sem Háskólistinn hefur talað fyrir í ein þrjú ár en þó aldrei lagt fram tillögur um, þ.e. að taka upp einstaklingskosningakerfi í Stúdentaráð. Slíkt kerfi myndi ekki leysa þann vanda sem nú blasir yfir, það algera frumkvæðis- og aðgerðaleysi sem einkennt hefur ráðið. Lausnin er miklu frekar sú að ráðið komi sér saman um ákveðna stefnu til að vinna eftir og að forysta SHÍ láti verkin tala, fremur en að sitja með hendur í skauti sér og fagna ímynduðu samstarfi.

Vaka vill samstarf í Stúdentaráði. En samstarfið þarf að vera á grundvelli árangurs, en ekki einfaldlega samstarfsins vegna.

*Inga er formaður Vöku og Árni er oddviti Vöku í Stúdentaráði.*

## Aukum hljómgrunn VG

UMRÆÐAN  
FORVAL VINSTRI  
GRÆNNA



KRISTÍN SIGFÚSDÓTTIR

Nú gefa kost á sér í sex efstu sætin í forvali á lista VG á laugardaginn. Fólkið hefur fjölbreytta reynslu af atvinnulífi og félagsstarfi. Þar fer meðal hljómgrunn í stjórnum bæjarins. Þar er nauðsynlegt að halda á lofti umhverfisvernd, jafnréttis- og velferðarsjónarmiðum þegar fjallað er um atvinnu- og menntastefnu bæjarins. Stefnskrá VG sem lögð var fram fyrir

sveitastjórnarkosningarnar 2002 fékk yfirskriftina: „Akureyri - heilbriggt samfélag“. Þar er lögð áhersla á sambengi í umhverfisheilbrigðis og efnahagsmálum sem miðar að sjálfbærri þróun. Heilbrigðu mannlífi og atvinnulífi er ætlað að haldast í hendur við stjórnum, verndun og nýtingu á sameiginlegum auðlindum. Síðustu daga hefur komið í ljós að stefnskrá VG á landsvísi hlýtur æ meiri hljómgrunn, samanber Norðlingaölduveitumálið. Undirrituð situr í félagsmálráði og stjórn Norðurorku hf.

Hvað félagsmálaráð áhrærir þarf að finna fjölbreyttari úrræði í þjónustu við aldraða, sjúka og öryrkja. Þar er fyrst hugað að geðfötlum og aðstandendum þeirra. Þeim málaflokkum hef ég kynnt með starfi í stuðningshópi Lautarinnar sem er athvarf fyrir geðfatlaða. Mikið hefur þó áunnist í búsetumálum þeirra hér á Akureyri, en brýn

þörf er á að stækka geðdeildina við FSA. og koma á teymi við Heilsugæslustöðina sem sinnt getur forvörnum og eftirfylgni í bata sjúklinga sem útskrifaðir eru. Starfsemi Hugarafli þarf að styrkja og tengja við hugmyndir um heilbriggt samfélag fyrir alla. Skólamála og forvarnarbarátta í áfengis- og vímuevnum þarf að öflugra talsmanna sem af hugsjón og áráðni sinna þeim fyrir hönd bæjarins. Undirrituð hefur brennandi áhuga á þessum málaflokkum, ekki síst til að vinna gegn geðsjúkdómum síðar.

Hvað Norðurorku hf. varðar er hún gullkúr Akureyringa og þarf að tryggja að Akureyrar-kaupstaður eigi þar áfram meirihluta. Norðurorka var því miður gerð að hlutafélagi, en ekki sameignarfélagi árið 2002, eins og gert var við Orkuveitu Reykjavíkur. Þar með gæti Norðurorka verið sett á opinberan markað án þess að bæjarbúar fengju rönd við reist. Það skiptir því máli hvaða skilaboð sá flytur

sem fer með meirihlutaumboð á hluthafafundum í Norðurorku hf. Undirrituð var eini fulltrúinn í stjórn Norðurorku sem lagðist gegn hlutafélagsvæðingu fyrirtækisins.

Norðurorka skiptir máli með aðkomu að orku- og vatnsmiðlun bæði fyrir heimilin og atvinnustarfsemi. Má þar benda á orkufrékan og vatnsþurfaði iðnað, svo sem álynnuverksmiðju sem vonandi verður reist hér. Norðurorka getur gert margþætta atvinnustarfsemi mögulega á Akureyri í framtíðinni, sem er umhverfisvænni en álver og hefur víðtæk jákvæð margfeldisáhrif.

Ég sækist eftir 4 - 6 sæti og vonast til að einhverjir lesendur þessarar greinar geri sér ferð á laugardaginn í Hafnarstætið, gangi í VG, kjósi og taki svo þátt í endurritun stefnskrár fyrir vorið undir forystu Valgerðar H. Bjarnadóttur.

*Höfundur er framhaldsskólakennari og umhverfisfræðingur.*

BRÉF TIL BLAÐSINS

### Flott fylleri

Ærlegt fylleri er frábært stundargaman. Endar oft í algleymi! Að sama skapi ömurlegt þegar fer að renna af manni - hausverkur, magapína og minningar um eitthvað sem miður fór. Sumum tekst að fresta vandanum með því að fá sér meira - aftur og aftur - dögum, vikum og jafnvel árum saman. Veislan er fin meðan hún stendur og veisluföng eru nóg.

En sérhver veisla tekur enda, bara spurning hvenær. Íslensk þjóð er á mjög góðu fylleri - mikið keypt og framkvæmt. Margir með glampa í augum og gleði í taugum. Veisluföngin eru íslensk náttúra, erlent vinnuafli og influtt göss. Skuldir hlaðast upp eins og gengur í stórveislum. Flestir eru nógu ölváðir til að sjá ekki fyrir endann á þessari hátíð, en einhverjir eru þó með rænu og sjá fram á veislulok með tilheyrandi timburmönnum eftir 1-2 ár. Hvað er til ráða? Auðvitað að framlangja fyllerið um nokkur ár með nýjum veisluföngum. Fóma fleiri náttúruperlum og taka meiri lán. Höldum gleði hátt á loft. Skál, bræður og systur!

*Þorvaldur Örn Árnason líffræðingur.*

## Jafnrétti er lykilatriði

UMRÆÐAN  
JAFNRÉTTI



STEFÁN JÓHANN STEFÁNSSON

Jafnrétti og réttlæti eru lykilatriði í stefnu Samfylkingarinnar. Viðamesta jafnréttisverkefnið er enn sem fyrr að tryggja jafnan rétt og jafna stöðu kynjanna. En það þarf jafnframt að vinna að því í miklu meiri mæli en áður að bæta stöðu ýmissa hópa, svo sem fatlaðra, fólks af erlendum uppruna, samkynhneigðra og aldraðra.

Reykjavíkurborg má ekki mismuna neinum, heldur verður hún að vinna að jafnri stöðu allra án tillits til uppruna, kynferðis eða mismunandi uppleggs fólks að öðru leyti. Allir eiga að hafa sömu mannréttindi. Leggja þarf aukna áherslu á jafnréttismál kynjanna á öllum sviðum og í öllum stofnunum og fyrirtækjum borgarinnar. Eitt brýnasta verkefnið til að byrja með er að tryggja launajafnrétti í reynd. Fólk af erlendum uppruna hefur auðgað íslenskt samfélag, enda hafa fyrirtæki og stofnanir kallað eftir fólki til starfa erlendis frá. Það er þó ekki hægt að líta á þetta fólk eingöngu sem vinnuafli. Það þarf að efla íslenskukennslu fyrir þennan hóp. Gjöld fyrir málanámið mega ekki verða að hindrun í þessu efni. Koma þarf í veg fyrir að hópar af erlendu bergi einangrist og að spenna skapit á milli ýmissa hópa vegna skilningsleysis og samskiptaörugleika. Þess vegna þarf að auðvelda samskiptin og tungumálið er besta samskiptatækið.

Vinna þarf að því að bæta stöðu

samkynhneigðra í samfélaginu. Þar er eitt brýnasta verkefnið að draga úr fordómum og á því þarf að byrja strax í grunnskólum. Þetta er spurning um mannréttindi. Það þarf að vinna betur að því að tryggja fötlum jafnan rétt á við aðra í samfélaginu. Í sumum efnum þyrftu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að taka sig saman um að veita þjónustu við þennan hóp, t.d. er varðar ferðajafnrétti, sem er hvað þróuðust í Reykjavík. Það hlýtur hins vegar að vera sön þegar senda þarf nokkra sérútbúna bíla í stað eins bíls til nokkurra einstaklinga á sama stað sem nýta sér þjónustu innan borgarinnar, bara vegna þess að þessir einstaklingar eiga ekki lögheimili í sama sveitarfélaginu.

Yngstu og elstu aldurshóparnir þurfa eðlilega að jafnaði meiri þjónustu en aðrir. Öldrunarþjónusta er mjög aðþrengd á Íslandi í dag. Það á ekki hvað síst við um hjúkrunarheimili sem fá rekstrarframlag frá ríkinu sem í fæstum tilfellum dugur til að standa fyllilega undir þeirri þjónustu sem til er ætlast. Enn er hér skortur á hjúkrunarrýmum, en nú hefur verið gert samkomulag um byggingu hjúkrunarheimilis í austurbæ Reykjavíkur með 110 rýmum, auk þess sem stefnt er að smíði hjúkrunarheimilis í vesturbænum. En jafnframt hefur verið unnið markvisst að því að finna lausnir fyrir þann hóp aldraðra og sjúkra sem kys að búa heima.

Jafnréttisbaráttan hefur því á sér margar hliðar. Sem fyrr er eitt viðamesta verkefnið að jafna stöðu kynjanna, en jafnréttisbaráttan þarf einnig að ná til annarra hópa sem hér er fjallað um.

*Höfundur gefur kost á sér í 3. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík.*

verkefnis lýsing  
frumkvæði  
kostnaðaráætlun  
markaðssetning  
nýnæmis mat  
framkvæmdaáætlun  
árangurs mat

impra nýsköpunarmiðstöð  
löntæknistofnun

### Átak til atvinnusköpunar:

## Ert þú að vinna að góðri viðskiptahugmynd?

**Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti** lýsir eftir umsóknum um styrki Átaks til atvinnusköpunar.

**Átak til atvinnusköpunar** veitir styrki til smærri verkefna og verkefna sem eru á forstigi nýsköpunar.

### Umsóknir og fylgigögn

Allar umsóknir skulu færðar á þar til gerð umsóknareyðublöð sem er að finna á vefsíðu **Impru nýsköpunarmiðstöðvar** á löntæknistofnun. Þar skal m.a. eftirfarandi koma fram:

- Markmið verkefnisins.
- Lýsing á verkefninu, greining á nýnæmi þess og áætlaður árangur (afurð).
- Styrkir og önnur fyrirgreiðsla sem áður hefur verið veitt til verkefnisins.
- Kostnaðaráætlun og tímaáætlun fyrir verkefnið.
- Áætlanir um sölu eða markaðssetningu.

Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga.

**Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð á vefsíðu Impru, [www.impra.is](http://www.impra.is) og hjá Hallfríði Benediktssdóttur í tölvupóstfang [hallfridurb@iti.is](mailto:hallfridurb@iti.is). Umsóknarfrestur er til 20. febrúar 2006.**

Umsóknum skal skilað á framangreindum eyðublöðum til:



Impra - nýsköpunarmiðstöð,  
löntæknistofnun,  
Keldnaholti, 112 Reykjavík,  
merkt Átak til atvinnusköpunar  
eða á netfangið [atak@iti.is](mailto:atak@iti.is)

# Nýr og ferskur Getz

Fullkomin uppskrift að stórum smábíl

Komdu á frumsýningu og fáðu smá smakk

Opið frá kl. 12 til 16 alla helgina



Nýtt útlit  
Nýjar vélar  
Nýr búnaður

Verð frá kr. 1.230.000

Bílasamningur kr. 12.996 á mánuði\*

Opið frá klukkan 12 til 16 bæði laugardag og sunnudag.  
Komdu og sjáðu hvernig góður bíll getur orðið ENN betri.

Í tilefni af frumsýningunni fylgja vetrardekk öllum Hyundai bílum  
sem sérstakur kaupauki, aðeins þessa helgi.

Gildir ekki með öðrum tilboðum.



**Santa Fe HM 2006**  
Verð frá kr. 2.670.000  
**Bílasamningur kr. 28.213\***



**Tucson**  
Verð frá kr. 2.320.000  
**Bílasamningur kr. 24.515\***



**Terracan HM 2006**  
Verð frá kr. 3.650.000  
**Bílasamningur kr. 38.568\***



**Sonata**  
Verð frá kr. 2.220.000  
**Bílasamningur kr. 23.459\***



**Trajet 7 manna**  
Verð frá kr. 2.240.000  
**Bílasamningur kr. 23.670\***

\*Bílasamningur: 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtur og gegni erlendra mynta.

# 66.666 dalir og 66 sent

Í Dagbók Práins Bertelssonar er að þessu sinni meðal annars fjallað um óhefðbundnar lækningar og skelfilegasta sakamál tuttugustu aldar. Svo er sagt frá vúdú-prestum, galdri í ráðuneytum; rætt um sefjunarmátt stjórnmalamanna, skattþíningu og íþrótt sem skemmtilegra er að heyra en sjá.

■ HELGIN 21. - 22. JANÚAR

## Um hefðbundnar og óhefðbundnar lækningar

Gat varla hreyft mig um helgina. Gigtarkast. Dótt sálin í mér sé enn með unglíngabólur er líkaminn greinilega farinn að gefa sig.

Vinur minn ráðlagði mér að fara til manns sem væri ansi glúrin að ná bakveiki úr fólki, en það kemur ekki til greina að fara að þeim ráðum. Síðast þegar hryggurinn gaf sig fór ég til konu sem var orðlögð fyrir að lækna bakveikt fólk.

Hún lét mig fara úr að ofan og leggjast á gólfið, helldi síðan olíu yfir mig og kveikti á kert. Ég var skíthræddur um að neisti skryppi í olíuna og ég breyttist í lifandi kyndil en það varð sem betur fer ekki. Síðan klæddi konan sig úr skóm og sokkum og gekk fram og aftur eftir hrygglegjunni á mér dágóða stund, þar til hún þreyttist í fótum og sagði mér að standa upp. Auðvitað gat ég ekki staðið upp. Ég náði varla andanum. Þá var hringt í gigtarlækni sem kom og sprautaði mig upp af gólfinu.

Síðan þá hef ég krafist þess að fá að sjá lækningaleyfið hjá þeim sem vilja lækna mig af bakveiki og sleppi helst engum að mér sem hefur fengið minna en góða fyrstu einkunn á embættisprófi í læknisfræði og Ríkharði Jósafatssyni.

■ MÁNUDAGUR, 23. JANÚAR

## Mál 214/1978

Að liggja í rúminu er fremur vanhugsuð iðja hjá manni sem vinnur hjá sjálfum sér.

Í morgun komst ég á lappir. Sennilega er ég búinn að eyðileggja í mér magann með íbúfen-áti. En íbúfen er álíka áhrifamikil gegn bakverkjum og magnyl við timbormönnum. Eftir hádegis kom að máli við mig maður sem hafði mælt sér mót við mig og ræddi við mig um athyglisverðasta sakamál síðari tíma. Ég hafði gert ráð fyrir að það spjall tæki hálf tíma, kannski klukkutíma, en samtalið varði í fjórar og hálf klukkustund. Reyndar er varla hægt að kalla þetta samtal því að verkaskiptingin var þannig að gesturinn talaði og ég hlustaði.

Þessi maður, mér allsendis ókunnur, gaf sig að mér símleidis og sagðist hafa það eftir sameiginlegum kunningja okkar að ég hefði áhuga á sakamálu og hvort ég nennti að ræða við sig um mál sem hann hefði verið að rannsaka síðustu tuttugu árin, sem sé Geirfinns- og Guðmundarmálin.

Þessi maður, mér allsendis ókunnur, gaf sig að mér símleidis og sagðist hafa það eftir sameiginlegum kunningja okkar að ég hefði áhuga á sakamálu og hvort ég nennti að ræða við sig um mál sem hann hefði verið að rannsaka síðustu tuttugu árin, sem sé Geirfinns- og Guðmundarmálin.



Mér datt ekki annað í hug en þetta væri bilaður maður, einóður og galinn, en úr því að hann var rólegur í röddinni langaði mig að sjá framan í hann, þótt ekki væri nema til að komast að því hvernig einhver lítur út sem hefur verið að stúdera sama hlutinn áratugum saman.

Gesturinn kom mér á óvart. Hann talaði samfleytt í fjóra og hálfan tíma af skynsemi, hófstillingu og yfirburðþekkingu um þessi sorglegu mál og áður en ég vissi hafði ég sagast inn í frásögnina og var kominn aftur til ársins 1974. Ég man vel atburði vetrarins '74-'75 og þeirri hræðilegu móðursýki sem greip um sig í samfélaginu. Tvö óupplýst manns-hvörf. Sögusagnir um skipulagða glæpastarfsemi, smygl á áfengi, stórfellda eiturlyfjaneyslu og tvö morð. Jafnvel fleiri. Fjölmíðlar ætluðu af göflunum að ganga, embættismannaverkið nötraði,

og á alþingi misstu jafnvel hinir mætustu menn stjórn á tungu sinni.

Með málalyktum, ef málalyktir skyldi kalla, fylgdist ég erlendis frá, en þá var ég kominn til Stokkholms að læra að búa til bíómyndir. Árið 1978 var loksins kveðinn upp dómur í málinu í hæstarétti, og þar með hélt ég að Geirfinns- og Guðmundarmálum væri lokið. Annað hefur þó komið á daginn.

Þessi mál halda enn þá vöku fyrir samvisku þjóðarinnar. Það fólk sem þá var dæmt heldur enn þá fram sakleysi sínu. Þessum málum er ekki lokið, sagði gestur minn, og samviskan mun ekki láta þjóðina í friði fyrr en þau hafa hlotið réttláta meðferð. Það er sennilega rétt. Sem betur fer geta þjóðir haft samvisku. Þegar gesturinn hafði kvatt fór ég á netið og byrjaði að lesa mér til um Hæstaréttarmál nr. 214/1978. Ég vona og innilega að íslensku réttarfarari hafi farið fram síðan 1978.

■ ÞRIÐJUDAGUR, 24. JANÚAR

## Galdraprestar

Nú er ekki nema tæp vika þangað til ég legg af stað í ferðalag. Við Sólveig ætlum að bregða okkur af bæ og fara til Afríku í hálfan mánuð. Nánar tiltekið til Tógó. Búin að fá farseðla, sprautur og malaríutöflur.



Ég væri alveg til í að ræða við góðan galdramann. Þarna í Vestur-Afríku eru þau dulmögð upprunnin sem brottfluttur Afríkumenn tóku með sér til Haíti og Kúbu og kalla vúdú. Vúdú-læknar þarna í Tógó ku vera mjög magnaðir. Hver veit nema maður kosti því til að fórna varphænu og stingi smáóskalista í lófann á góðum galdramanni þarna suður frá. Eða hvísli einhverju í eyrað á honum.

Galdraprestar í Afríku eru ekkert blávatn. Ég hitti nýlega konu sem sagði mér af föður sínum sem hafði verið í Blálandi á vegum Sameinuðu þjóðanna að kenna innfæddum eitthvað gagnlegt. Þegar mannum fór að leiðast og vildi fara heim til sín mölduðu nemarnir í móinn og sögðust ekki vera búnir að læra nóg, en hann sat við sinn keip og ætlaði heim. Þá lögðu þeir á hann galdur svo ramman

## Kæra Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar



að vegabréfsáritunin hans lenti þversum í skrifræðisbákninu og vesalings maðurinn rataði ekki heim til Íslands í meira en heilt ár. Svona magnað vúdú er ekki að finna hér á landi, nema kannski í einhverju ráðuneytinu.

Í næstu viku get ég vonandi skrifað um blámenn og villidýr í myrkviðum Afríku í staðinn fyrir að skrifa mest um það sem gerist einungis inni í höfðinu á mér.

■ MIÐVIKUDAGUR, 25. JANÚAR

## 666

McDonalds-öldin: Í fyrsta sinn í sögunni hefur McDonalds selt fyrir meira en 20 milljarða dollara. Ef Íslendingar hefðu etið alla þessa hamburgara hefði hvert mannsbarn á Íslandi borðað fyrir 66.666 dollara og 66 sent.



Það rifjast upp fyrir mér að 666 er tala „dýrsins“. Það fer hröllur um

mig.

■ FIMMTUDAGUR, 26. JANÚAR

## Skattþíning eða kærleiksverk?

Jóhanna Sigurðardóttir kallar Sjálfstæðisflokkinn mesta skattþíningarflokk Íslandssögunnar.

Það er merkilegt að hlusta á stjórnmalamenn. Stjórnmalamaður sem er gæddur svolitlum sannfæringarkrafti getur auðveldlega sannað mann um að hvítt sé svart og það sé í rauninni stórkostlegt kærleiksverk að halda skattleysismörkum í lágmarki. Vúdúgaldur tíðkast víðar en í Afríku.

Hlustaði á lýsingu á handboltaleik í útvarpinu. Mér hundleiddist að horfa á handbolta, en að hlusta á útvarpslýsingar frá handboltaleikjum er æsispennandi.

■ FÖSTUDAGUR, 27. JANÚAR

## Glas af vígðu vatni

Úff, ég sé að þessa viku hef ég hugsað mikið um galdra og glæpi og jafnvel tölu „dýrsins“. Sennilega eru þetta allt saman hugarór- ar eins og hjá síra Jóni píslarvotti forðum sem sá bæði fjandann og galdramann í hverju horni og var hann þó bæði laus við hamburgara og íbúfen.

Ég verð að hifa mig upp úr þessari skuggaveröld. Það gerir maður best með því að fá sér sopa af vígðu Gvend-arbrunnvatni og bolla af góðu kaffi til að öðlast heiðríkju hugans fyrir helgina.

# URRIÐAHOLT

*í hjarta höfuðborgarsvæðisins*

## KYNNING

### Á NÝJU BYGGINGARLANDI Í GARÐABÆ

Hugmyndir að nýjum skipulagstillögum fyrir Urriðaholt verða kynntar

í hátíðarsal Flataskóla v/Vífilstaðaveg

kl. 11.00 - 13.00 í dag, laugardaginn 28. janúar

Dagskrá:

**kl. 11.00 - 12.00**  
Ávarp bæjarstjóra

Kynning ráðgjafa á nýjum skipulagshugmyndum

**kl. 12.00 - 13.00**  
Veggspjöld með skipulagshugmyndum; forsvarsmenn bæjarins og ráðgjafar verða til skrafs og ráðagerða

**Léttar veitingar í boði í hádeginu**

Frekari upplýsingar um verkefnið má nálgast á [www.urridaholt.is](http://www.urridaholt.is)

**Við viljum heyra hver er skoðun ykkar við mótun skipulags**

Opið hús í dag

**GARÐABÆR**  
[www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

URRIÐAHOLT ehf.

ÚTVÖRÐ  
 HLJÓMBORÐ  
 BÍLMAGNARAR  
 BILTÆKI  
 HÁTALARAR  
 BILHÁTALARAR  
 HEYRNARTÓL  
 HÁTALARAR  
 FERÐATÆKI  
 SJÓNVARPSTÆKI  
 LCD SJÓNVÖRÐ  
 MYNDAVÉLAR  
 PLASMA SJÓNVÖRÐ  
 DVD SPILARAR  
 ÍSSKÁPAR  
 MP3 SPILARAR  
 ÖRBYLGJUOFNAR  
 ELDAVÉLAR  
 PVOTTAVÉLAR  
 KAFFIVÉLAR

# ÚTRISA ÚTSALA

**LOKADAGUR ÚTSÖLUNNAR**

**OPIÐ Í DAG KL. 10 - 16**

**ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR**

**ENN MEIRI AFSLÁTTUR  
AF VÖLDUM VÖRUM**

PRÁÐLAUSIR SÍMAR  
 REIKNIVÉLAR  
 RAKVÉLAR  
 HRÆRIVÉLAR  
 SAMLOKUGRILL  
 BRAUÐRISTAR  
 STRAUJÁRN  
 VÖFFLUJÁRN  
 HÁFAR  
 UPPPVOTTAVÉLAR  
 BLANDARAR  
 RYKSUGUR

**TAKMARKAÐ MAGN**  
Fyrstur kemur - fyrstur fær!


**Heimilistæki**  
 SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS SuperTech UNITED BEKO DeLonghi elna exDo  
 ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani GeneralFrost INDESIT VESTFRÖST Whirlpool

HUGERKAMER

# Á endanum



ISLENSKA AUGLÝSINGASTOFNAN ÍSALÍJÓY 21141 817284

## Corolla tilfinningin er góð

Síðustu 20 árin hefur Corolla verið mest keypti bíllinn. Íslendingar treysta Corolla og bera til bílsins tilfinningar sem gera það að verkum að þeir kaupa hann aftur og aftur. Kannski er svarið við spurningunni, af hverju Corolla, sú að Corolla er einstaklega ódýr bíll í rekstri, öruggur, þjónustan við eigendur er frábær – og svo er auðvitað gott að keyra

hann. Kannski er svarið flóknara. Kannski eru það hinir óendanlegu möguleikar. Því þótt þú veljir Corolla þá er valið fjölbættara. Hvaða gerð af Corolla viltu, hvaða búnað, hvaða lit, hvaða skiptingu? Spurningarnar eru fleiri. Corolla er bíllinn þinn, þú ræður hvernig hann er. **Á endanum velur þú Corolla.**

Toyota  
Nýbýlavegi 4  
Kópavogur  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbær  
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn  
Fossnesi 14  
Selfoss  
Sími: 480-8000



Hatchback  
Verð frá 1.685.000 kr.



Sedan  
Verð frá 1.725.000 kr.



Wagon  
Verð frá 1.775.000 kr.

# velur þú Corolla

Þú getur einnig fengið Corolla Verso 7 manna  
Verð frá 2.240.000 kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

## PETTA GERÐIST > 28. JANÚAR 1997

### Viðurkenna morðið á Biko

Á þessum degi árið 1997 viðurkennu fjórir hvítir lögreglumenn að hafa orðið Stephen Biko, leiðtoga suður-afriku hreyfingarinnar Svörtu samvisskunnar, að bana árið 1977.

Árið 1969 stofnaði lækna-neminn Biko samtök til að svartir námsmenn gætu barist gegn aðskilnaðarstefnu stjórnvalda og til að koma á samkennd meðal blökkumanna. Árið 1972 aðstoðaði hann við skipulagningu á ráðstefnu blökkumanna og árið eftir bannaði Búastjórnin honum taka þátt í stjórnmálum.

Fjórum árum síðar var hann handtekinn fyrir niðurrífsstarfsemi.



STEPHEN BIKO

Hann var barinn á hrottalegan hátt í varðhaldi í Port Elisabeth og keyrt með hann um þúsund kílómetra leið til Pretoriu þar sem honum var

kastað í fangaklefa. Þann 12. september árið 1977 andaðist hann, nakinn, í hlekkjum á skitugu gólfi í spítalaálmu fangelsisins.

Fréttir af drápinu bárust um allan heim og mikil mótmæli brutust út en stjórnvöld neituðu ávallt að hafa komið nálægt morðinu.

Árið 1995 var komið á nefnd til að rannsaka þann tíma sem aðskilnaðarstefna stjórnvalda ríkti. Desmond Tutu friðarverðlaunahafi var formaður nefndarinnar. Þeir sem játuðu brot sín skýlaust nutu oftan en ekki friðhelgi. Lögreglumönnum sem játuðu morðið á Biko var hins vegar neitað um það.

### MERKISATBURÐIR

- 1547 Hinrik VIII Englandskonungur andast og níu ára sonur hans tekur við.
- 1815 Innsigli Reykjavíkur er samþykkt af stjórnarráðskrifstofunni í Kaupmannahöfn.
- 1837 Suðurstofnshúss- og bústjórnarfélag er stofnað. Nafni þess var breytt nokkrum sinnum og heitir í dag Bændasamtök Íslands.
- 1907 Sláturfélag Suðurlands, SS, er stofnað.
- 1912 Íþróttasamband Íslands er stofnað í Bárubúð.
- 1917 Eftir nærri ellefu mánuði er leitinni að Pancho Villa hætt.
- 1986 Geimskutlan Challenger springur í loft upp sjö sekúndum eftir flugt. Sjá láta lífið.

# tímamót

tímamot@frettabladid.is



Elskuleg systir mín,

### Jóhanna Sigurbjörnsdóttir

lést 11. janúar á Hrafnistu v/Kleppsveg. Jarðaförin hefur farið fram í kyrþey.

Jóhannes Sigurbjörnsson




Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og jarðarfarar

### Maríu Kristjánsdóttur

Halldórsstöðum, Bárðardal.

Aðstandendur.



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Ólafur Sigurðsson**

lést á föstudaginn 20. janúar á Víflsstöðum. Jarðarforin hefur farið fram í kyrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Blindrafélagið. Síminn er 525 0000. Við þökkum fyrir góða hjúkrun og umönnum á Víflsstöðum.

Guðrún Ólafsdóttir  
Hermann J. Ólafsson  
Sigurður P. Ólafsson  
Hilmar D. Ólafsson  
Ólafur Ólafsson  
Hlynur Ólafsson  
Reynir Örn Eiríkson  
barnabörn og barnabarnabörn

Hörður H. Garðarsson  
Jóhanna Þorvaldsdóttir  
Hildisif Björgvinsdóttir  
Jóhanna Egilsdóttir  
Sólborg Guðmundsdóttir

## TILBOÐ

Á LEGSTEINUM,  
FYLGJHLUTUM  
OG UPPSETNINGU  
10-50% AFSLÁTTUR

Yfir 40 ára reynsla  
Sendum myndalista

Steinsmiðjan **MOSAÍK**

Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is



### KÍNVERSKA NÝÁRIÐ: HEFST Á MORGUN

# Rauða hundinum fagnað

Í dag er síðasti dagur kínverska ársins sem kennt er við græna viðarhanann. Á morgun hefst nýtt kínverskt ár sem í þetta sinn verður ár rauða hundsins. Nýárshátíðin er mesta hátíð Kínverja og stendur hún í fimmtán daga og hefur hver þeirra sína merkingu. Á þessum tíma eru margir í frú og svo gott sem öll þjóðin á faraldsfæti á meðan á henni stendur.

Nýja árinu verður fagnað í dag með drekadansi sem farinn verður niður Laugavegin. Lagt verður af stað frá Hlemmi klukkan 14.00. Í göngunni verður fimmtán metra langur, litríkur dreki sem eltir perlu og endar dansinn í ráðhúsinu þar sem þátttakendur frá Heilsudrekanum munu sýna taichi-leikfimi, kungfu-wushu bardagalist í Tjarnarsal. Stjórnandi sýningarinnar verður eigandi Heilsudrekans, Dong Qing Guan. Dong hefur búið á Íslandi í fjórtán ár og hefur haldið í suma af þeim síðum sem Kínverjar viðhafa á þessum tímamótum.

„Þar sem ég á fyrirtæki hérna býð ég alltaf starfsmönnum til að fagna síð-



KÍNVERSKT NÝÁR Á ÍSLANDI Dong Qing Guan hefur búið á Íslandi í fjórtán ár. Hún ætlar að kynna kínverska menningu fyrir Íslendingum í Heilsudrekanum á sunnudag, á fyrsta degi árs rauða hundsins.

asta degi ársins með því að borða sérstakan kínverskan



DREKADANS Stiginn verður í dag drekadans niður Laugavegin í annað sinn. Myndin er frá hátíðahöldunum í fyrra þegar fagnað var komu græna viðarhanans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

mat sem er yfirleitt í boði á þessum degi í Kína,“ segir Dong sem oftast tekur sér frí á fyrsta degi ársins en ætlar að breyta út af vönnu í ár. „Ég ætla að nýta daginn til að bjóða fólk velkomið í Heilsudrekan til að kynna kínverska menningu af ýmsum toga, eins og heilsufræði, kínverskaleikfimi eða list,“ segir Dong sem opnar búið sína fyrir gestum og gangandi á morgun frá klukkan níu til sex um kvöldið.

Í Kína standa hátíðahöldin yfir í rúmar tvær vikur. Sem Íslendingur hefur Dong ekki tíma fyrir slíkt. „Við erum eins og aðrir venjulegir Íslendingar og þurfum að vinna,“ segir hún glaðlega. Hún segist reyna að gera eins mikið

og mögulegt sé til að halda nýárið hátíðlegt en saknar samt sem áður áramótanna í Kína. „Í Kína er þetta mjög stór hátíð. Krakkarnir eru mjög spenntir því þeir fá rauð umslög með peningum í. Í fimmtán daga er fólk endalaust að koma eða fara í heimsókn. Fólk er boðið í góðan mat og ýmislegt annað,“ segir Dong en hátíðahöldin hér á landi eru allt öðru vísi enda vantar alla stórfjölskylduna. „Hins vegar horfa allir Kínverjar, hvort sem þeir eru heima eða í útlöndum, á sérstakan fjögurra klukkutíma áramótapátt í sjónvarpinu,“ segir Dong glaðlega en í þættinum má líta hefðbundin kínverskt sjónvarpsefni sem að sögn Dong er ákaflega skemmtilegt. ■

### ANDLÁT

**Dagbjört Sigurðardóttir**, Tjösuvollveg 33, Aakrehamn, Noregi, lést 20. desember síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrþey.

**Júlía Ólöf Bergmannsdóttir**, Illugagötu 15, Vestmannaeyjum, lést á heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja miðvikudaginn 25. janúar.

**Sigríður G. Stefánsdóttir**, Hringbraut 50, áður Áltamýri 42, Reykjavík, andaðist á elliheimilinu Grund miðvikudaginn 25. janúar

### JARÐARFARIR

11.00 **Þórey Guðmundsdóttir**, Garðavegi 4, Hnífsdal, verður jarðsungen frá Ísafjarðarkirkju.

14.00 **Halldór Gunnarsson**, Þverholtum, Mýrum, verður

jarðsungen frá Borgarnes-kirkju.  
14.00 **Hólmfríður Jónsdóttir**, frá Fagraneskotu, Hólavegi 2, Laugum, verður jarðsungen frá Einarstaðarkirkju.  
14.00 **Hjálfríður S. Guðmundsdóttir**, Silfurgötu 8a, Ísafirði, verður jarðsungen frá Ísafjarðarkirkju.  
14.00 **Sigrún Stefánsdóttir**, verður jarðsungen frá Siglufjarðarkirkju.  
14.00 **Skúli Ö. Kristjánsson** frá Svignaskarði, Egilsögðu 19, Borgarnesi, verður jarðsungen frá Reykholtskirkju.  
14.00 **Unnur Guðjónsdóttir** frá Kleifum, verður jarðsungen frá Garpsdalskirkju.  
14.00 **Valgerður Einarsdóttir**, áður Núpi, Vestur-Eyjaflöllum, verður jarðsungen frá Ásólfsskálakirkju.





Túlípanar 10 stk.

Verð:  
**799**

# Utsala

**50%** afsl.  
af öllum  
pottaplöntum



**30%**  
opnunartilboð  
á öllum vörum  
í Soldis  
laugard. og sunnud.

  
**blómaval**  
*heillandi heimur*

Skútvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri  
Grafarholt - Kringlan - Smáralind



**1 Fuglaflensu-sprautu.** Fólk verður orðið ansi skelkað yfir fuglaflensufaraldinum og lyfjafyrirtæki munu keppast um að framleiða mótefni.

**2 Argentína.** Þetta er nýjasti áfangastaðurinn fyrir vel stæða Íslendinga sem allir virðast á leiðinni þangað. Nautasteikur, tangó, rauðvín, vinalegt fólk og ótrúlegt landslag.



Hverjir verða tískustrauðarnir í ár? Fólk, bæknar, plötur, bíómyndirnar, tæknin, viðskiptin, maturinn, tai-chi og tequila í augað. Hér eru 15 heitustu tískufyrirbrigði ársins. Tekið saman af Önnu Margréti Björnsson.

# Heitt árið 2006



**9 Tónlistin.** Mammút gæti mögulega verið hjartasta vonin á árinu. Stjarna Jakobínurínu mun þó halda áfram að skína skært. Erlendis er það hljómveitin Arctic Monkeys sem er að gera allt vitlaust. Rapp, hipp hopp og danstónlist. Kemur aftur sterk inn í bland við indí-rokkið og elektróníkuna.

**10 Podcasting.** Nú getur þú hlaðið niður lögnum þínum af i-podinum og útvarpað þeim á netinu. Gæti hafið internet-útvarpsbylgju sem kæmi til bjargar íslensku útvarpi sem er upp til hópa skelfilegt.



**11 Artfartí sjónvarpsbættir.** Hnakkavæðing Sirkus fór með þjóðina. Í ár kemur inn sterk andspyrna við hnakkasjónvarpið og ungt fólk vill fá gáfulegra efni. „Move over Keflavík“ og hin sanna 101 Reykjavík valtar yfir appelsínugula liðið. Sirkus barinn fer inn á Sirkus sjónvarpið.



**4 Berlín.** Ungt lista- og tónlistarfólk heldur áfram að flytja búferlum til Berlínar þar sem listalífið, elektró-rokkið og sköpunargleðin blómstra. Svo er víst svo ódýrt að lifa þarna...



**5 Drykkir.** Retro-drykkir snúa aftur. Heilsíð upp á gamla kunningja eins og Malibu, Archers og Campari. Kokkteill með nafninu Tequila Suicide er líka að slá í gegn ytra, en þar drekkur maður tequila-skot, sýgur salt upp í nefið og kreistir lime í augað.

**6 Alvöru matur.** Fusion eldhúsið er búið. Burt með skreytta diska og flókinn mat. Franskur klassískur matur með tilhneingingu til sveitamatar kemur í staðinn. New York Times kallar nýju stefnuna „fine casual“. Veitingastaðir fara líka að breytast í þá átt að fólk situr saman við stór borð. Sniðug leið til að hitta nýtt fólk.




**7 Útrás.** Ísland verður áfram í sókn. Danmörk fer brátt að verða nýlenda Íslands. En menn bíða spenntir eftir fyrstu merkjum rekstrarárangurs ytra.



**8 Asía.** Með geishu-mynd Rob Marshalls koma austurlensk áhrif aftur í tísku. Allt frá fatnaði upp í innanhúsmuni og naumhyggjulegan japanskan stíl.




**12 Kvikmyndir.** Brokeback Mountain er án efa mynd ársins en Da Vinci Code mun fylgja fast á hæla hennar. Tom Hanks í hlutverki Roberts Langdon lofar góðu.



**13 Rithöfundar.** Andri Snær Magnason á eftir að gefa út mjög athyglisverða bók innan skamms með hárbættri þjóðfélagsádeilu. Stefán Máni og Eiríkur Guðmundsson munu líklega koma með einhverja snillið á árinu.



**14 Leikhús.** Ólafur Egill Egilsson verður skærasta stjarna ársins.



**15 Tískan.** Kvenlegar kúrfur hafa aldrei verið heitari. Hönnuðir eins og Yves St. Laurent, Roland Mouret og Eley Kishimoto boða allir þröngar flikur í anda sjötta áratugarins. Karlmann fá sér „flat top“ hárgreiðslu eins og sést utan á nýjasta hefti I-D.



# LAGGE HREIÐ

Allt að  
**70%**  
afsláttur  
af öllum  
**flísum**

Allt að  
**40%**  
afsláttur  
af  
**parketi**

Allt að  
**80%**  
afsláttur  
af öllum  
**ljósum**

# ÚTSÖLULO

# R-



# VSUN

*enn meiri afsláttur!*

*Allt að*  
**60%**  
afsláttur  
*af öllum*  
búsáhöld-  
áhöldum

A stack of white ceramic plates with a blue floral pattern, set against a blue background.

*Allt að*  
**70%**  
afsláttur  
*af öllum*  
blöndunar-  
tækjum

A white and silver kitchen blender, shown from a side angle against a blue background.

*Allt að*  
**60%**  
afsláttur  
*af*  
verkfærum

A Bosch power tool, possibly a drill or sander, with a green and black body and a red "BOSCH" logo, set against a blue background.

# OK

*verðhruun!*



BYGGIR MEÐ ÞÉR

## SKÚFFUSKÁLDIÐ } INDRÍÐI AÐALSTEINSSON



INDRÍÐI AÐALSTEINSSON FRÁ SKJALDFÖNN VIÐ ÍSAFIJARÐARDJÚP Indriði er ekkert lamb að leika við þegar pólitik og erótik eru annars vegar.

## Bóndi í bústýruvanda

Steinsnar frá Laugalandi við Ísafjarðardjúp, fæðingarsað Steins Steinarr, býr nú hagarður bóndi sem er bóðinn og búinn að opna hirslur sínar fyrir lesendum Fréttablaðsins. Þetta er hann Indriði Aðalsteinsson frá Skjaldfönn.

„Ég vil setja allan fyrirvara við það að ég sé skúffuskáld því að það er langt síðan ég fór að gera mig merkilegan á opinberum vettvangi sem vísnasmíður,“ segir bóndinn hagamælti. „En skáld er ég varla og enn síður skúffuskáld því þau fara venjulega með veggjum í þessum efnum, oft full af vanmati á hæfileikum sínum. Slíkir mannkostir hafa aldrei íþyngt mér enda kominn af Þingeyingum í móðurætt og í föðurættina tók Steinunn Jónsdóttir á Skjaldfönn, langamma mín, nágranna sinn, Sigvalda Kaldalóns tónskáld, í kennslustund í vísnagerð.“

Óhætt er að segja að snemma beygist krókurinn. „Ungur byrjaði ég að kvelja sveitunga mína á þorrablótum með annálsgerð, oft meira og minna í bundnu máli. Kvað svo rammt að þessu að þeir sem vissu upp á sig skömminu létu ekki sjá sig á blótinu fyrr en annálslutningi var lokið.“

Og enn er bóndinn við sama heygardhornið. „Að mínu viti á vísnað fólk að vera andsnúið valdinu „og því aldrei til þægðar“ líkt og Steinn Steinarr orðaði það. Þess vegna gat ég ekki orða bundist þegar ríkisstjórnin lækkaði tekjuskatt og fjármagnstekjuskatt meðan þeir vega svo að þeim sem minna hafa handa á milli:

*Ógeðfelli er okkar stjórn,  
ei má leyndu slíku.*

*Snauda lætur færa fórn  
fyrir hina ríku.“*

Indriði segist hafa fengið mörg bréf frá froðufellandi þingmönnum þar sem honum er hótad meinyrdamálssókn og því þorir blaðamaður ekki öðru en að stoppa skúffuskáldið af í þessum ham og beinir athyglinni að raunum bænda. „Já, það er ekki alltaf auðvelt að vera útkjálka- og afdala-bóndi. Það er til dæmis enginn hæðgarleikur að finna sér konu við hæfi og mörg magalendingin áður en úr rætist,“ segir bóndinn og kveður um raunir sínar:

*„Hjá Inndjúps bændum er allt á  
íði  
því náttúran lætur þá naumast  
í friði.  
Ráðskonubransinn er bøl og  
þraut,  
því langar þá suma í lífsföru-  
naut.“*

*En þá er betra að vanda valið,  
svo vistist ei hjá þér kvenfólk  
galið  
og sjálfsmorð að lenda því sumu  
á.  
Ég segja vil minni reynslu frá.*

*Að einhver sérvíska sæki á hug  
ég snarlega vísa því á bug  
því ein var mögur og önnur feit  
og þriðju fannst engin framtíð í  
sveit.*

*Sú fjórða við Bakkus batt sitt  
ráð  
og bokkunni var'ún orðin háð.  
Þó bráði af henni kvöld og kvöld.  
Ég kvadd'ana svo um töðugjöld.*

*Sú fimmta var yndisleg álfa-*

*mær,  
allt frá hvirfli og niður á tær  
en eyddi og sóaði öllu burt  
svo ekki vildi ég hana um kjurt.*

*Sú sjötta var haldin kynlífs-  
kláða,  
það hvatti mig svona fyrst til  
dáða,  
en kvölds og morgna og miðjan  
dag  
mér fannst of krefjandi hátta-  
lag.*

*Í tóbakssvælu ei sitja vil  
og svoddan fávíska ekki skil,  
svo elskan sjöunda út því hrökk  
og umbreyttist þar í reykjarm-  
ökk.*

*Sú áttunda tók mig á „teppið“  
sitt.  
Treg var þó til að gera hitt,  
því þó hún kysi mig víst að vini  
var hún höllust að eigin kyni.*

*Sú níunda kom með í búid börn  
bæði hávær og ærslagjörn  
og eitt er að þola afkvæmi sín  
en annarra frekjugang og hrín.*

*Sú tíunda ljómandi lagleg var,  
líka af dug af flestum bar.  
Kosti mína þó aldrei fann  
en ágirtist hinsvegar nágrann-  
ann.*

*Tæmandi raunar ekki er  
upptalning sú er líkur hér.  
Legg mig enn fram af lífi og sál  
að leysa bústýruvandamál.“*

Við svo kveðið er skynsamlegast að kveðja bóndann á Skjaldfönn enda óvær mjög þegar búid er að hrella hann með tveimur tikum; nefnilega pólitik og erótik.



# STÓRÚTSALA

# Allt að 70% afsláttur



Opið í dag til kl. 16

**Egill  
Arnason hf**

Ármúli 8 - 108 Reykjavík  
595 0500 - [www.egillarnason.is](http://www.egillarnason.is)



**SILFURSVEIFLA**  
Þótt gullið hafi verið áberandi í vetur er silfrið sigilt og mun áreiðanlega sækja á með vorinu **BÍLAR 2**



**REYNSLUAKSTUR**  
Hyundai Getz er lipur og skemmtilegur borgarbill. Þetta er smábíll sem er þeim kostum búinn að vera lítill að utan en stór að innan. **BÍLAR 2**

# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

[BÍLAR, FERÐIR OG TÍSKA]

Handhafar svarta kortsins geta ferðast til einhvers af áfangastöðum Ícelandair í Evrópu fyrir 19.000 vildarpunkta en venjulegt punktaverð er 38.000 punktar á mann. Tilboðið stendur til 10. febrúar og ferðatímabilið er febrúarmánuður.

Vættuvedur hefur heldur betur sett svip sinn á landið að undanförunu. Því er ekki úr vegi að fá sér stígvél sem henta mjög vel í svona tíð. Fjölbreytnin er mikil og hægt er að fá margar skemmtilegar gerðir af stígvélum.



Nýr Citroën-sýningarsalur verður opnaður hjá Brimborg um helgina. Hið nýja húsnæði Citroën er á sex þúsund fermetra lóð við hlíðina á húsi Brimborgar við Bildshöfða 6 þar sem Bifreiðaeftirlitið var áður til húsa. Salurinn er um 400 fermetrar og rúmar 12 sýningarbíla.



Sigurjón Andersen við Dodge Stratus, fjölskyldukaggann sinn. Í bakgrunni glyttir í tryllitækið hans, Plymouth Roadrunner.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn  
28. janúar, 28. dagur  
ársins 2006.



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 10.20	13.41	17.02
Akureyri 10.19	13.25	16.32

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími  
550 5000

Auglýsingasími Allt  
550 5880

Þú getur pantað  
smáauglýsingar á visir.is

## Konan afar tillitssöm

Sigurjón Andersen er varaformaður íslenska kvartmíluklúbbsins og mikill áhugamaður um bíla. Dags daglega ekur hann hins vegur um á Dodge Stratus RT.

Sigurjón vinnur sem smiður en aðaláhugamálið eru bílar, enda ekki hægt að vera varaformaður Kvartmíluklúbbsins án þess að vera ekta bíladellukall. Þó að fjölskyldubíllinn hans Sigurjóns sé ekki mikið tryllitæki miðað við það sem hann notar í kvartmílukeppni þá er Dodge-inn alvöru fjölskyldukaggi. „Þetta er finn fjölskyldubíll, tveggja dyra og 210 hestöfl með V6 vél og fleira,“ segir Sigurjón og brosir út í annað. Yngsta barnið í fjölskyldunni er orðið 21 árs og því segir Sigurjón að hann og mamma geti vel þeyst um ein á bílnum.

Sigurjóni finnst afar mikill kostur að bíllinn er bandarískur. „Það er mjög gott að

hafa kraft í honum og Dodge-inn liggur einnig mjög vel. Mér finnst skemmtilegt að hafa þokkalega aflmikinn fjölskyldubíll. Ég hef heldur aldrei átt annað en bandaríska bíla,“ segir Sigurjón og bætir við að bandarískir bílar vinni vel og séu yfirleitt mjög flottir í laginu. „Það fékkst heldur ekki mikið annað hérna í gamla daga. Ég er einmitt búinn að eiga tryllitækið mitt í 25 ár.“

Sigurjón á sér auðvitað draumabíl eins og aðrir alvöru bílaáhugamenn. „Það er nýr Dodge Challenger sem kemur frá Chrysler árið 2007. Það er líklegt að maður reyni að krækja sér í hann.“

Margir hljóta samt að spyrja sig hvernig konan á heimilinu taki þessari bíladellu. „Hún tekur alltaf vel í þetta. Hún er mjög tillitssöm og tekur þátt í þessu líka. Hún hefur aldrei staðið í vegi fyrir dellunni og sýnir áhuga líka, þó kannski aðeins minni en ég sjálfur,“ segir Sigurjón að lokum, greinilega ánægður með sína konu.

steinthor@frettabladid.is

# ELÍSABET VILL BARA ÁNÆGÐA VIÐSKIPTAVINI

BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM  
OG BÍLÁLÁNUM

elisabet

elisabet.is

Vátryggiandi er Tryggingamiðstöðin hf.

## VERTU LAND ROVER



DEFENDER 90  
Listaverð kr. 3.700.000

FREELANDER SE  
Listaverð kr. 2.950.000

RANGE ROVER SPORT S  
Listaverð kr. 5.990.000

RANGE ROVER SPORT SE  
Listaverð kr. 6.490.000

DISCOVERY 3 TDV6 S  
Listaverð kr. 4.690.000

DISCOVERY 3 WINDSOR  
Listaverð kr. 5.530.000

RANGE ROVER SE  
Listaverð kr. 7.350.000

Ný verðlistaverð á [www.landrover.is](http://www.landrover.is)

B&L, Grjóthálsi 1, umboðs- og þjónustuaði LAND ROVER á Íslandi  
Allir bílar með 3 ára ábyrgð - Öruggur umboðsðili - Öruggur þjónusta



GO BEYOND™

# allt bílar o.fl.



**Bíljós** eru með mikilvægustu öryggisþækkjum hvers bíls. Það er mjög mikilvægt að gleyma aldrei að setja ljósín á því það getur skapað mikla hættu.

Gabriel höggdeyfjar, ASCO kúplingssett, Tridon spindilkútur, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós o.fl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, kerrubretti og nefhjól.

## Gsvarahlutir

Sími 567 6744 • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík

**Alhliða réttingar og sprautun**  
 Þrautreyndir starfsmenn  
 Gabas-tjónaskoðunarkerfi  
 Þjónustuaðili Heklu  
 Skemmuvegur 46 • 200 Kópavogur  
 S. 557 1430 & 597 1430 • Faxi 567 0087  
 Netfang: [jonasar@jonasar.is](mailto:jonasar@jonasar.is)

**SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR**

**Jeep** **CHRYSLER** **DODGE**

**BÍLJÖFUR**  
 BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • [biljofur@biljofur.is](mailto:biljofur@biljofur.is)

<http://HVELLUR.com>  
 ..í einum grænum

**Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum**

Viðgerðir  
 Breytingar  
 Þjónusta

Súðavogi 6 104 Reykjavík Sími 577 6400

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI**  
**FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.**  
 Smiðjuvegi 22 (Græn gata) • 200 Kópavogi  
 Sími: 567 7360 • [www.bfo.is](http://www.bfo.is)

**SUBARU** **HONDA** **NISSAN**  
 Þjónusta Þjónusta Þjónusta

**ALLT Á EINUM STAÐ**

- VETRARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- PÚSTÞJÓNUSTA

**SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN**  
 SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

**allt atvinna**  
 Alla sunnudaga



**REYNSLUAKSTUR**

Hyundai Getz er laglegur og með sportlegt útlit.

## Traustur og yfirlætislaus smábíll

Nú um helgina verður nýr Hyundai Getz frumsýndur hjá B&L. Bíllinn er nokkuð breyttur í útliti og kemur nú með tveimur nýjum vélum. Af öðru nýncæmi má nefna að MP3 spilari er nú staðalbúnaður í bílnum.

Hyundai Getz kom nýr á markaðinn árið 2003. Fram að þessu hefur hann verið í boði með 1,3 og 1,6 lítra vélum og verður sú fyrri nefnda leyst af hólmi með 1,4 lítra vél en auk hennar mun með vorinu bætast við 1,1 lítra vél.

Hyundai Getz er ákaflega aðgengilegur bíll, einn af þessum sem manni finnst maður þekkja um leið og sest er undir stýri. Í útliti, bæði að utan og innan eru farnar hefðbundnar leiðir. Bíllinn er samt sportlegri og rennilegri í útliti en fyrirrennarinn, með ákveðnari framsvip og nettari afturstuðara. Innréttingar hafa yfir sér nokkuð vandað yfirbragð og hafa einnig fengið andlitslyftingu og eru aðlaðandi og þægilegar.

Af öryggisbúnaði má nefna ESC-stöðugleikastýringu, krumpu svæði sem gerir að verum að framhlið bílsins gefur eftir við árekstur og dregur þannig úr höggi auk styrkra stálbita sem taka við höggi á hlið bílsins.

Reynsluekið var Getz, beinskiptum með nýju 1,4 lítra vélinni. Hann reyndist ágætlega lipur og skemmtilegur. Nokkuð snjópungt var dagana sem reynsluekið var og var Getzinn svo sem enginn jálkur en stóð sig þó þokkalega. Aðalsmerki Getzins er að hann er lipur borgarbíll, nettur að utan en um leið vel rúmgóður að innan. Meira að segja farþegar í aftursæti hafa ágætt pláss fyrir fætur, svo framarlega sem framsætisfarþegar eru ekki úr hófi frekir til plássins.

Það eru góðar fréttir að Getzinn mun ekki taka verðbreytingum þrátt fyrir að um breytta útgáfu sé að ræða. Verðið liggur á bilinu



Framsvipur Getzins er ákveðnari en á fyrirrennarinum.

frá 1.230.000 og upp í 1.490.000 og stefnt er að því að verðið á 1,1 lítra bílnum verði rétt rúmlega 1.100 þúsund.

Hyundai Getz hlýtur að teljast vænlegur kostur í vali á smábíl. Þarna er á ferðinni lipur bíll á góðu verði en um leið vel búinn bæði með tilliti til öryggis og þæginda.


[steinunn@frettabladid.is](mailto:steinunn@frettabladid.is)

### Hyundai Getz

Dyr Vél Hestöfl Verð  
 GLS 3 1400 81 1.230.000 (beinskiptur)  
 GLS 5 1400 81 1.330.000 (beinskiptur)  
 Sport 5 1600 104 1.450.000 (beinskiptur)  
 GLS 5 1600 104 1.390.000 (beinskiptur)  
 GLS 5 1600 104 1.490.000 (sjálfskiptur)



Skottið er ágætlega rúmgott fyrir hvunn-dagsnotkun og auðvelt er að fella niður aftursæti og auka þannig flutningsgetuna til muna.



Færanlegur öskubakki sem komið er fyrir í glashaldara er að verða algengur. Sérkennilegt er þó að þessi augljósa og aðgengilega hönnun náði ekki að ryðja sér til rúms fyrir en þorri almennings var hættur að reykja í bílum.



Farnar eru hefðbundnar leiðir í miðju-borðinu.



Mælaborðið er skýrt og með hefð-bundnu útliti.





## Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

## Breska aðferðin

Bretar hafa löngum getið sér gott orð sem bílabjóð, frá Rolls Royce til Land Rover og allt þar á milli. Bretar geta verið stoltir af bílunum sínum, þó að mér finnst reyndar að þeir ættu að færa sig yfir á hægri vegarhellinginn fljótleiga. Bíltúr í London á annatíma er nefnilega ekkert grín.

Bretar virðast líka almennt hafa nokkuð mikinn áhuga á bílum. Þeir stunda mjög vandada blaðamennsku og þáttagerð sem lýtur að bílum og luma á sniðugum ráðum hvað umgengni og rekstur þeirra varðar. Eitt þeirra er sérlega hentugt og á vel við á Íslandi, ekki síst nú þegar kalt er í veðri og nauðsynlegt að vera undir allt búinn. Áður en Bretinn leggur í ann hefur hann í huga eitt orð, eða skammstöfun öllu heldur: PETROL.

Þ stendur fyrir petrol sem þýðir eldsneyti. Þeir spyrja sig: Er eldsneyti á bílunum? Hvar fær ég eldsneyti á leiðinni? Er ferðin skipulögð þannig að ég geng ekki of mikið á tankinn? Hef ég nægilegt eldsneyti á milli áfyllinga ef ég þarf að bíða í bílunum eða fara aðra leið en til stóð?

E stendur fyrir electricity (rafmagn). Er rafgeymirinn í lagi? Er ég með startkapla? Er ég með

aukaöryggi?

T stendur fyrir tires (hjólbarða). Er jafn þrýstingur í öllum dekkjum? Er bíllinn rétt dekkjaður miðað við aðstæður? Eru dekkirnir hrein eða þarf að tjórhreinsa þau? Er ég með varadekk eða viðgerðarsett? Hvað með tjakkinn?

R stendur fyrir radiator (vatnskassa). Er vatnskassinn fullur? Er ég með aukakælivökva? Lekur hann kannski? Virkar miðstöðin?

O stendur fyrir oil (olíu). Er næg olía á mótör, skiptingu og drifum? Er undirvagninn smurður? Er ég með aukalíu á mótör, skiptingu og drif?

L er síðasti stafurinn og stendur hann fyrir lights (ljós). Eru allar þerur heilar? Virka háu ljósin og aukaljós á bílunum? Eru ljósin hrein? Ætti ég að vera aukaperur, t.d. í kastara og aðal ljósum, til vonar og vara?

Þetta er sáraeinfalt og þrælvirkar. Með því að muna þetta eina orð getum við í fljótheitum farið yfir ástand bílsins og metið hvort við erum tilbúin í ferðalag. Ef ekki, er bara tvennt að gera - græja það sem á vantar og dunda sér við það á meðan að snúa þessu snjallræði á íslenska tungu. Tillögur óskast.

## Nýr Porsche Cayman S

Nýr sportbíl frá Porsche, Cayman S, er til sýnis í Bílabúð Benna.

Cayman S er nýjasta afkvæmið frá Porsche og staðsettur milli Boxster og 911 Carrera. Cayman S er byggður á sömu hugsun og Boxster en vélin liggur í miðjum bílunum sem tryggir honum fullkomna þyngdardreifingu. Ný og öflugri vél gerir bíllinn að skemmtilegri viðbót í Porsche-fjölskylduna.

Vélin er sex strokka og 3,4 lítra sem skila 295 hestöflum við 6250 snúninga. Jöfn þyngdardreifing ásamt framúrskarandi stífleika



Nýji Cayman S bíllinn frá Porsche þykir vel heppnaður og hámarkshraði hans er 275 km/klst.

Í yfirbyggingu gera Cayman S að veglegum bíl en hann fór Nurburg hringinn á aðeins 8,11 mínútum.

Bíllinn verður til sýnis í Bílabúð Benna í dag milli klukkan 11 og 16.



Nýja 3 línan frá BMW hefur verið að hala inn viðurkenningum að undanfögnu.

## 3 línan frá BMW nýtur velgengni

Breska bílblaðið WhatCar? hefur valið BMW 320d ES Saloon sem bíl ársins 2006.

BMW bílaframleiðandinn hefur notið vaxandi velgengni að undanfögnu sem má að miklu leyti rekja til vinsælda nýju 3 línunnar. Á verðlaunaafhendingu WhatCar? bar BMW sigur úr þýtum í tveimur flokkum, auk þess að hreppa titilinn eftirsóttu.

Af þeim fjölmörgu verðlaunum og viðurkenningum sem 3 línan hefur hampað að undanfögnu er að sögn Heiðars J. Sveinssonar, forstöðumanns sölusviðs B&L, WhatCar? titillinn eflaust sætasti sigurinn, ekki síst þar sem þetta

er í fyrsta sinn sem BMW hlýtur þann titil.

„Sem dæmi um aðrar viðurkenningar hefur 3 línan verið valin bíll ársins hjá Auto Express og Test Drive, auk þess sem hún er fyrsta línan hjá BMW sem hefur verið valin The Scottish Car of the Year. Sá titill þykir reyndar einn sá eftirsóknarverðasti í Evrópu, þar sem skilyrðin eru fremur ströng í því vali. Nú síðast hlaut 3 línan the Fleet Excellence Awards verðlaunin sem veitt eru árlega í Bretlandi fyrir bestu fyrirtækjabíla. Því má svo bæta við að meira en 30.000 áskrifendur að Fleet Week völdu 3 línuna besta bíllinn eða The User Chooser Car of the Year,“ segir Heiðar að lokum. ■

## Metsala hjá Honda í Evrópu

Honda sló sölumet á bílum, aflvélum og mótörhjólum í Evrópu á síðasta ári.

Metsala var á Honda-bílum í Evrópu árið 2005 og seldust alls 285.924 eintök. Er það 11,8 prósentu aukning frá árinu á undan. Þetta er annað árið í röð sem Honda slær sölumet í Evrópu. Honda hefur nú sett stefnuna á að slá sölumet aftur árið 2006 og hefur áformað sölu á 310.000 ökutækjum í Evrópu sem er 8 prósentu aukning við sölutölur ársins 2005.

Að auki hefur sala Honda í Evrópu á aflvélum aukist í 3.453.516 árið 2005, um 9,3 prósent. Einnig jókst sala mótörhjóna um 2,7 prósent í 282.520 árið 2005.



Honda CR-V hefur verið einn vinsælasti bíll Honda-framleiðandans undanfarin ár, bæði hér og annars staðar í Evrópu.

## Frum sýningum nýja verðlaunabíla



159. Nýr kynbættur Alfa



Reynsluaktu nýju verðlaunabílunum

Meginmál: Alfa Romeo 159 og Fiat Grande Punto. Alfa Romeo 159 vann hönnunar verðlaunin falletgasti bíll í heimi árið 2006. Grande Punto vann Gullna stýrið í Þýskalandi og skákaði þar Toyota Yaris, Renault Clio og VW Polo. Báðir hafa þegar fengið 5 stjörnur í Euro NCAP öryggisprófinu.

Komdu, skoðuðu og prófaðu glæsilega bíla frá Fiat og Alfa Romeo.

FIAT



PTT

PTT - Malarhöfða 2a - 110 Reykjavík - Sími 570 9900 - Fax 570 9909 - www.fiat.is - www.alfaromeo.is

## FRUM sýning

laugard. frá kl. 13:00-17:00

### MAZDA SPEED 6

Vel búinn og rúmgóður fjórhjóladrifinn fjölskyldubíll en jafnframt fullvaxinn orkubolti með 274 hestafla vél.

Komdu og finndu....



Komdu og reynsluaktu!



X4 ehf.

Opið virka daga 10-18:30 - Laugard. 13-17

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.

Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - www.x4.is

# NÝI ÖKUSKÓLINN

**Öll vinnuvélaréttindi  
Öll ökuréttindi  
Skapaðu þér þitt  
eigið góðæri**



Nýi ökuskólinn **et** húsinu Klettagörðum 11


S: 588-4500 www.et.is

# Nýtt!



PCI YUKON Full Lid

**Mikið úrval af  
geymslukistum  
á flestar  
tegundir pallbíla**



PCI YUKON Gull Wing

**Bilanaust**

Bildshöfða 9 • 110 Reykjavík • Sími: 535 9000  
Fax: 535 9090 • www.bilanaust.is

**PCI**

**FILTERMAG**

**WeatherTech**

## Mikilvægt að vernda bílinn með ryðvörn

*Koma má í veg fyrir ryðmyndun á bílum með uppbyggjandi viðhaldi. Allir bílar munu þó á endanum ryðga.*

Ryð á bílum er hvítleitt vandamál. Það er hins vegar ferli sem hægja má verulega á sé því gefinn gaumur og viðhaldi sinnt.

Til þess að útskýra hvað ryð er í raun og veru þarf að fara í smá efnafræði. Sé ryðmyndun útskýrt með einföldum hætti má segja að hún sé efnahvarf þar sem súrefni í andrúmsloftinu og vatn í lofti eða öðru umhverfi ganga í samband við járn og mynda járnhýdroxíð, nánar tiltekið hið umrædda ryð. Þetta þýðir að bíllinn þarf einungis að komast í tæri við andrúmsloft og bleytu til að ryðga. Saltið sem dreift er á götur höfuðborgarsvæðisins og víðar hefur svo enn verri áhrif á bílana okkar því það flýtur fyrir ryðmynduninni með því að gefa bleytni aukna rafleiðni.

Jóhann Oddgeirsson hjá Ryðvörn og bóni í Kópavogi segir að það stoppi ryðmyndun að miklu leyti að láta ryðverja bílinn. „Yfirleitt þarf að fara yfir undirvagninn á tveggja til þriggja ára fresti og allan bílinn á fimm ára fresti. Þannig er alveg hægt að halda bílnum við. Ég er til dæmis með Volvo, árgærd 1978, sem var ryðvarinn nýr og síðan hefur hann verið ryðvarinn þrisvar og í dag er hann algjörlega óskemmdur af ryði.“ Það sem ryðvörnin gerir er að hún verndar og lokar járninu þannig að það kemst síður í samband við bleytu og andrúmsloftið.

Jóhann segir að allir bílar muni á endanum ryðga. „Það er orðið miklu betra járn í nýju bílnum. Þeir ryðga samt allir að lokum.“ Jóhann bendir á nýlega sænska rannsókn sem leiddi í ljós að fjölmargar bílategundir hafi komið



Ryðblettir mynda oft mjög ljót sár á bílum og draga mjög úr verðgildi hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

mjög illa út úr ryðvarnarprófi, tegundir sem áður þóttu sterkbyggðar og nærri ryðfrjár.

Jóhann segir að versta sem hægt sé að gera við bílinn sé að láta hann standa óhreinan.

Umgengni er höfuðatriði og passa þarf að bíllinn sé reglulega þvegin. Þannig má með litlu tilstandi koma í veg fyrir ótímabæra ryðmyndun á bílum.

steinthor@frettabladid.is



Nýr jepplingur frá Kia, Sportage, verður frumsýndur í dag hjá KIA-umboðinu.

## Stórsýning hjá KIA

*KI-umboðið verður með bíla-sýningu nú um helgina þar sem meðal annars verða frumsýndir tveir nýir bílar.*

Sportjepplingurinn KIA Sportage með nýrri 140 hestafla dísilvél og nýr KIA Rio með 110 hestafla dísilvél verða frumsýndir hjá KIA-umboðinu á Laugavegi. Auk þess verða KIA Sorento, KIA Picanto og KIA Cerato til sýnis.

Einnig verður sérstök þjónustukynning fyrir KIA-eigendur. ASKJA, sem sér um þjónustu fyrir KIA, mun bjóða KIA-eigendum ókeypis bremsu- og högg-

deyfaskoðun í dag, auk þess sem farið verður yfir allar perur og frostlögur mældur.

Deir sem kaupa nýjan KIA-bíl, eða koma með KIA-bílinn sinn í þjónustusköðun fyrir 15. júní, eiga einnig kost á að vinna miða fyrir tvo á úrslitaleik heimsmeistarátötsins í knattspyrnu sem fram fer í Þýskalandi næsta sumar.

Sýningin er eins og áður segir í sýningarsal KIA að Laugavegi 172 og verður opin í dag frá klukkan 10 til 16 og á morgun frá klukkan 12 til 16. KIA-sýningar verða einnig hjá söluumboðunum í Reykjanæsbæ, á Selfossi, Reyðarfirði, Ísafirði og hjá Höldi á Akureyri.



Elsta bílasala landsins, Aðalbílasalan, mun í rúma viku standa fyrir sérstökum tilboðsdögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Dúndursala hjá Aðalbílasölu

AÐALBÍLASALAN BÝÐUR UPP Á MIKINN AFSLÁTT AF NOTUÐUM BÍLUM NÆSTU DAGA.

Þessa dagana stendur yfir dúndurúsala hjá Aðalbílasölu við Eirhöfða. Bílasalan mun bjóða upp á margar gerðir notaðra bíla með allt að 45 prósentu afslætti og auk þess mun Lýsing bjóða upp á allt að 100 prósentu fjármögnun. Í fréttatilkynningu segir að tilboðsdagarnir muni standa yfir í rúma viku og er því kjörið tækifæri til að gera góð kaup á notuðum bílum hjá Aðalbílasölu, sem er elsta bílasala landsins.

**allt** ferðir

Alla miðvikudaga  
og laugardaga

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000



Eins og flestir aðrir sænskir bílar þýkir Saab 9-3 einstaklega öruggur bill.

## Saab 9-3 Sport Sedan fær öryggisviðurkenningu

Saab 9-3 Sport Sedan hlaut hæstu einkunn fyrir öryggi hjá bandarísku stofnuninni Highway Loss Data Institute, HLDI.

Í nýjustu skýrslu HLDI, þar sem teknar eru fyrir 371 bílategundir á bandarískum vegum á árunum 2002-2004, fær Saab 9-3 Sport

Sedan hæstu einkunn. Þetta er í fyrsta skipti sem bíllinn er með í árlegri úttekt á tryggingabótum, sem gefin er út af HLDI.

„Þetta er frábær fyrsta niðurstaða í HLDI-könnuninni fyrir 9-3 Sport Sedan,“ segir Thomas Fritzon, verkfræðingur á sviði öryggisþróunar hjá Saab. „Öflugar þjófavarnar voru hannaðar í þennan bíl frá upphafi og við ráð-

færdum okkur við sérfræðinga í tryggingamálum á meðan á þróunarferlinu stóð. Öll þessi vinna hefur skilað sér í niðurstöðunum frá HLDI. Það er einnig ánægjulegt að sjá að árekstraröryggi okkar skuli áfram vera svona árangursríkt á vegum úti þar sem það skiptir mestu máli að vernda raunverulegt fólk í raunverulegum slysum.“

## HVAÐ ER... DRIFLÆSING?

Ímyndum okkur að við séum að horfa undir dæmigerðan jeppa. Undir bílnum, um það bil á milli framsætanna, er girrkassinn og fyrir aftan hann, oft aðeins til hliðar, er millikassinn. Úr honum fara tvö drifsköft. Annað í framhásinguna og hitt í þá aftari. Þar sem drifsköftin tengjast hásingunum eru stórar kúlar. Inni í þeim eru mismunadrif sem gegna þrífættum tilgangi: Miðla vélaraflinu til hjólanna, gíra niður snúningshraða og, síðast en ekki síst, leyfa hjólunum að snúast mishratt, til dæmis í beygju.

Án mismunadrifs væri nánast ómögulegt að beygja bíl án þess að brjóta eitthvað. Til að leyfa hjólunum að snúast mishratt eru mismunadrif hönnuð til þess að dreifa togi vélarinnar jafnt á hjólin. Byrji annað hjólið á hásingunni að spóla, til dæmis á ís, þarf ekki nema örlítið tog til að halda áfram að spóla. Þar sem hjólin fá alltaf jafnmikið tog er líklegt að hitt hjólið snúist ekki. Það þarf nefnilega meira tog til að byrja að snúa hjólinu en til að spóla á ís.

Jeppafólk og aðrir sem ferðast mikið að vetri til vita að það getur verið erfitt að losna úr slíkum aðstæðum. Þá kemur driflæsingin

til sögunnar. Með því að ýta á rofa innan í bílnum getur bílstjórnin læst drifinu á þann hátt að hjólin snúast jafnhratt, hvað sem á bjátar. Algengast er að pinni gangi inn í drifið með aðstoð rafmagns eða loftþrýstings, læsi því og komi í veg fyrir að hjólin geti snúist óháð hvoru öðru. Með öðrum orðum eru öxlarnir á hjólunum tengdir saman þannig að þeir snúast sem einn.

Driflæsingar eru eingöngu ætlaðar til aksturs við erfiðar aðstæður, svo sem í ís, sandi eða snjó, og flestir hafa fyrir sið að nota þær eingöngu til að losa sig úr festum eða komast yfir stuttan og erfiðan kafla og forðast að beygja mikið. Akstur á malbiki með læst drif er ekki ráðlegur þar sem viðnám hjóla við jörðu er mikið og kallar á að hjól geti snúist mishratt.



Driflæsingar eru hentugar til að losa bíla úr slæmum festum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Mazda Speed 6 frumsýnd

X4 frumsýnir í dag nýja Mözdu Speed 6.

Bílasalan X4 mun í dag frumsýna glænýja Mözdu Sport 6 sem margir hafa beðið með þónokkri eftirvæntingu. Speed 6 er vel búinn og rúmgóður fjölskyldubíll. Hann er fjórhjóladrifinn og hefur þar að auki mjög stóra og kraftmikla vél sem skilar heilum 274 hestöflum.

Frum-sýningin mun standa frá klukkan 13 til 17 í dag hjá X4 á Malarhöfða en meðal annars verður fólk boðið upp á að reynsluaka bílnum.



Mazda Speed 6 er kraftmikill fjölskyldubíll sem verður frumsýndur hjá X4 á Malarhöfða í dag.

# allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga



Aðeins kr. 13.893,- á mánuði\*

**Kalos**

**Chevrolet gæði - frábært verð!**

Chevrolet Kalos er glæsilegur, rúmgóður og vel búinn bíll. Nýtskuleg hönnun að hætti ítala samhliða gæðakröfum General Motors gerir Chevrolet Kalos að framúrskarandi bíl fyrir þig. Gríska orðið Kalos þýðir fallegur og stendur Chevrolet Kalos fyllilega undir nafni.

**Kalos SE 1,4 ltr. beinskiptur kr. 1.299.000,-**

\* 30% útborgun og eftirstöðvar á bílasamning í 84 mánuði.

**Bilabúð Benna**

Bilabúð Benna - Vagnhöfða 23  
Sími 590 2000 - www.benni.is

Bílasalan Ós - Njarðarnesi  
630 Akureyri - Sími 462 1430



**CHEVROLET**

**Siglingar** geta verið skemmtilegur ferðamáti. Það er afslappandi að hefja ferðalög til annarra landa á því að hafa það notalegt um borð í skipi í einhverja daga.



## Gjald fyrir farangur

Ryanair hefur kosið að lækka verð á flugmiðum sínum um níu prósent. Á móti hefur flugfélagið tekið upp gjald á innritaðan farangur. Farþegar með handfarangur greiða því lægsta verð fyrir flugmiðann.



Ryanair er sífellt að leita leiða til að skera niður verð á flugmiðum félagsins. Flugfélagið lækkaði nýverið miðaverð og tekur þess í stað upp gjald á þá farþega sem innrita farangur.

Lággjaldaflugfélagið Ryanair hefur tekið upp nýtt bókunarkerfi sem hefur þann kost að almenn fargjöld lækka en á móti kemur að farþegar þurfa að greiða gjald fyrir að tékka inn farangur. Þeir sem eingöngu eru með handfarangur þurfa ekki að greiða neitt aukalega.

Ryanair hefur verið í miklum vexti síðastliðin ár. Með því að skera niður ýmsa þjónustu hjá flugfélaginu, eins og mat og drykk um borð, hallandi sæti, gluggahlera, teppalagða ganga, sætisborð og annað slíkt, hefur Ryanair tekist að lækka miðaverð umtalsvert. Hið nýja fyrirkomulag er enn einn liðurinn í sparnaðarstefnu fyrirtækisins.

Með nýju breytingunum verður verð á flugmiða lækkað sem nemur um níu prósentum. Á móti kemur að þeir farþegar sem ferðast með eina tösku eða fleiri þurfa að greiða gjald sem er tæpar 300 íslenskar krónur. Með þessu telur flugfélagið að farþegum sé ekki mismunað heldur greiði hver og einn fyrir þá þjónustu sem er notuð.

Um miðjan mars verður öllum farþegum Evrópusambandsins heimilað að innrita sig í flug gegnum netið, að því gefnu að eingöngu er ferðast með handfarangur. Með þessu móti geta farþegar komist hjá biðröðum, bæði við innritunarborð og brottfararhlíð.

Áætlað er að 25 prósent farþega Ryanair ferðist eingöngu með handfarangur, um helmingur með eina tösku og um 25 prósent með tvær töskur. Miðað við spá um að flugfélagið muni fljúga með 42 milljónir farþega á komandi ári eru tekjur Ryanair áætlaðar 52,5 milljónir punda fyrir greiðslur farþega á einni tösku og sömu upphæð frá þeim sem hafa meðferðis tvær töskur.

## Himnaríki fyrir sælkera

Bryndís Bjarnadóttir bjó um skeið í Brussel í Belgíu. Hún segir borgina vera himnaríki fyrir sælkera og súkkulaðilyktina liggja í loftinu.

Bryndís Bjarnadóttir bjó í Brussel í eitt og hálf ár og starfaði hún meðal annars í sjálfboðavinnu hjá Human Rights Watch. Bryndís segir borgina hafa að mörgu leyti komið sér á óvart þegar hún flutti þangað. „Stór hluti borgarinnar er dálítið grár en gamli bærinn hjá Grand Palace er mjög fallegur. Þar eru fallegar byggingar



Bryndís Bjarnadóttir bjó í Brussel um skeið og deilir með lesendum upphalds veitingastöðunum sínum í borg súkkulaðis og skrifnnsku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### VEITINGARSTAÐIR SEM VERT ER AÐ PRÓFA

- Chez Marie á Plaze Flagéy
- Le Idiot del Village. Er rétt hjá Sablon torginu.
- Aux Armes de Bruxelles. Er rétt hjá Grand Place, þar má fá dæmigerðan belgískan mat og mjög góður skelfisk
- Comme Chez Soi Gestron. Rétt við lestarstöðina Garde de Midi
- Le Maison de cyngje við Grand Plaze. Frægur veitingastaður sem Karl Marx sótti mikið. Margir frægir leikarar leggja líka leið sína þangað. Er í dýrari kantinum.

og arkitektúr og mikið af verslunum og veitingastöðum,“ segir Bryndís. „Svo er súkkulaðilyktin

úti um allt. Þetta er algjörlega borg fyrir sælkera af guðs náð, sem ég er. Í Brussel finnur maður æðislega veitingastaði og alvöru súkkulaði, þetta dökka góða súkkulaði. Fyrir fólk eins og mig sem eru miklir matgæðingar er þessi borg himnasæla.“

Bryndís setti saman lista yfir veitingastaði í Brussel sem eru í upphaldi hjá henni ásamt því að mæla með nokkrum ferðum á markaði og á verslunargötum. Sérstaklega mælir hún þó með að fólk geri

- BRYNDÍS MÆLIR MEÐ**
- Ferð á antikmarkaðinn á Sablon
  - Plaze Chatelaine sem er grænmetis- og blóma-markaður
  - Dýru verslanirnar má finna á Touisoni d'or Chatelaine
  - Ódýru verslanirnar má finna á Rue de Ixelles.
  - Ferð til Antwerpen

sér ferð til Antwerpen sem er í nágrenni Brussels. Lestarferð til Antwerpen tekur um klukkustund og um 40 mínútur í akstri. „Antwerpen er rosalega sjarmerandi borg. Þar er mikill uppgangur í listum og menningu, mikið um listagallerí og skemmtilega klúbba. Maður finnur hvernig allt er yngra í anda í Antwerpen og það er mjög skemmtilegur staður fyrir þá sem eru menningarlega sinnaðir.“

johannas@frettabladid.is



## Styrkur frá FITUR

FITUR er sjóður sem veitir styrki vegna samstarfs Færeyja og Íslands til þess að bæta ferðaþjónustuna.

Styrkur verður veittur til:

- náms í tengslum við ferðaþjónustu
- samstarfs innan ferðaþjónustu - "kombinationsturisme"
- samstarfs milli landanna, sem veitir vitneskju um menningu, lifnaðarhætti, atvinnuvegi o.s.frv.
- samvinnu flutningsfélaga
- markaðssetningar í ferðaþjónustu

Til dæmis er veittur styrkur til:

- íþróttafélaga
- skóla og námsstofnanna (kynningarferðir)
- samtaka atvinnulífsins
- sveitarfélaga
- vinabæja
- hátíðarhalda

Umsóknir á ensku eða dönsku sendist til:

**FITUR**  
c/o Ferðamálaráð Íslands  
Lækjargata 3  
IS-101 Reykjavík, Ísland

Umsóknarfrest er 10. febrúar 2006.

Frekari upplýsingar og umsóknareyðublöð fást hjá ferðamannaráðum og á heimasíðunum [www.tourist.is](http://www.tourist.is) og [www.icetourist.is](http://www.icetourist.is)




Tímaritið New Yorker setur Snæfellsjökul í efsta sæti á topp tíu lista sem ferðamenn verða að sjá.

## Snæfellsjökull efstur á topp tíu lista

Íslendingar hafa ávallt gaman af því þegar erlendir ferðamenn kunna að meta fegurð Íslands. Snæfellsjökull er einn þeirra staða sem tímaritið New Yorker segir ferðamenn verða að upplifa.

Bandaríska tímaritið New Yorker birti á dögunum lista yfir þá tíu staði í heiminum sem ferðamenn eru sagðir verða að skoða. Á þeim lista er Snæfellsjökull talin besta upplifunin sem ferðamenn geta fengið og trónir í efsta sæti á þessum góða lista. Samkvæmt New Yorker má enginn láta Snæfellsjökul fram hjá sér fara, þar sé hægt að láta sér líða vel uppi á jökli og renna sér niður á skíðum á eftir.

Aðrir staðir á topp tíu lista New Yorker eru Yap í Míkrónesíu, Bray í Berkshire, þar sem blaðið segir að hægt sé að fá sniglahafragraut og beikonís. Svo má nefna



Snæfellsjökull hefur löngum veitt fagra sýn frá höfuðborg og nágrenni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tókýó þar sem hægt er að eyða öllum gjaldeyrinum án þess að fá samviskubit, Boca Paila á Yucatanskaga, Glasgow í Skotlandi þar sem hægt sé að dansa á staðnum King Tut Wah Wah Hut, þar sem Oasis urðu frægir, Macao með sín spilavíti, fjallið Kilimanjaro og Gobieyðimörkin. Heimild [www.west.is](http://www.west.is). ■

# Syngjandi í Víetnam

Jón Bjarki Magnússon og Sigurður Eyþórsson eru staddir í Víetnam en þar héldu þeir meðal annars í mótörhjólaferð og var mikið stuð á þeim.

Við höfum áður sagt frá ævintýrum þeirra Jóns Bjarka og Sigurðs en þeir héldu í heljarinnar ferðalag frá Íslandi í ágúst og hafa þeir meðal annars komið við í Síberíuhradlestinni, Mongolíu og í Kína. Hægt er fylgjast nánar með ferðalögum þeirra á austurferd. blogspot.com. Nú eru þeir komnir til Víetnam þar sem þeir leika og skemmta sér ásamt einum fjórum öðrum ferðalögum.

Fyrir um 10 dögum héldu þeir svo í mótörhjólaferðalag frá borginni Hoi An upp á víetnamska miðhálandið. Að sögn strákanna var planið að komast til borgarinnar Kom Tum, sem er um 1500 metra yfir sjávarmáli, og heimsækja Bahnar-fólkið sem talar sitt eigið tungumál og hefur sína eigin siði.

Þeir segja að það hafi verið furðuleg lífsreynsla að keyra um vegi Víetnams. „Í Víetnam eru voða fáir bílar, úti um allt og allstaðar eru hinsvegar mótörhjóla af öllum stærðum og gerðum. Þeir fáu bílar sem við sáum þegar við keyrðum eftir þjóðvegi eitt voru mestmegnis gamlir herflutningabílar sem núna eru notaðir til að flytja timbur eða dósamat. Meðfram veginum voru stór skilti á víetnömsku. Við skildum ekkert nema stóru stafina sem komu í endann, „AIDS“. Það er skrytið að vera í öðru landi og skilja ekkert í tungumálinu, alls staðar eru textar sem hafa nákvæmlega enga þýðingu fyrir mann. Úr hátal- arakerfum sumra bílanna ómuðu raddir á víetnömsku og við höfðum ekki hugmynd hvað verið var að segja.“

Að lokum komust strákarnir þó á áfangastaðinn, til Bahnar-fólksins í Kom Tum. „Við fórum svo í lítið Bahnar-þorp í útjaðri bæjarins. Þarna býr það í litlum, gömlum trékokum. Við settumst hjá nokkrum mönnum sem spiluðu á gítar og drukku vín. Áður en langt um leið voru þeir farnir að spila „Hey Jude“ og við sungum með enda er gaman að syngja með fólki í Víetnam,“ segja stákarnir, greinilega ánægðir með velheppnaða mótörhjólaferð. ■



Bústaðir Bahnar-fólksins í Víetnam eru afar fábrotnir eins og sjá má.



Jón Bjarki og Sigurður þegar þeir voru staddir í St. Pétursborg.



Golfvellirnir við Foxhill Club & Resort eru góðir skógarvellir. Vellirnir eru tveir sem gefur golfurum kost á meiri fjölbreytni.

## Golf á góðum stað


Í apríl og maí verða GB ferðir í samvinnu við Icelandair með vorferðir á Foxhill Club & Resort í nágrenni Lundúna. Hótelinu fylgja tveir 18 holu golfvellir.



Foxhill Club & Resort er nýtt golfhótel og er aðstaða þar til fyrirmyndar. Innifalið í golf-ferðum GB ferða er aðgangur að heilsulind hótelsins.

Boðið er upp á þrjár ferðir, fimm eða þrjár nætur, og innifalið er flug til og frá London, morgunverður og kvöldverður, golfhringir og aðgangur að heilsulind hótelsins.

Nánari upplýsingar má finna á [www.gbferdir.is](http://www.gbferdir.is). ■



# ÚTSALA

# 20-70%

## AFSLÁTTUR

Útsölulok á þriðjudag 31. janúar

Opið:  
Mánud.-föstud. 10-18  
Laugardaga 10-16  
Sunnudaga 11-16

Tökum til í flugunýtingarefninu og seljum með miklum afslætti. Takmarkað magn af önglum 60% afsl.

# ÚTIVIST

# og VEIÐI


www.utivistogveidi.is

Síðumúla 11 • 108 Reykjavík • S: 588-6500

AUGLÝSINGASÍMI

# 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



## Fyrst á ströndina



Þú ert í forgangi hjá Avis

Bókaðu bílinn héma heima og fáðu um leið **Forgangskort** hjá Avis. Þá færðu forgang þegar þú sækir bílinn á flugvöllinum og þú nýtur um leið bestu kjara.

Með **Forgangskorti** Avis þarftu ekki að bíða eftir bílnum - bíllinn bíður eftir þér.

**Kanarí - verð frá kr. 16.200 á viku**  
m.v A flokk - Innifalið í verði: ótakmarkaður akstur, kaskó og þjóftrygging, skattar og flugvallargjöld



Við leggjum okkur fram





Knarravogi 2 / Sími: 591 4000 / [www.avis.is](http://www.avis.is)

allt  
**tíska o.fl.**

**marimekko®**

er flutt á Laugaveg 56.

**Útsala og fjöldi opnunartilboða!**

Verið velkomin.

**marimekko®**  
Laugaveg 56.

Tískuvörverslunin

**CHA\*CHA**

Glæsibæ • Sími 588 4848

**Útsalan  
í fullum gangi**

Erum að taka upp nýjar vörur

**Try Me buxurnar  
komnar**

**VISIR**

**NFS ER Á VISIR.IS**

NFS í beinni á VefTV og upptökur þegar þér hentar  
Visir.is er stærsta fréttalind landsins. Þar miðla Fréttablaðið og Nýja  
fréttastofan fréttum allan sólarhringinn og nú er NFS í beinni á VefTV  
frá morgni til kvölds. Þú færð fréttimar beint í æð í vinnunni eða heima  
og upptökur af fréttum dagsins tryggja að þú missir ekki af neinu.



Litrik fót og skór lifga upp á hverja ferð  
í líkamsræktina. Það er skemmtilegra að vera  
smart í ræktinni.



Veski 1.750 kr.  
Accessorize.

Flöskugrænn og  
silfraður toppur  
2.990 kr., Vero Moda.

Hálsmen 1.490 kr.  
Vero Moda.

Klútur með  
palliettu-  
mynstri  
2.490 kr.  
Vero Moda.

## Silfursveifla

*Silfur er alltaf í tísku en verður  
sérlega áberandi næsta sumar.*

Gull og gylltar flíkur hafa verið  
áberandi í tískunni í vetur og urðu  
um tíma sterkari en skínandi silfur-  
skrautið.

Silfurflíkur og fylgihlutir eru  
þó engan veginn á undanhaldi,  
silfrið er háþmóðins og það er flott  
að skarta silfurveski eða skóm við  
annars klassískt dress.

Silfurskart er alltaf flott og  
viða má sjá silfurlitaðar palli-  
ettur sem skraut á pilsí eða  
toppi. Silfur er í raun alltaf í  
tísku þó svo að áherslur séu mis-  
munandi og í sumar verða silfrað-  
**SAMHERJI HF**  
[www.samherji.is](http://www.samherji.is)

# MARKAÐURINN

## Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

AUGLYSINGASIMI  
**550 5000**

Samkvæmt fjölmörgum Gallup október 2005.

# Pyntuð í fangelsi Saddams

Mayada Al-Askari fæddist inn í valdamikla fjölskyldu í Írak. Það kom ekki í veg fyrir að hún lenti í fangelsi einræðisherrans Saddams Hussein grunuð um áróður gegn ríkisstjórn hans. Mayada var pyntuð ásamt sautján konum sem voru með henni í klefa númer 52 í fangelsinu Baladyat í Bagdad. Ein þeirra lést. *Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir* ræddi við Mayödu.

Reynsla Mayödu er reifuð í bók rithöfundarins Jean Sasson sem nefnist á ensku *Mayada - Daughter of Iraq*. Mayada var hneppt í varðhald 19. júlí 1999 af öryggissveitum ógnarstjórnar Saddams Hussein. Hún var handtekin stuttu eftir að hún mætti til vinnu í litlu prentsmiðjunni sinni, ásökuð um að hafa prentað áróður gegn ríkisstjórninni. Það er nokkuð sem hún segist aldrei hafa gert. Á þessum tíma hafði ríkisstjórnin hert eftirlit með prentsmiðjum af hræðslu við slíkan áróður.

Mayada hafði rekið prentsmiðjuna í áratug. Hún opnaði hana ári eftir að hún skildi við manninn sinn, sem hún á með tvö börn. Á þeim tíma lét hún einnig af skrifum sínum fyrir tímaritið *Alef Ba*, sem hafði fært henni þrjár viðurkenningar úr hendi Saddams Hussein.

## Átján í átta manna fangaklefa

Daginn sem Mayada var handtekin var hún flutt í fangelsið Baladyat, þar sem höfuðstöðvar öryggissveitanna var einnig að finna.

Eftir stutta yfirheyrslu var hún dregin að fangaklefa númer 52. Hún var því viss á þeirri stundu að hún fengi dauðadóm. Hún var átjándi fanginn í klefa sem átti að rúma átta. Mánuðinn sem hún sat inni lést kona í klefanum af völdum barsmíða. Önnur var pyntuð með rafmagni og lemstruð innvortis en tórfri enn þegar hún var látin laus úr fangelsinu.

„Ég verð nánast veik þegar ég



hugsa til kvennanna úr fangelsinu og óþekktra örlöga þeirra, um börnin þeirra og fjölskyldur. Ég hugsa einnig um það hvernig þessi reynsla hefur fært mig nær Jean Sasson sem ég hafði kynnst þegar ég vann sem túlkur árið 1998. Hún er besti vinur minn og ég er mjög stolt og þakklát fyrir að eiga svona góðan vin," segir Mayada þegar hún er innt eftir því hvernig sé að

„Ég verð nánast veik þegar ég hugsa til kvennanna í fangelsinu og óþekktra örlöga þeirra, um börnin þeirra og fjölskyldur.“

hugsa aftur til Baladyat fangelsisins. „Áður dreyndi mig ítrekað draum, eða það má öllu heldur segja að ég hafi fengið martraðir eftir reynslu mína í fangelsinu. Ég er á gangi án allra skilríkja um götur Bagdad á leið úr landi og kemst ekki burt. Draumurinn hvarf ekki þrátt fyrir að ég væri hólpin og komin til Jórdaníu. Draumurinn hefur mig hins vegar ekki dreymt síðan 9. apríl 2003, en þá marseruðu Bandaríkjamenn inn í Bagdad og Saddam var búinn að vera.“

## Ætternið verndaði hana

Fjótlega eftir að hún var fangelsuð kom í ljós að hún naut forréttinda, enda af merkingu og þekktum ættum í Írak. Föðurafi hennar, Jafar Pasha Al-Askari, var fyrir tíð Saddams sendiherra í Bretlandi og móðurafi hennar, Sati Al-Husri, var rithöfundur og ráðherra í ríkisstjórn Faisal, fyrsta kongungs Íraks, sem lést árið 1933. Móðir hennar hafði einnig verið tíður gestur í veislum mektarmanna í Írak. Þær þekktu vel fyrrum fangelsisstjórnann í Baladiyat, Fadi Al-Barrak, sem síðar missti allt traust Saddams og var drepinn. Fjölskyldan hafði aðgang að Saddam sem þótti mikið til fjölskyldunnar koma.

Á öðrum degi var Mayada kölluð til yfirheyrslu, öðrum konum úr fangaklefanum til undrunar. Þær höfðu allar þurft að dúsa í fangelsinu í tvær til þrjár vikur áður en kom að fyrstu yfirheyrslunni. Stuttu áður en henni var sleppt var hún þó kölluð til yfirheyrslu sem hún mun aldrei gleyma. Hún hélt sér yrði sleppt en var þess í stað pyntuð. Mayada var slegin

svo fast að hún lyftist frá gólfinu. Rafmagnstæki var sett við tær og eyrnasnepla hennar svo stuðið leiddi í gegnum allan líkamann. Pyntingarnar stóðu í klukkustund, eða þar til hún missti meðvitund. Þrátt fyrir alvarleika pyntingarinnar var hún væg miðað við ítrekaðar pyntingar sem hinar konurnar í klefa númer 52 þurftu að þola.

## Úr fangelsinu eftir mánuð

Konurnar áttu sér ólíka sögu. Margar þeirra vissu ekki hvers vegna þær voru í fangelsinu. Þær áttu enga von um að þeim væri trúað. Eftir að samfangar hennar í klefanum komust að ætterni hennar voru þær vissar um að henni yrði sleppt. Þegar konurnar fóru að trúa því að sá tími væri



að nálgast fóru þær að treysta á að hún hefði samband við fjölskyldur þeirra, sem margar hverjar höfðu enga hugmynd um hvar ástvinir þeirra væru niður komnir. Hún lærði því símanúmer fjölskyldna kvennanna utan að. Hún hringdi síðar úr símaklefa í þær fjölskyldur sem hún náði sambandi við, rétt til þess að segja hvar konurnar væru niðrkomnar og að þær væru á lífi.

„Já, fangelsisreynslan hefur breytt mér. Ég stekki upp í hvert sinn sem dyrabjallan hringir og það tók mig langan tíma að venja mig við farsímann. Ég er ekki eins huguð og ég var, ég hugsa um blessun guðs og tek ekki hlutunum sem gefnum,“ segir Mayada.

„Ég yfirgaf Bagdad stuttu eftir að mér hafði verið sleppt og hef aldrei snúið aftur. Ég hef því enga hugmynd um örlög kvennanna sem ég kynntist í fangelsinu. Mér þykir það leitt og mér líður illa yfir því að vita ekki hvað varð um hverja og eina þeirra.“

## Engar tölur um illvirkin

Mayada segir að engar tölur séu til um illvirki ríkisstjórnar Saddams.

## ÞEGAR SARA VAR PYNTUÐ

Hurðin á klefanum var rifin upp og Söru hrint inn. Mayada leit yfir öxlina á Samöru samfanga sínum.

Sara lá á grúfu með andlitð niður í gólf. Þrátt fyrir að vera enn stífar eftir pyntingar stóðu Mayada og Samara upp og slógust í hóp hinna kvennanna sem stóðu í kringum Söru.


Iman snéri henni rólega við. Reykur liðaðist út um munninn á Söru. Mayada hrökk við og dró sig frá hópnum. „Hvaða reykur er þetta?“

„Kveiktu þeir í innflunum?“ hrópaði Muna.

Samara hristi höfuðið. „Mér sýnist þeir hafa drepði aumingja stúlkuna í þetta sinn.“

„Hvað eigum við að gera?“ spurði Sabah. Samara skoðaði líkama Söru. Kjöllinn hennar hafði verið rifinn í sundur að framan. „Sjáið, þeir hafa sett rafstraum í gegnum hana á fjölmörgum stöðum.“ Mayada leit á stúlkuna og sá sárin sem höfðu myndast frá rafstuði á eyrum, vörum, geirvörtum, úlnliðum og ökkla. Henni varð hugsað til sársaukans sem hún fann fyrir þegar straumurinn fór í gegnum eyrnasnepla og tær hennar sjálfar. Hún efaðist um að Sara myndi lifa þetta af.

Úr bókinni *Mayada - Daughter of Iraq*. Þytt úr ensku.



Hins vegar hafi 375 fjölda-grafir þegar fundist og sú tala fari hækkandi: „Það sorglega er að þarna eru konur, börn og gamalt fólk, jafvel heilu fjölskyldurnar grafnar.“

Mayada segir Bandaríkjamenn að Írökum að losna við ríkisstjórn Saddams: „Við erum þakklát fyrir það, því við hefðum aldrei haft styrk til þess ein og óstudd vegna kúgunarinnar og viðskiptabanssins sem ríkti,“ segir Mayada en bætir við að lýðræðið geti ekki blómstrað í her-setnu landi. „Þegar síðasti erlendi hermaðurinn og byggingaverkamaður hverfur frá Írak, með þökkum fyrir hjálpinu og stuðninginn, munum við sjá breytt Írak, stöðugt og umburðarlynt. Írakar eru ekki hryðjuverkamenn, þeir vilja einfaldlega lifa lífinu lifandi.“

## Réttað yfir Saddam

Mayada fylgist með réttarhöldunum yfir Saddam. Hún segir að fólk hafi búið í helviti þegar Írak laut hans stjórn. Dráp og handtökur hafi verið daglegt brauð, enginn hafi verið óhultur. Hún bendir í því sambandi á frásögn sína í bókinni þegar hún yfirgaf Baladiyat fangelsið: „Yfir 200 menn sátu í hnipri í útjaðri herbergis þar sem samviskufangar voru geymdir. Búndi hafði verið fyrir augu sumra þeirra. Allir voru þeir handjárnadír. Ég ímyndaði mér þá að þeir hlytu að hafa verið handteknir fyrir götuóeirðir á meðan ég sat inni, en síðar frétti ég að áróðri gegn ríkisstjórn Saddams hefði verið dreift á svæði við Kadumia í Bagdad. Öryggislögreglan komst á snöðir um bleðilinn og handtók alla sem þar voru teimur dögum síðar. Enginn veit hvort fólkíð sem var handtekið tók nokkurn þátt í dreifingu áróðursins. Þarna gæti því hafa verið saklausir menn, bara fólk sem var að versla í búðum eða að vinna þar,“ segir Mayada. Svona grimmdarverk hafi verið taktur ríkisstjórnarinnar. „Fólk var sagað í sundur með keðjusögum, blóðið var tæmt úr

SAGAN UM DÓTTUR ÍRAKS Bókin kom út fyrir þremur árum og er fánleg á netinu. Hún greinir frá reynslu Mayödu af pyntingum í fangelsi öryggissveita Saddams Hussein. Jean Sasson ritaði bókina. Hún er þekkt fyrir sögur úr lífi arabískra kvenna.

líkama þeirra og eitruð var fyrir því. Að vera undir stjórn Saddams var eins og að búa í hryllingsmynd. Ekkert sem sagt verður í réttinum mun endurspeglar blóðþyrsta ríkisstjórn hans,“ segir Mayada. Sama hvaða dóm þeir hljóti í þá nái sá dómur ekki yfir grimmdarverk Saddams Hussein. „Guð einn getur refsað, dæmt og bætt á sanngjarnan hátt fyrir það sem fórnarlömbin urðu fyrir. En þar til að því kemur er ég sannfærð um að Saddam verður dæmdur til dauða og ég trúi því svo sannarlega að stærri dómur biði hans hjá skaparanum.“

## EKKI AFTUR TIL ÍRAKS

Mayada stýrir vikulegum sjónvarpsþætti sem kallast *Hliðið* að Mesópótamíu á sjónvarpsstöðinni Al-Fayhaa. Þátturinn fjallar um daglegt líf í Írak: Um hryðjuverkamenn sem eru handteknir

*Fólk var sagað í sundur með keðjusögum, blóðið var tæmt úr líkama þeirra og eitruð var fyrir því. Að vera undir stjórn Saddams var eins og að búa í hryllingsmynd.*

og vitnisburð þeirra. Um fólk sem var vikið úr landinu á nýunda áratungum. Um fólk sem missti ættlingja sína á tímum ógnarstjórnar Saddams. Þátturinn er sendur út frá sjónvarpsstöðinni Ajman í Sameinuðu Arabísku furstadæmum vegna þess hve óstöðugt ástandið er í Írak.

Þegar Mayada bjó í Írak trúði hún því alltaf að ástandið yrði betra. En það tók hana aðeins tvo daga að fara úr landi eftir að hún losnaði úr fangelsinu. Nú segir hún allsendis óvíst að hún fari nokkur tímann aftur til Írak. „Aldrei að segja aldrei, en í dag myndi ég segja að það væri afskaplega ólíklegt.“ ■





JOHNNY CASH Það skiptust á skin og skúrir í einkalífi þessa mikla kántríkappa, eins og kemur fram í myndinni Walk the Line.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Sannleikurinn um svartklædda manninn

Á næstunni verður kvikmyndin *I Walk the Line* frumsýnd. Hún fjallar um ævi og ástir kántrí-söngvarans Johnny Cash. *Birgir Örn Steinarsson* fer stuttlega yfir ævi söngvarans.

**H**vað sem ykkur finnst um Johnny Cash þá má hann eiga það að hann var auðmjúkur og heidarlegur þegar hann dó.

Hann hafði djúpa, magnþrungna en brothætta söngrodd sem ekki allir þola að hlusta á. Hún var þó engri annarri lík og gaf honum svo sterkt séreinkenni að það er ómögulegt að ruglast á honum og öðrum. Drungi hennar er líka slíkur að það færir aukna dýpt í stórkostlega texta hans sem voru oftast í söguformi. Helstu umfjöllunarefni Cash voru morð, ást og trú á Guð.

Þó svo að textarnir hafi oft verið skáldskapur og fjallað um hluti sem hann hafði kannski ekki upplifað af eigin raun var hann alltaf mjög sannfærandi sögu- maður. Eins og maður sem hafði fallið til heljar og flúið til baka til þess eins að segja sögu sína.

Að vissu leyti var það einmitt það sem hann gerði. Um það ferðalag fjallar einmitt kvikmyndin *Walk the Line*, sem skartar Joaquin Phoenix í hlutverki söngvarans. Sú mynd segir sögu Cash frá árinu 1944, þegar Cash var 12 ára, en það ár dó annar eldri bróðir hans af slysförum. Sá viðburður átti eftir að setja

langvarandi skugga á sálarlíf hans.

Í myndinni er stuttlega farið yfir það hvernig J. R. Cash, eins og hann var kallaður fyrstu 23 ár ævi sinnar, varð að atvinnu- tónlistarmanninum Johnny Cash. Það gerðist eftir að hann náði að fanga athygli Sams Phillips, upp- tókustjóra og eiganda Sun-útgáfunnar í Memphis árið 1955. Það var uppástunga Sams að skipta út upphafsstöfum John Ray í Johnny. Í fyrstu var Cash ekkert sér- lega hrifinn af hugmyndinni, þar sem honum fannst viðurnefnið Johnny of barnalegt.

Aðalþráður myndarinnar er þó ást hans á söngkonunni June Carter, sem er leikin af Reese Witherspoon, og amfetamíníknin frá tónleikaferðalögum sínum um Bandaríkin sem gerði honum lífið leitt. Það er farið ansi snar- plega yfir söguna, margt einfald- að og öðru hreinlega sleppt.

## Johnny og June

Áður en Johnny kynntist June hafði hann dádót á söng hennar þegar hann var í bandaríska flug- hernum á tímum Kóreustríðsins. Þau kynntust svo í júlí árið 1956 á Grand Ole Opry, vinsælli tónleika- røð Nashville Ryman Auditorium

sem var útvarpað beint viku- lega. The Carter Sisters höfðu verið fastur liður á dagskránni í þónokkurn tíma þegar Johnny Cash fékk boð um að koma fram, enda hafði fjölskylda þeirra þá verið þekktir skemmtikraftar í rúman áratug. Þá voru þau bæði gift öðrum. Hún var þá gift Carl Smith sem var einn vinsælasti kántrísöngvari Bandaríkjanna. Hann var giftur Vivian Liberto, elskunni sem hann hafði skrifað daglega meðan hann starfaði á herstöð í Þýskalandi við það að hlusta á útvarpsendingar rúss- neska hersins. Bæði áttu þau líka dætur, hann tvær og hún eina. Þó að þau hafi bæði orðið hrif- in við fyrstu kynni, þá höguðu þau sér nokkuð sómasamlega í lengri tíma. Fyrst og fremst var það ævilöng vinátta sem hófst við þeirra kynni. Saga þeirra er vissulega mögnuð og gott efni í kvikmynd.

## Johnny og amfetamíníð

Önnur ást í lífi Cash var amfetamín. Sagan segir að þau kynni hafi átt sér stað þegar söngvarinn var á tónleikaferðalagi með Jerry Lee Lewis, Carl Perkins og Elvis sem átti að hafa notað efnið reglulega. Tvennum sögum fer reyndar af því máli. Hvernig sem því líður þá varð Cash háður þeim, og var kominn það langt ofan í gryfjuna að hann gat ómögulega haldið út heilan dag án þeirra, hvað þá stig- ið á sviði.

Neysla Cash kostaði hann hjónabandið, sem var þá hvort

JOHNNY CASH Cash hljóðritaði vinsælasta lag sitt, Ring of Fire, árið 1963.



eð er orðið þurrt og ástarlaust. Vivian var líka alla tíð öfundsjúk út í óvenjulega vináttu Johnny og June sem komu mikið fram á tón- leikum saman, og kannski með réttu.

Það sem verra var að neyslan kostaði hann nánast ferilinn. Hann átti erfiðara og erfiðara með að viðhalda vinsældum sínum og ekki hjálpaði til að hann var hand- tekinn í Sao Paulo í október 1965 með amfetamín og verkjalyf falin í gítar sínum. Eftir að hafa ráfað um blindur í nokkur ár í ruglinu var það loksins June Carter sem vísaði honum réttu leiðina. Með hennar hjálp náði hann að slíta sig frá amfetamíninu og finna Guð á nýjan leik. Cash hafði fengið mjög strangt kristilegt uppeldi og var alla sína ævi mjög trúad-

fyrir ABC-sjónvarpsstöðina sem mörgum aðdáendum kappans þótti rýra ímynd hans. Hann byrjaði aftur að drekka og nota eiturlyf skömmu eftir að hann gaf út fyrstu ævisögu sína, *Man in Black* árið 1975. Í það skiptið var hann í neyslu í átta ár áður en hann sneri við blaðinu.

Á þeim tíma sem hann var kom- inn með nóg af tónlist tók hann upp á því að leika í kvikmyndum en fékk aðallega bara hlutverk í sjónvarpsmyndum. Fyrsta hlut- verk hans í Hollywood-mynd var árið 1971 þar sem hann lék á móti Kirk Douglas í myndinni *A Gun- fight*.

## Síðustu árin

Vinsældir hans fóru það mikið dvinandi á níunda áratugnum að Columbia-útgáfan ákvað að bjóða honum ekki nýjan samning eftir að fyrri samningur hans rann út árið 1986. Þá hafði Cash gefið út plötur undir merkjum fyrirtækis- ins í 28 ár. Hann samdi við Mer- cury-útgáfuna, en sá samningur entist aðeins í 7 ár og jók ekki á hróður söngvarans. Það var ekki fyrr en hann kynntist upptöku- stjórnum Rick Rubin árið 1994 að ferill hans öðlaðist nýtt líf. Sá hafði m.a. unnið sér það til frægð- ar að hafa gert plötur með Red Hot Chili Peppers. Cash samdi við American-útgáfuna og saman gerðu þeir fjórar plötur sem kom yngri hlustendahóp aftur í kynni við söngvarann. Cash var m.a. tilnefndur til MTV-verðlaunanna fyrir myndband lagsins Hurt, sex mánuðum áður en hann dó.

Heilsa Cash byrjaði að gefa sig á níunda áratugnum. Hann lagð- ist oft inn á spítala, með alls kyns kvilla. Allt frá blæðingu í görn- um, hjartaaðgerða og lungnasjúk- dóma. Spítalavistir voru fastur liður síðustu tíu árin sem hann lifði. Hann var þó iðinn við vinnu þess á milli, hvort sem það var hljóðversvinna eða við tónleika- hald.

Það kom því mörgum á óvart þegar June lést á undan eigin- manni sínum. Það greindist leki í annarri hjartaloku hennar í okt- óber 2002 og hún dó svo sjö mánu- uðum síðar eftir að hafa gengist undir hjartaaðgerð í von um að bjarga henni. Eftir aðgerðina féll hún í dá og nokkrum dögum síðar var það staðfest að hún hefði hlotið þá mikinn heilaskaða að hún myndi aldrei vakna aftur.

Það var Cash sem þurfti að heimila læknum að taka vélarnar sem héldu í henni lífi, úr sam- bandi. Hann var gjörsamlega eyðilagður maður enda höfðu þau eytt flestum stundum saman frá því að þau giftu sig. Nokkrum dögum síðar krafðist hann þó að halda áfram að vinna. Fjórum mánuðum síðar lést hann með brostið hjarta eftir að hafa verið lagður inn á spítala vegna öndun- arerfiðleika.



JOHNNY OG JUNE June Carter hjálpaði Cash að takast á við vímuefnafíkn sína sem fór margt óttuð úr böndunum.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

ur maður. Fyrir honum var það því ekkert nýtt að sækja styrk til æðri máttarvalda.

Myndin endar þannig á hápunkti á ævi Johnny Cash, eftir að hann nær bata við fíkn sinni, í febrúar 1968 nokkrum dögum eftir að hann tók upp metsölu- plötuna *Live in Folsom Prison*, þegar hann biður June Carter um að giftast sér upp á sviði á tónleik- um í London.

## Hvað gerðist svo?

Í myndinni er stundum farið frjálslega með staðreyndir, til dæmis um tilurð lagsins sem myndin er nefnd eftir, *I Walk the Line*. Þar er látið eins og Cash hafi samið lagið eftir skammarræðu frá June sem átti að hafa verið langþreytt á drykkjuskap kapp- ans. En svo var ekki, því Cash var þegar búinn að semja og gefa út lagið þegar hann hitti June fyrst á Grand Ole Opry. Það er heldur ekkert minnst á þá staðreynd að þegar hann tók upp tónleika sína í Folsom-fangelsinu, hafði hann þegar haldið tvenna tónleika í San Quentin-fangelsinu.

Myndin endar því á ánægju- legum kafla í ævi söngvarans sem gefur áhorfandanum ham- ingjusaman endi. En líf Cash var enginn dans á rósum eftir að hann og June giftust loksins í mars 1968. Ferill hans fór hnign- andi og plöturnar seldust minna og minna. Í þrjú ár stjórnaði hann sínum eigin sjónvarpsþætti



Friðrik Hjörleifsson



Fanney Óskarsdóttir



Eyjólfur Kristjánsson



Trausti Bjarnason



Sævar Benediktsson



Örlýgur Smári, Niclas Kings og Daniela Vecchia



Bryndís Sunna Valdimarsdóttir



Sveinn Rúnar

# 2006 söngvakeppni sjónvarpsins

Laugardaginn 28. janúar kl. 20.10 verður annað undanúrslita-kvöldið af þremur. Þar komast næstu fjögur lög af átta áfram í aðalkeppnina sem haldin verður 18. febrúar.

Almenningur velur með símakosningu framlag Íslands til Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem haldin verður í Aþenu á Grikklandi.

Taktu þátt og tryggðu þínu lagi brautargengi með því að hringja/senda SMS í númerin hér fyrir neðan þegar tilkynnt verður að kosning sé hafin.

Símanúmer	Lag:	Höfundur:
900 2001	Dagurinn í dag	Friðrik Ómar Hjörleifsson
900 2002	Hamingjusöm	Fanney Óskarsdóttir
900 2003	Lífið	Eyjólfur Kristjánsson
900 2004	Andvaka	Trausti Bjarnason
900 2005	Flottur karl, Sæmi rokk	Sævar Benediktsson
900 2006	Eldur nýr	Örlýgur Smári, Niclas Kings og Daniela Vecchia
900 2007	Hjartaþrá	Bryndís Sunna Valdimarsdóttir
900 2008	100% hamingja	Sveinn Rúnar

Miðasala á [midi.is](http://midi.is) og í verslunum Skífunnar

- Eftir að símakosning er hafin gefast um 35 mínútur til þess að kjósa.
- Einungis þau atkvæði sem greidd eru innan tímarammans eru gild.
- Eitt atkvæði er gefið ef hringt er eða sent sms í viðkomandi símanúmer. Enginn texti þarf að fylgja sms skilaboðum.
- Ekki er hægt að hringja úr númerum sem lokað eru fyrir hringingar í símatorg.
- Heimilt er kjósa fimm sinnum úr hverju símanúmeri en gjaldfært er fyrir öll símtöl.
- Hvert símtal kostar 99 krónur.






**ÞVOTTADAGUR** Á sólríkum dögum var algengt að sjá fót liggja til þerris hér og þar á gangstéttum í fátækrahverfum Höfðaborgar. Ekki var óalgengt að sjá fólk sníffa lím til að drepa tímann á meðan þvotturinn þornaði.  
MYND: GUÐMUNDUR ARNAR GUÐMUNDSSON



**BÖRN Í HÖFÐABORG** Helmingur Suður-Afríkubúa er atvinnulaus og alnæmi er hvergi meira í heiminum en þar. Börn verða því miður þeim vágasti að bráð.



**GUÐMUNDUR MEÐ FÉLÖGUM SÍNUM** Guðmundur kynntist mörgum lítrikum karakterum í Höfðaborg, sumum sem áttu vafasama fortíð að baki.

# Meðal götufólks í Höfðaborg

Pótt Suður-Afríka sé lengra á veg komið en önnur lönd í Afríku, steðja að því mörg vandamál. **Guðmundur Arnar Guðmundsson** kynntist því þegar hann vann með heimilislausum í Höfðaborg.

Víð háskólanám í Kanada árið 2004 velti ég fyrir mér spurningunni af hverju sum lönd væru rík en önnur fátæk. Þegar hagfræðideild skólans bauð mér að halda til Suður-Afríku til þess að starfa með heimilislausum ásamt því að vinna að rannsóknnum var ég því ekki lengi að hugsa mig um og sló til.

Það hafði greinilega rígt mikið um nóttina en himinninn var orðinn alveg heiðskír þegar ég yfirgaf flugstöðina í Höfðaborg eftir tólf klukkustunda ferðalag frá London. Á leiðinni frá flugvellinum rann upp fyrir mér hvert ég var kominn þegar tignarleg fjöllin og fögur náttúran viku fyrir kofahreysum í þúsundatali báðum megin við hraðbrautina. Þar var hvorki vegi né gangstéttir að sjá, einungis moldartröðninga, blauta eftir rigningu næturinnar. Börn voru þar að leik í svæðinu og í kring mátti sjá hesta og kýr á vappi sem bílstjórinn sagði að væru brúkuð til samgangna og matar.

Helmingur þjóðarinnar er án atvinnu, hvergi í heiminum er alnæmi stærra vandamál og vatn og rafmagn af skornum skammti. Aðskilnaðarstefnan, sem var við lýði í Suður-Afríku til 1994, hefur sett djúp ör á samfélagið. Á tímum aðskilnaðarstefunnar ákvað ríkisstjórnin hvar fólk með litað hörund skyldi búa, sækja skóla og vinna. Í skoðunarferðum sá ég við bílastæði og á bekkjum gömul skilti frá tímum aðskilnaðarstefunnar og á þeim stóð: Aðeins fyrir hvíta. Einnig sá ég skilti sem höfðu verið fyrir utan kirkju í Höfðaborg sem á stóð: Hundar og hörundsdökkir óvelkomnir!

Stór hluti þeirra 3,2 milljóna manna sem búa í Höfðaborg hefur hvorki aðgang að rafmagni né rennandi vatni. Borgin stækkar líka mjög hratt því fólk bregður búi í auknum mæli og flytur á mölina. Fólksstraumurinn hefur verið stöðugur síðan aðskilnaðarstefnunni lauk og fólk með dökkt hörund fékk aftur frelsi til að ferð-

ast og setjast að þar sem það kaus. Það fjölgar um 100 þúsund manns í Höfðaborg á hverju ári sem er margfalt meira en borgaryfirvöld ráða við.

Þegar fólk flyst af landsbyggðinni til Höfðaborgar taka venjulega nokkrar fjölskyldur sig saman og reisa sér heimili, lítið annað en kofahreysi. Framkvæmdirnar fara yfirleitt fram þegar tekur að skyggja og er lokið þegar sólin kemur upp morguninn eftir. Þá er ekki óalgengt að heilt kofaborp sé risið.

## Límfiklar í súpueldhúsi

Eftir komu mína til Höfðaborgar ferðaðist ég um í örfáa daga áður en ég hóf störf í stóru eldhúsi sem tilheyrði Saint George's dómkirkjunni í hjarta borgarinnar. Þar var súpa og brauð í boði fyrir þá sem áttu ekki fyrir mat. Um 300 manns sóttu eldhúsið reglulega; stór hluti kom á hverjum degi. Meirihluti gestanna átti við vímuefnvandamál að stríða og var lím vinsælasti vímuefnjafinn sökum þess hve ódyrt það var. Konur með börn unga krakka liggjandi fyrir allra augum með poka yfir andlitinu sníffandi lím og í allt öðrum heimi en þeim sem ég var í. Hinir andstæðu heimar fátækra og ríkra hafa aldrei birst mér jafn greinilega og á þessum annars fallega degi í Höfðaborg.

Flestir sem ég spjallaði við í eldhúsinu bjuggu undir trjám í miðborginni eða í úthverfunum. Margir höfðu sótt eldhúsið um árabíl. Ég kynntist til að mynda ungum strák, Sydney, sem var 23 ára. Hann kom fyrst í eldhúsið fyrir áratug eftir að hafa flúið að heiman frá obeldinu sem foreldrar hans beittu hann. Það er algeng saga meðal götubarna. Sydney hætti að lifa af glæpum tveimur árum áður en ég kynntist honum.

Thommy hét annar ungur maður sem ég kynntist. Hann var 27 ára gamall og bjó í kofa í einu fátækrahverfanna. Ólíkt öðrum eldhúsgestum sem ég kynntist átti Thommy bíl og var vel máli farinn. Hann hafði starfað við tölvuviðgerðir en verið atvinnulaus í rúmlega tvö ár og stöðugt að sækja um störf. Philemon lánaði honum fót reglulega til þess að koma vel fyrir í atvinnuviðtölum. Þrátt fyrir stanslausa leit gekk Thommy ekkert að fá vinnu.

## Andstæðir heimar Höfðaborgar

Anthony hét enn einn strákurinn sem ég kynntist, en hann kom nærri daglega í eldhúsið. Ég og nokkrir starfsfélagar mínir fórum stundum með honum í göngutúra á Parade-svæðinu. Þar eru borgarskrifstofur Höfðaborgar en einnig svefnstæði flestra þeirra sem sækja eldhúsið. Það fékk óneitanlega á mig að sjá hvernig fólk, sem ég hafði spjallað við og afgreitt, bjó.

Yfirleitt eru fimm eða fleiri saman í klíkum en þær eru oft kynjaskiptar. Hver klíka „átti“ tré sem hún svaf undir. Uppi í trénu voru allar eigur klíkkunnar geymdar, t.d. sængur, matur, drykkir og svo framvegis. Í einni ferðinni okkar á sólríkum degi var greinilega þvottadagur. Margir voru þá að þvo fötin af sér og lágu fót til þerris út um allt á gangstéttunum. Til að drepa tímann sníffuðu margir lím og voru sumir úr út heiminum svo ekki sé fastar að orði kveðið. Margir úr millistétt fara um þetta svæði á leið til og frá vinnu og eru bílastæði víða. Það var átakanlegt að sjá svona unga krakka liggjandi fyrir allra augum með poka yfir andlitinu sníffandi lím og í allt öðrum heimi en þeim sem ég var í. Hinir andstæðu heimar fátækra og ríkra hafa aldrei birst mér jafn greinilega og á þessum annars fallega degi í Höfðaborg.

## Tískan og tennurnar

Ég komst aldrei almennilega að því hvað Anthony gerði, en mig

grunaði að hann framfleytti sér með glæpum og betli. Eftir fyrstu vikuna í eldhúsinu hafði ég tekið eftir mörgum sem vantaði báðar framtennurnar í. Sennilega vegna lélegrar tannhirðu gerði ég ráð fyrir - margir sem komu í eldhúsið höfðu ekki fyrir því að þrifa buxurnar sínar eftir að hafa migið í þær og lítið sem benti til að þeir hefðu meiri áhyggjur af tönnum sínum. Anthony var einn af þeim sem vantaði framtennurnar. Mér til mikillar furðu komst ég hins vegar að því að um tískubylgju var að ræða; menn rifu framtennurnar hver úr öðrum! Ég mátti til með að spyrja Anthony út í þetta sem sagðist njóta mun meiri kvenhylli á framtanna.

Það var alltaf stór hópur sem sótti eldhúsið sem ég og starfsfélagar mínir vissum að var að leita að vinnu og betra lífi. Af og til hættu þeir sem voru daglegir gestir að koma, jafnvel í langan tíma. Var þá haldið í vonina um að viðkomandi hefði tekist að næla sér í vinnu og komist á beinu brautina til betra lífs. Raunin var yfirleitt önnur og sorglegri. Þeir sem voru á hinn bóginn svo heppnir að fá vinnu voru þó aðeins búnir að yfirstíga fyrstu hindrunina. Eftir óreglu og ólifnað á götunum í mörg ár reyndist það fólk oft erfitt að temja sér þann aga sem þarf til að halda starfi. Þeim sem um árabíl hefur búið á götunni getur reynt erfitt að vakna á morgnana, mæta á réttum tíma í vinnuna og halda sér allsgáðum allan daginn.

## Góðar fréttir að sunnan

Á nýju ári fékk ég tölvupóst til Íslands með þeim skilaboðum að Anthony, Sydney og fleiri sem ég kynntist væru enn daglegir gestir í eldhúsinu. Thommy var undantekningin því hann hafði fengið vinnu við útkeyrslu fyrir tölvufyrirtæki. Thommy var aldrei háður neinum vímuefnjöfum og hafði sýnt mikla þrautseigju við stanslausa atvinnuleit sem staðið hafði yfir í meira en tvö ár. Hann uppskar árangur erfiðisins og fékk tækifæri til að bæta líf sitt.

Ennfremur sýnir árangur Thommys hversu mikilvægt starf Eldhússins er og að það þarf enginn að búa á götunni. Það er til leiðir fyrir alla til að komast úr útiganginum, en sporin þaðan geta bæði verið mörg og þung. Hinn valkosturinn er lífið á götunni sem enginn þolir til lengdar enda er meðalaldur útigangsmanna lágur. ■

## Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins

### LÝST EFTIR UMSÓKNUM UM MANNASKIPTASTYRKI

Hefur þinn skóli, stofnun, félag eða fyrirtæki áhuga á að gefa nemendum eða kennurum tækifæri á að afla sér starfsþjálfunar í Evrópu, efla símenntun starfsmanna í gegnum starfsmannaskipti leiðbeinenda og stjórnenda eða kynna sér nýjungar, s.s. í vinnulagi, námsefnisgerð og vinnustaðanámi?

Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins býður styrki til starfsþjálfunar frá grunnþjálfun til símenntunar. **Næsti umsóknarfrestur er 10. febrúar 2006.**

Veittir eru ferða- og upphaldsstyrkir samkvæmt reglum áætlunarinnar í 1 – 6 vikur fyrir leiðbeinendur og stjórnendur og í 3 – 52 vikur fyrir nemendur á mismunandi skólastigum til að afla sér starfsþjálfunar í sínu fagi í 32 Evrópulöndum.

Mennt, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla aðstoðar umsækjendur í umsóknarferlinu með ráðgjöf við umsóknargerð og leit að samstarfsaðilum. Ráðgjöfin er umsækjendum að kostnaðarlausu. Netfang: [alla@mennt.is](mailto:alla@mennt.is). Sími 599 1440.

Nánari upplýsingar um áætlunina og öll umsóknargögn er að finna á heimasíðu Landsskrifstofu Leonardó [www.leonardo.is](http://www.leonardo.is)



Rannsóknþjónusta  
HÁSKÓLA ÍSLANDS



Education and Culture

Leonardo da Vinci



# Verðhrun!

## á raftækjum

Fyrstur kemur  
fyrstur fær

### 20-50% afsláttur

Allt úrvalið fæst í Kringlu, Skeifu, Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri.



40%  
afsláttur

#### Ariete Disney brauðrist

800w Brauðrist  
Mikka mús mynd prentast á brauðið  
Lag spilar þegar brauðið er tilbúið  
Með safnbakka

2,990 ~~4,990~~



40%  
afsláttur

#### Melissa samlokugrill

Einfalt samlokugrill fyrir 2 sneiðar  
- Hvítt

1,490 ~~2,490~~



25%  
afsláttur

#### Philips þráðlaus sími

250 númer og nöfn í minni  
Símnúmerabirtir fyrir 40 númer  
15 tíma hleðsla í notkun og 12+ daga  
í bið. SMS skilaboð með 60 minnum  
Símtal á bið

5,990 ~~7,990~~



20%  
afsláttur

#### Melissa ryksuga

1400w, 5 filtera kerfi  
Ál rör í 2 pörtum

3,990 ~~4,990~~



25%  
afsláttur

#### Exido blandari

2 hraðastillingar og púls  
möguleiki. Innbyggður  
öryggisrofi

2,990 ~~3,990~~



33%  
afsláttur

#### United ferðatæki

Ferðatæki með útvarpi, segulbandi og  
geislaspilara

3,990 ~~5,990~~



25%  
afsláttur

#### Dantax hljómtæki

Mikró samstæða með útvarpi með stöðva-  
minnum, geislaspilara, kasettutæki og  
fjarstýringu

5,990 ~~7,990~~



33%  
afsláttur

#### Melissa matvinnsluvél

500w matvinnsluvél með mörgum möguleikum  
1,4l skál og 1,2l blandari  
2 hraðastillingar með púls  
Hnífur úr ryðfríu stáli  
Margir aukahlutir

3,990 ~~5,990~~



41%  
afsláttur

#### Exido hrærivél

4,4 lítra hrærivél  
2 stál skálar, 4,4l og 2,1l  
Tveir mótorar  
Snúningsskál

9,990 ~~16,990~~

Babyliss vörur með 50% afslætti  
Fjöldi annarra tilboða, flatskjásjónvörp, heimabíó,  
hljómtæki og fleira með góðum afslætti.

Gildir til 1. febrúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

# HELGARSPRENGJA



**PORTOBELLO** 3 sæta sófi, parjís nature. B200 x H80 x D82 cm.  
Kr. **29.980**

**50%**  
AFSLÁTTUR

PORTOBELLO 3 sæta sófi  
**29.980**  
verð áður 59.980



**1.690** VERÐ ÁÐUR 2.280

ZONE morgunverðarsett, diskur, undirskál og bolli.



**BODUM** kaffiglös, margir litir. Kr. **290** áður kr. 399

## Réttu áhöldin í hollustuna

**6 stk.**



**1.690** VERÐ ÁÐUR 2.290

KVADRANT glös, 6 stk. í pakka, 2 stærðir



**7.980** VERÐ ÁÐUR 9.980

CIBUS ávaxtappa frá Bodum, fleiri litir.



**1.490** VERÐ ÁÐUR 1.980

ZONE eldhúsvog, fleiri litir.

**OPIÐ ALLA DAGA**

Mánudaga - Föstudaga 10-19 • Laugardaga 10-18 • Sunnudaga 12-18

mikill afsláttur



## SÓFASETT 3+2



**LYON** sófasett 3+2, Sunday sand  
3. sæta L 231 cm  
2 sæta L 213 cm

**50%**  
AFSLÁTTUR

LYON sófasett 3+2

**79.980**  
verð áður 169.960



**80%**  
AFSLÁTTUR

BORÐSTOFUBORÐ

**19.980** VERÐ ÁÐUR 119.980

**RONDO** borðstofuborð, fæst í hlyn, kirsuberja og espirit. B90 x L170/220 x H77 cm.

SJÓNVARPSSKÁPUR

**39.980** VERÐ ÁÐUR 69.980

**CONCEPT** sjónvarpsskápur, í hlyn. H49 x B138 x D60 cm.

**40%**  
AFSLÁTTUR



VEGGSKÁPUR

**3.880** VERÐ ÁÐUR 12.890

**JAZZ** veggskápur með glerhurð, fæst í hlyn og hvítur. H162 x B38 x D20 cm.



SKÓSKÁPUR

**1.980** VERÐ ÁÐUR 14.980

**CHARME** skóskápur með 3 skúffum. H61 x B88 x D50 cm.

**80%**  
AFSLÁTTUR



**80%**  
AFSLÁTTUR

BORÐSTOFUBORÐ

**19.980** VERÐ ÁÐUR 99.980

**IMAGINE** borðstofuborð í hlyn. B100 x L160/205 cm.

# DWC

Dansstúdíó World Class

Jazzfunk | Streetstyle | Hip Hop | Freestyle | Modernfunk | Barnadansar  
Sérstakt dansfjör fyrir 20 ára og eldri

Nánari upplýsingar í síma  
**553 0000**  
Sjá stundaskrá á  
[www.worldclass.is](http://www.worldclass.is)

Dansstúdíó  
**World Class ICELAND**

## STUÐ MILLI STRÍÐA Málglöð kona

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR TEKUR UPP PENSLINN



Ég tók mig til um daginn og málaði næstum alla íbúðina mína, alein og óstudd. Fjölskylduna sendi ég í heimsóknir úti í bæ svo ég gæti notið þeirrar stundar að vera alein með rúllunni, málningardollunum og límbandinu og með iPod-inn á eyrunum rúllaði ég veggina syngjandi sæl. Mér fannst ég standa ótrúlega fagmannlega að verki, nema þegar ég datt úr gluggakistunni og málningarpensillinn flaug á nærliggjandi stól, að ég var farin að sjá það fyrir mér að ég gæti

lagt þetta fyrir mig. Sagt skilið við blaðamenskuna og orðið málari, eða smiður því mér finnst alveg hrikalega gaman að smíða og negla, laga, breyta og bæta. Hvort þessi sæla mín nái út fyrir dyr heimilisins er svo annað mál, en ég fór þá að velta því fyrir mér hvers vegna ekki fleiri konur en raun ber vitni hafa tekið stökkið og orðið málara, eða smiðir eða múrarar. Ég neita að trúa því að ég sé eina konan sem hef gaman af að vinna þessi verk. Og ég hef aldrei efast um að ég sé kona þó að mér finnst skemmtilegra að mála og negla en að skúra gólf eða þróna. Reyndar tók ég eftir því, eftir að verki mínu lauk, að ég hlaut mikið hrós fyrir frá hinum og þessum

fyrir að hafa gert þetta án hjálpar frá manninum mínum. Ég get ekki ímyndað mér að honum hefði verið hrósað sérstaklega ef hann hefði málað, það hefði bara þótt sjálfsagt, enda er hann karlmaður. Auðvitað er það mjög einkennilegt að þetta þyki vera hefðbundin karlastörf, ef maður hugsar til þess. Stundum hefur það borið við að líkamsstyrkur karlanna hafi eitthvað um þetta að segja, en ég held að það sé ekki rétt, konur eru alveg nógu sterkar. Eflaust spilar hefðin þarna inn í og konur ef til vill ekki litni á þessi störf sem möguleika. En þau eru möguleiki, meira að segja mjög skemmtilegur möguleiki og því segi ég bara: Upp með penslinn!

# SAAS

Jim Carrey

Fun with Dick & Jane

FRUMSÝND 27. JANÚAR

## 9. hver vinnur

Sendu SMS skeytið **JA DJF** á númerið **1900** og þú gætir unnið miða fyrir tvo.

Vinningar eru: Bíómiðar fyrir 2 DVD myndir, varning tengdan myndinni Og margt fleira

sena MOBILE

Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli

Mikið að læra? Stærðfræði, íslenska og efnafræði. Í hvert skipti sem ég sé þig hér að strita við lærdóminn... ...þá þakka ég Guði fyrir að ég sé sjálfur búinn að þessu. Það máttu vita! Takk pabbi!

### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Förum nú aðeins yfir þetta Stanislav! Eldri bekkingur býður Söru á skólaball á undan mér. Hún segir JÁ! Hvaða merki er hún að senda mér? Að hann sé eldri bekkingur og þú ekki? Nei það er dýpri merking! Að hún þurfi meira en sólarhrings fyrirvara til að kaupa sér nýjan kjól?

### Pú og pa

Eftir SÖB

Geturðu sannað það sem þú heldur fram með sköpunar röð Guðs? Þetta stendur ritað í hinni heilögu bók bréf-englanna! Í upphafi voru engin bréf til, en þá skapaði Guð bréfið. Eftir að hafa skapað bréfið sá Guð að það vantaði einhvern til að bera það út. Þá skapaði Guð fyrsta bréf-englinn í sinni mynd! Guð tók egg úr fyrsta bréf-englum og breytti því í annan bréf-englil og sagði: "Farið og berið bréf um heiminn"

### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

DRAUMAR MJÁSA Í AFRÍKU Þú ættir að fá þér einn líka!

### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

Hvað? Gólfíð er blautt! Já þú ert að skúra. Vel gert, þetta lítur vel út... ...fyrir utan fótsporin þarna.

### Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

4	6	9	2	3	7	8	1	5
2	7	3	8	5	1	4	9	6
8	5	1	4	9	6	2	7	3
5	4	6	7	8	9	1	3	2
7	1	2	5	4	3	9	6	8
3	9	8	1	6	2	5	4	7
9	2	4	6	7	8	3	5	1
6	8	5	3	1	4	7	2	9
1	3	7	9	2	5	6	8	4

		4	6	1	5			
					7			
			2	6		4		
4			7	8				
	1	8	2		3	5	9	
		3		1				2
2		4	1					
	9							
6		5	3		9			

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ



AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR  
40%  
AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

**Ticker leðursæti**

Litir: Ljós | Brúnn

3ja sæta	Áður	124.000	<b>Nú 74.400</b>
2.5 sæta	Áður	108.000	<b>Nú 64.800</b>
Stóll	Áður	74.000	<b>Nú 44.400</b>



AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR  
75%  
AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

**Princess borðstofuborð og 6 Shabber stólar**

Verð áður 135.000  
**Verð nú 33.700**



AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR  
50%  
AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

**Hringborð**

50 sm í þvermál  
Verð áður 14.500  
**Verð nú 7.250**

AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR  
50%  
AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

**Kiddo barnahúsgögn**

Fjölbreytt húsgagnalína  
**50% afsláttur**



AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR  
50%  
AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

**Stækkanlegt eikarborð og 6 Lea leðurlíkisstólar**

Stærð borðs 160/240x90  
Verð áður 150.000  
**Verð nú 75.000**

AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR  
50%  
AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

**50% afsláttur af Oriental húsgagnalínunni í brúnum lit**



AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR  
30-50%  
AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

**Speglar og viðarkistlar**

**30-50% afsláttur**

FABRIKAN

**ÚTSÖLULOK UM HELGINA!**

**TEKK**  
COMPANY

OPIÐ LAUGARDAG 10-18 OG SUNNUDAG 13-18  
BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | Sími 564 4400 | Fax 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

## FÖGNUM ÞORRA

Harmonikuball í kvöld frá kl. 22:30  
í Glæsibæ við Álfheima.

Allir velkomnir. - Aðgangseyrir kr. 1.500.  
Harmonikufélag Reykjavíkur.



THULE

## TYG PATAL

LEIKSTJÖRN: SIGGI SIGURJÓNS



Sýnt á NASA við Austurvöll

Laugardagur	28. janúar	- Örfá sæti
Fimmtudagur	2. febrúar	- Örfá sæti
Föstudagur	3. febrúar	- Laus sæti
Laugardagur	4. febrúar	- Laus sæti
Fimmtudagur	9. febrúar	- Laus sæti

Húsið opnar kl. 20:00 - Sýningar hefjast kl. 20:30

Miðasala í verslunum Skífunnar,  
www.midi.is og í síma: 575 1550

STÓRA SVIÐ		NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ	
<b>SALKA VALKA</b>		<b>MANNTAFL</b>	
Fi 2/2 kl. 20 AUKAS. Fi 16/2 kl. 20 AUKAS.		Fö 3/2 kl. 20 AUKASÝNING	
<b>WOYZECK</b>		<b>ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR</b>	
Su 29/1 kl. 20 UPPSELT! AUKASÝNINGAR Lau 11/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20 Fö 17/2 kl. 20 Lau 18/2 kl. 20		Fi 16/2 kl. 20 Fö 17/2 kl. 20 UPPSELT Lau 25/2 kl. 20 UPPS. Su 26/2 kl. 20	
<b>KALLI Á ÞAKINU</b>		<b>BELGÍSKA KONGÓ</b>	
Lau 4/2 kl. 14 UPPS. Su 5/2 kl. 14 UPPS. AUKASÝNING Su 5/2 kl. 17.		Í kvöld kl. 20 UPPS. Su 29/1 kl. 20 UPPS. Mi 1/2 kl. 20 UPPS. Lau 4/2 kl. 20 UPPS. Su 5/2 kl. 20 UPP. Fi 9/2 kl. 20 UPPS. Fö 10/2 kl. 20 Lau 11/2 kl. 20	
<b>CARMEN</b>		<b>GLÆPUR GEGN DISKÓINU</b>	
Í kvöld kl. 20 Blá kort Fö 3/2 kl. 20 Lau 4/2 kl. 20 Fö 10/2 kl. 20 Su 19/2 kl. 20 Lau 25/2 kl. 20		Fi 2/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20 Mi 1/3 kl. 20	
<b>RONJA RÆNINGJADÓTTIR</b>		<b>NAGLINN</b>	
Lau 11/2 kl. 14 FÖRSÝNING UPPSELT Su 12/2 kl. 14 FRUMSÝNING UPPSELT Lau 18/2 kl. 14 Su 19/2 kl. 14		Í kvöld kl. 20 Fö 3/2 kl. 20 Lau 4/2 kl. 20 Lau 11/2 kl. 20	

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhús.is



## Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIDIÐ KL. 20.00

### TÚSKILDINGSÓPERAN

Í kvöld lau. 28/1 örfá sæti laus, fim. 2/2 örfá sæti laus, fös. 3/2 örfá sæti laus, lau. 4/2 örfá sæti laus, fös. 10/2 nokkur sæti laus, lau. 11/2 örfá sæti laus, fös. 17/2 örfá sæti laus, lau. 18/2 örfá sæti laus, fös. 24/2. lau. 25/2. **Síðustu sýningar.**

**Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.**

### KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Sun. 29/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 5/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 12/2 kl. 14:00, sun. 19/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

### ELDHÚS EFTIR MÁLI

Í kvöld lau. 28/1 **uppselt**, sun. 29/1 **uppselt**, þri. 31/1 **uppselt**, mið. 1/2 **uppselt**, fim. 2/2 **uppselt**, fös. 3/2 **uppselt**, lau. 4/2 kl. 16:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 5/2 **uppselt**, þri. 7/2 **uppselt**, mið. 8/2 **uppselt**, fim. 9/2 **uppselt**, fös. 10/2 **uppselt**, lau. 11/2 **uppselt**, sun. 12/2 **uppselt**.  
**Vegna mikillar aðsóknar: Framlengt sýningatímabil.**  
Þri. 14/2 **uppselt**, mið. 15/2 **uppselt**, fös. 17/2 **uppselt**, lau. 18/2 örfá sæti laus, sun. 19/2 nokkur sæti laus, mið. 22/2 **uppselt**, fös. 24/2 örfá sæti laus, lau. 25/2 **uppselt**, sun. 26/2 nokkur sæti laus.

### SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**

Sun. 29/1 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 5/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 12/2 kl. 18:00 **uppselt**.  
**Vegna mikillar aðsóknar hefur verið bætt við tveimur fyrirlesturum.**  
Sun. 19/2 kl. 18:00 nokkur sæti laus, sun. 26/2 kl. 18:00 nokkur sæti laus.

**Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is**

### LEIKHÚSKJALLARINN

**Leikhúskjallarin - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**  
Leikhúsvæsla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl. 18:00.  
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS  
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.  
MÍÐASÓLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



KL. 15.00

**Jón Þorvardarson stærðfræðingur** kynsir nýja bók sína, sem heitir „Og ég skal hreyfa jörðina. Forngrísku stærðfræðingarnir og áhrif þeirra“ á fræðslufundi, sem Grikklandsvinafélagið Hellas heldur í Kornhlöðunni við Bankastræti.

## menning

menning@frettabladid.is



**DAÐI KOLBEINSSON EINLEIKARI** Flytur óbókonert eftir Mozart með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í Glerárkirkju í dag.

## Eiga von á gjörbyltingu

**Sinfóníuhljómsveit Norðurlands heldur tónleika í Glerárkirkju á morgun. Menningarhúsið á Akureyri mun gerbylta aðstöðu hljómsveitarinnar.**

Á efnisskrá tónleikanna eru tvö verk, Sinfónía nr. 1 í c moll eftir Johannes Brahms og óbókonert í C-dúr eftir Wolfgang Amadeus Mozart. Einleikari á óbó er Daði Kolbeinsson en stjórnandi er Guðmundur Óli Gunnarsson.

„Mozart skrifaði konserta sína sem skemmtitónlist, sem hafði það að markmiði að skemmta annars vegar og hins vegar að sýna færni hljóðfæraleikarans. Þessi konsert fer ekki varhluta af þeirri snilld sem einkenndi alla tónlist Mozarts,“ segir Guðmundur Óli.

„Þetta verður því frekar léttur forréttur fyrir hlé en síðan kemur þessi þungavigtar sinfónía eftir Brahms, sem er ein af þekktustu og bestu sinfóníum tónbókmenntanna.“

Fyrsta sinfónía Brahms hefur stundum verið kölluð 10. sinfónía Beethovens, enda var Brahms sér ákaflega meðvitaður um að hann væri að byggja á sinfóníum Beethovens.

„Þessi sinfónía er óskaplega heilsteypt verk, eins og allar sinfóníur Brahms eru. Músík hans stendur mjög sterkum fótum í klassísku hefðinni en er samt þrungin þessu tilfinningatónmáli sem einkennir rómantikina. Öll hans músík er mikið unnin, en fyrir vikið er hún líka gegnheil og hún slitnar illa. Maður verður seint leiður á henni,“ segir Guðmundur Óli.

„Við höfum verið að flytja sin-

fóníur eftir Brahms, eina á ári því við komumst ekki hraðar yfir. Þær eru reyndar ekki nema fjórar. Við erum búnir að spila númer tvö og fjögur og núna flytjum við þá fyrstu, þannig að þriðja sinfónían verður vonandi á efnisskránni á næsta ári.“

Tónleikarnir á morgun hefjast klukkan 16 og verða haldnir í Glerárkirkju, þar sem hljómsveitin hefur haft aðstöðu undanfarin ár, en innan fjóra ára ræstist langþráður draumur allra aðstandenda Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands þegar nýtt menningarhúsið á uppfyllingu við Pollinn, við hjarta Akureyrar.

„Kjarninn í menningarhúsinu verður salur sem er hannaður með tilliti til þarfa Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Þetta verður því lík gjörbylting á öllum okkar aðstæðum að það er ekki hægt að óska sér neins betra.“ ■

### HIMNARÍKI

Geðklofin gamanleikur eftir Ána Ibsen

28. jan.  
3. feb.  
4. feb.  
10. feb.  
11. feb.

eftir Jón Atla Jónasson

29. jan. **Námsmenn og Vörðufélagar fá miðann á Mind Camp á 1000 kr. í boði Landsbankans**

### EF

eftir Valgeir Skagfjörð/  
Einar M. Guðmundsson

Vestmanneyjar:  
21. feb kl. 9 uppselt  
kl. 11 uppselt  
kl. 13 uppselt



Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

B

**Nína og Geiri**  
söngbók  
Björgvins Halldórssonar

Leikstjóri: Gunnar Helgason

28. jan. Uppseilt  
4. feb. Nokkur borð laus  
18. feb. Laus boð  
25. feb.  
4. mars.  
17. mars.  
25. mars.

Aðeins þessar sýningar  
Gjafakort á Nínu og Geira  
fást í miðasölu

5331100 Netfang: midasala@broadway.is  
Ögrettir miðar seldir hálfmánuði fyrir viðburð.

## ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI

**Frumssýning sun. 5. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS**

2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 - 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20

4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20 - 5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20

**19.15 - KYNNING FYRIR SÝNINGU (allar nema frumsýningu)**

Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess í Íslensku Óperunni.

Kynningin hefst kl. 19.15 og er innifalin í miðaverði.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.

Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.



ÍSLENSKA ÓPERAN

## HVAD? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

25 26 27 28 29 30 31

## Laugardagur

## KVIKMYNDIR

- 16.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir bandarísku kvikmyndina **Greed** eða Græðgi eftir **Erich von Stroheim** frá árinu 1924. Sýnt er í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði.

## TÓNLEIKAR

- 22.00 Hljómsveitirnar **Dr. Spock** og **Dikta** leika fyrir dansi í Stúdentakjallaranum.
- 23.00 Hljómsveitin **Trabant** heldur tónleika á Oddvitanum á Akureyri. Einnig kemur hinn stórkostlegi **Hermigervill** fram.

## OPNANIR

- 14.00 **Ingiberg Magnússon** myndlistarmaður opnar sýningu í Grafíkafni Íslands, sal Íslenskrar grafíkur í Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17. Gengið er inn hafnarmegin.

## SKEMMTANIR

- 22.00 Trúbadorarnir **Gotti** og **Eisi** spila í Hressingarskalanum til klukkan 1. **Dj Johnny** þeytir skífum eftir það.
- 23.00 Hljómsveitin **Upplyfting** heldur fjörinu uppi á Kringlukránni
- Atli skemmtanalögga** í Yello, Keflavík
- Suzu** og **Elvis** verða á Café Oliver, að sjálfsgöðu í sparifötunum.
- Hljómsveitin **Þjóðviljinn** leikur á lokadansleiknum á Búðarkletti í Borgarnesi.
- Hljómsveitin **Papar** heldur stórdansleik í Sjallanum á Akureyri og **Matti** verður í feikna stuði. **Pétur** spilar á Dátanum.
- Hinn eldhressi **Hermann Ingi jr.** spilar og syngur á Catalínu í Kópavogi.

## FYRIRLESTRAR

- 14.00 **Magnús Þorkell Bernharðsson** stjórnmálafræðingur heldur erindi í Reykjavíkúrákademiunni, Hringbraut 121, 4. hæð, um pólitísk átök í Mið-Austurlöndum og veltir fyrir sér afskiptum og/eða afskiptaleysi fræðimanna af þeim átökum.
- 15.00 Á fræðslufundi, sem Grikklandsvínafélagið Hellas heldur í Kornhlöðunni við Bankastræti mun **Jón Þorvarðarson** stærðfræðingur kynna nýja bók sína, sem heitir „Og ég skal hreyfa jörðina. Forngrísku stærðfræðingarnir og áhrif þeirra“.

## SAMKOMUR

- 14.00 **Kínverskur drekadans** og ganga verður farin frá Hlemmi niður Laugavegin og að Ráðhúsinu í tilefni kínverska nýársins. KIM og Félag Kínverja á Íslandi standa fyrir dansinum og göngunni, en **Unnur Guðjónsdóttir** leiðir herlegheitin. Í Ráðhúsinu verður eitt og annað til skemmtunar.



## Glös tilfinninganna

Tvær sýningar verða opnaðar í dag í Kling og bang. Þar eru á ferðinni myndlistarkonurnar Ingibjörg Magnadóttir og Kristín Helga Káradóttir.

Ingibjörg sýnir á jarðhæð gallerísins skúlptúra, málverk og eitt myndbandsverk. Skúlptúarnir eru settir saman úr margvíslegum ilmvatnsglösum. Ingibjörg nefnir sýningu sína „Obsession, (Spreyjar)“, og vísar þar til þess að ilmvötn bera gjarnan nöfn tilfinninga.

Í kjallara Kling og Bang sýnir

síðan Kristín Helga Þrjú myndbandsverk, og nefnir hún sýningu sína „Hérna niðri“. Í einu verkana brýst kona yfir opið svæði. Það er enginn sjóndeildarhringur, engin kennileiti eða tilvísanir til að bera kennsl á landslagið. Okkur er sýnd mannvera á stöðugri hreyfingu, sem hleypur slitrótt á miðju sviðsins, meðan myndavélin hreyfist ört til að fylgja henni eftir.

Gallerí Kling og bang er á Laugavegi 23. Sýningar þeirra Ingibjargar og Kristínar Helgu standa til 19. febrúar. ■

- 16.00 Kínaklúbbur Unnar og Gullkúnst Helgu bjóða almenningi upp á áramótauppákomu vegna kínverska nýársins, **árs hundsins**, á Laugavegi 13. Skemmtiatriði og tedrykkja með smákökum.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

**Le Sing**

Syngjandi þjónar  
Ein vinsælasta leiksýning landsins.  
Alla laugardaga

Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg

**BROADWAY** ★  
Sími: 533-1100



Kjósúlfur Fransson sem minna mega sín.

## Kjósúlfur Fransson

í 3-6 sæti í prófkjöri Framsóknarflokksins í dag í anddyri Laugardalshallar.

Opið öllum Reykvíkingum 18 ára og eldri.

Stuðningsfólk.

**KRINGLUKRÁIN**

Hljómsveitin  
**Upplyfting**  
Tilboðsmatseðill  
fyrir leikhúsgesti  
í kvöld

Borðapantanir í síma 568 0878 [www.kringlukrain.is](http://www.kringlukrain.is)

**ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR!**  
VEGNA MIKILLAR AÐSÓKNAR HEFUR VERIÐ BÆTT VIÐ TVEIMUR AUKASÝNINGUM 2. OG 16. FEBRÚAR.

„Hrafnhildur Hagalín brýtur blað í ritun íslenskra leikgerða með þessum texta.“  
*María Kristjánsdóttir Morgunblaðið*

„Túlkun Ilmar á Söllu er afar sannfærandi og kraftur sögupersónunnar og ákveðni nær að skína vel í gegn.“  
*Höskuldur Schram, Blaðið*

**SALKA  
VATKA**

EFTIR HALLDÓR LAXNESS Í LEIKGERÐ  
HRAFNHILDAR HAGALÍN GUÐMUNDSDÓTTUR.  
LEIKSTJÓRI: EDDA HEIÐRÚN BACKMAN.

**BORGARLEIKHÚSIÐ**



## Kíktu í kaffi

í dag milli kl. 11 og 13


Það verður heitt á könnunni hjá mér og veitingar með milli ellefu og eitt á kosningaskrifstofunni í Borgartúni 6. Komdu og spjallaðu yfir síðbúnum morgunverði eða mátulegu hádegissnarli.

**Steinunn Valdís**  
- með kjarkinn sem þarf



Citroën flytur í nýtt húsnæði

# Sjáðu Citroën í nýju ljósi



Frakkar þekkja orðið gæði. Ekki satt? Fleiri og fleiri Íslendingar vilja lífsgæði sem Frökkum einum hefur verið gefið - og velja nú franska hönnun og góða þjónustu umfram annað. Í ljósi þessa eykur Brimborg gæði þjónustu Citroën enn frekar: Citroën er kominn í bjartari og glæsilegri sýningarsal hinum megin götunnar. Einnig byggjum við nýtt þjónustuverkstæði og nýjan lager varahluta. Allt þetta umstang vegna meðfæddrar löngunar um að vera enn betri. Komdu í Brimborg, Bildhöfða 8 í dag. Skoðaðu Citroën í nýju ljósi.

#### Freistandi skammtur af leti?

Citroën er tákn evrópsks hugvits sem einkennist nánast af brosllegri sérvisku, ótrúlegri smámunasemi, ástriðufullri þörf fyrir formfegurð og hæfilegum skammti af leti sem er fyrir suma annað orð yfir þægindi. Allt þetta umstang vegna meðfæddrar löngunar til að skapa, vera skynsamur og skilja eftir sig eitthvað nytsamlegt. En í raun grundvallast þessi löngun eftir fullkomnun á þrá eftir viðurkenningu. Þráðu. Eigðu Citroën.

**Citroën flytur í nýtt húsnæði. Frábær tilboð í tilefni dagsins. Komdu í kaffi og konfekt. Sjáðu Citroën.**

Aflaðu þér  
frekari upplýsinga  
[www.citroen.is](http://www.citroen.is)







**Komdu í kaffi og konfekt í dag. Frumsýning á nýjum sal. Citroën flytur yfir götuna. Bildshöfða 8.**  
**Nýttu þér frábær tilboð dagsins!**  
**Komdu í kaffi og konfekt.**  
**Opið í dag frá kl. 12 til 16.**

sjáðu **Citroën**

**Skoðaðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal. Bildshöfða 8.**



■ C2 VTS 1.6i  
125 hó. 5 girá\*

**Franskt tilboð 1.549.000 kr.**  
 Listaverð 1.649.000 kr.  
 Bilasamningur 20.575 kr.  
 Rekstrarleiga 27.954 kr.



■ C3 SX 1.4i  
75 hó. 5 girá\*

**Franskt tilboð 1.319.000 kr.**  
 Listaverð 1.419.000 kr.  
 Bilasamningur 17.518 kr.  
 Rekstrarleiga 23.896 kr.



■ C4 SALOON SX 1.6i  
110 hó. 5 girá\*

**Franskt tilboð 1.720.000 kr.**  
 Listaverð 1.820.000 kr.  
 Bilasamningur 22.847 kr.  
 Rekstrarleiga 29.973 kr.



■ Xsara Picasso Exclusive 1.8i  
117 hó. 5 girá\*

**Franskt tilboð 1.859.000 kr.**  
 Listaverð 1.959.000 kr.  
 Bilasamningur 24.694 kr.  
 Rekstrarleiga 32.463 kr.



■ C5 SX 2.0i  
143 hó. sjálfskiptur\*


**Franskt tilboð 2.220.000 kr.**  
 Listaverð 2.320.000 kr.  
 Bilasamningur 29.491 kr.  
 Rekstrarleiga 39.258 kr.



■ Berlingo Multispace 1,6 Dísil  
90 hó. 5 girá\*

**Franskt tilboð 1.649.000 kr.**  
 Listaverð 1.749.000 kr.  
 Bilasamningur 21.903 kr.  
 Rekstrarleiga 30.178 kr.

**Gildir aðeins til 15. febrúar!**



Sífelld fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu sulumyndina hér til vinstri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.



**SP-FJÁRMÖGNUN**

Í tilefni dagsins býður SP Fjármögnun viðskiptavinum Brimborgar enn betri kjör á nýjum Citroën. Nýttu þér tilboðin á Citroën í dag. Veldu bilasamning og aðeins 10 prósent útborgun.

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt\*\* veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Citroën í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Citroën.



**Öruggur staður til að vera á**



### > Aviator sógleraugu

...verða sjúklega nauðsynleg í sumar. Vertu á undan öllum öðrum og sýndu þau núna!

# útlit

utlit@frettabladid.is



## SMEKKURINN HERDÍS PORGEIRSDÓTTIR, PRÓFESSOR VIÐ LAGAEILD Á BIFRÖST

### Coco Chanel var tískuhugsuður

**Spáir þú mikið í tiskuna?** Nei, ekki í dægursveifur en í stærra samhengi. Ég hef alltaf haft áhuga á fallegri hönnun.

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Sportlegur, einfaldur, í besta falli klassískur, nokkuð kærulýsislegur og tímalaus.

**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?** Coco Chanel er sá hönnuður sem mér hefur þótt mest til koma. Hún var ekki bara hönnuður heldur tískuhugsuður.

**Flottustu litirnir?** Ég hugsa meira um efni og snið en lit. Ég hugsa um lit í út frá fötunum sjálfum. Hallast almennt að dökkbláu og dökkum litum en vil hafa hvítt með. Svo er það eitthvað með grár peysur...

**Hverju ertu veikust fyrir?** Fallegum efnum (kasmír, silki og rúskinni) og einföldum sniðum. Öllu sem er notalegt að vera í. Stórum peysum, skyrtum, gallabuxum, jökkum og leðurstígvélum og ljósum karlmannlegum rykfrökkum. Á einn sveiðis frá afa.

**Hvað finnst þér flottast í tiskunni núna?** Það sem er flott er flott, algerlega óháð tísku.

**Uppáhaldsverslun?** Í Reykjavík finnst mér skemmtilegast að fara í búð í Bankastrætinu. Sævar Karl mætti gefa mér afslátt fyrir að segja þetta.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í fót á mánuði?** Ég kaupi ekki fót í hverjum mánuði.

**Hvaða flikur gætir þú ekki verið án?** Brúna kaðlapeysunar minnar sem ég keypti í Stokkhólmi fyrir 20 árum.

**Uppáhaldsflík?** Fimmtán ára gömul, vaxborin Barbour-úlpa sem krakkarnir eru búnir að banna mér að ganga í. Mér finnst hún töff. Flottustu fötin eru þau sem maður getur notað árum saman.

**Ljótasta flik sem þú hefur keypt þér?** Dettur helst í hug „eighties eróbikk“-búningur. Herdis dóttir mín og Margrét Edda vinkona hennar vöktu mig um miðja nótt um daginn til að leita að honum og nota hann eina ferðina enn fyrir einhverja uppákomu í MR.



FRÉTTABLAÐIÐ



## MÓÐUR VIKUNNAR

> MARTA MARÍA FER YFIR MÁLIN

### Endurbætt útgáfa

Ekki veit ég hvort félagar mínir eru almennt svona þunglyndir eða hvort þetta er bara svona undarlegur janúar. Meira að segja „hressu týpurnar“ hafa átt í vandræðum með hið innra sjálf og „ljótan“ hefur herjað á marga. Fyrir þá sem ekki þekkja fyrirbærið þá er það alþekkt meðal kvenna. Þetta er andlegt ástand. Auðvitað væri best að heim-sækja sálfræðing einu sinni í mánuði, en það er ekki á allra færi. Það getur verið erfitt að drífa sig af stað og fólk lumar á milljón ástæðum til að slá því á frest.

Það getur þó verið svolítið flókið að fóta sig í tilverunni þegar „ljótan“ ræður ríkjum, sérstaklega þar sem aðrir koma ekki auga á hana. Margar konur bregða á það ráð að eyða peningum þegar „ljótan“ bankar upp á. Auðvitað er hægt að gleðjast yfir nýjum stígvélum eða glossi sem stækkar varirnar.

Þegar öllu er á botninn hvolft læknar þetta þó ekki „ljótuna“, en getur haldið henni í skefjum í ákveðinn tíma. Mislangan þó.

Af hverju haldið þið að konur sturlist á útsölum? Þegar „ljótan“ yfirtekur líf mitt þá tek ég til í fataskápnun mínun. Sortera hið liðna frá því sem mér líkar og vil eiga áfram. Oft breyti ég fötum til að endurlífga þau, stytta, þrengi eða skreyti. Um daginn fann ég til dæmis nokkurra ára gamlar svartar sparibuxur inni í fataskáp. Þegar ég var komin í þær við háhælaða skó og skyrtu leið mér eins og ég væri í einkennisbúningi. Fannst ég eins og bitur miðaldra leiðindaskjóða. Þegar ég girti þær hinsvegar ofan í stígvélina þá voru þær flottar og minntu ekki vitund á einkennisbúning. Þarna eignaðist ég því splunkunýjar buxur án þess að taka upp veskið. Það er ein af þessum fullkomnu aðferðum til að drepa „ljótu“.

Stundum er þetta líka spurning um að raða eftir litum í fataskápinn svo fötin virki girnileg á slánni líkt og gert er í kvenfatabúðum.

Sundferðir gera líka drepnið „ljótu“ ásamt jóga tímum og trimmferðum út í náttúruna. Svo má líka taka Siennu Miller á þetta. Skipta algerlega um hárgreiðslu, henda öllum gömlum fötunum sínum og birtast á ný eins og endurgerð af Díónu prinsessu. Það getur varla klikkað!



ANNA SUI Sætur blómakjöll sem smellpassar inn í tiskustraumana sem nú má sjá í verslunum. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

FÍNLEG Blússa í blágrænum lit frá Oasis.

SUMARLEGUR Ómótstæðilegur toppur úr Oasis. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

PASTULIN Sætur kjól með fallegum myndum sem myndirnar hafa ímyndast í þessum blómakjól frá Oasis.

RYKFRAKKI Þeir verða svakalega flottir í sumar að því er tiskufræðingur segja. Þessi er úr Víla.

TUÐRA Stílhrein og flott taska sem rúmar allt. Úr Víla.

PERLUR Fara þær einhvern tíma úr tísku. Þessar fást í Oasis.

STUTT FÖLBLEIK PEYSA úr Oasis sem færir vel við sætan sumar kjól.

PRJÓNAPEYSA í dýrðlega sægrænum lit. Víla.

STUTTBUXUR Flottar stuttbuxur eru algjör nauðsyn í sumar og sóma sér vel með sokkabuxum og stígvélum. Úr Oasis.

MEÐ Fylltum HÆL Sætir háhælaskór úr Bossanova.

## Tælenskar matvörur í úrvali

Frábær verð



na na thai

Skeifan 4  
S. 588 1818

## Ferskir straumar í tiskunni

Nú er farið að birta til í tiskuverslunum bæjarins enda útsölurnar brátt á enda. Nýju vörurnar koma með kærkominn og ferskan blæ í búðirnar enda eflaust flestir orðnir leiðir á gömlu haustvörnum.

Þegar nýju flíkurnar eru skoðaðar og búðirnar þræddar er áberandi hversu rómantískt yfirbragð sumarflíkurnar hafa. Blúndur og útsaumur allsráðandi ásamt perlum og slaufum. Litirnir sem greinilega verða vinsælir í sumar eru fölbleikur, fölgrenn, gráblár og beinhvítur. Það eru augljóslega bjartir tímar framundan og þó að sumarið sé langt í frá komið þá er dásamlegt að geta klætt sig í fallegar og rómantískar flíkur eins og þessar núna í janúar hinum dimma.



NÆLA í skemmtilega gamaldags stíl. Úr Oasis.

Anna Sui virðist hafa hitt naglann á höfuðið með sumarlinu sinni fyrir þetta árið, enda ein-kennir þessi litasamsetning fötin frá henni, flæðandi sumar kjólar og rómantísk blómamunstur. Slíkar flíkur voru líka áberandi hjá hönnuðum eins og Phoebe Philo hjá Chloé, Dolce & Gabbana og Celine. Til að ná þessu rómantíska og örlítið sveitalega útliti er málið að hafa hárið sem náttúrulegast er. Fermingargreiðslur eða stífur hnútur í hárinu eru á bannlistanum en frjálsir lokkar og örlítið tjásulegt hár er það sem koma skal. Förunin er náttúruleg og látlaus.

hilda@frettabladid.is



ANNA SUI Rómantískt og fallegt.



Í BLÁU Hér er Dita við opnun Marc Jacobs-búðar í Melrose Place. Blái kjóllinn fer henni einstaklega vel. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## Eins og gamaldags kvikmyndastjarna

Dita Von Teese er sennilega best þekkt fyrir að vera frú Marilyn Manson. Stúlkan er þó þekkt fyrir annað því hún starfar sem dansmey og fyrirsæta. Dansmey af því tagi sem fækkar fötum er hún dansar.

Þegar hún er ekki í vinnu og alklædd er hún sjaldnast í tuskulegum fötum enda segist hún vera háklassadansmey og kemur aðeins fram á flottustu stöðunum fyrir flottasta fólkið. Dita er frá litlum bæ í Michigan og hefur dáð kvikmyndir frá fimmta áratugnum síðan hún var lítil stelpa. Fatastill hennar ber af því



Í PELS Það virðist allt fara Ditu vel.

nokkurn keim en ungfrúin lítur út eins og gamaldags kvikmyndastjarna.

Hún safnar höttum, skóm og fötum frá fyrri tímum og dái gamaldags tísku. Dita fylgir engum straumum, fer eftir eigin smekk, og mun sennilega aldrei sjást með ljósar strípur og appelsínugula brúnku. Það sem er sérstaklega einkennandi fyrir Ditu er hennar föla húð, hárauðar varir og hinir hrikalega háu hælur sem hún klæðist við hvert tækifæri. Mörgum þykir Dita vera ein best klædda kona heims í dag svo nú ætti Kate Moss að fara að vara sig.



Í BLÓMARÓS Hér er Dita í fallega grænum kjól og með blóm í hárinu.



KVIKMYNDASTJARNNA Dita í einum af sínum gamaldags klæðnaði.

## Stærri varir án aðgerðar

Það virðist vera afar eftirsóknarvert að vera með þykkar og þrýstnar varir. Ein vinsælasta snyrtivaran í Bandaríkjunum í dag er LipFusion-gloss sem er þeim kostum búið að stækka varirnar á þeim sem ber það á sig. Lipfusion inniheldur collagen-agfir sem smjúga, að sögn framleiðendanna, inn í varirnar og tútna út og varirnar þar af leiðandi líka. Þetta er ný tækni þar sem önnur varastækkandi efni hafa innihaldið koffín eða mentol sem veldur ertingu þannig að varirnar tútna út.

Að sögn framleiðenda Lipfusion er best að bera glossið á sig áður en farið er að sofa og þá verða varirnar fallega þrýstnar morguninn eftir og geta verið svo í allt að 48 klukkustundir. Þessi vara fæst ekki hérlendis en hægt er að pantana hana á netinu eða bara kaupa hana í næstu utanlandsferð.

GLÆRT Lip-Fusion-gloss sem stækkar varirnar.

Eflaust er varasamt að treysta um of á að vörur eins og LipFusion stækki varirnar, en miðað við vinsældirnar hið ytra hlýtur þetta að hafa einhver áhrif. Auk þess er mun vænlegra að fjárfesta í svona glossi en að fara í lýtaaðgerð og láta sprauta collageni í varirnar og eiga þá á hættu að líta út eins og gúbbfiskur það sem eftir er.



FERSKJULITUR Þetta gloss er í fallegum lit og gefur vörnum meiri fyllingu.

# ÚTSALA

Allt að **70%** afsláttur

Úrval ljósa á frábæru verði!

**14.980-**  
Verð áður: 19.970-

**1.990-**  
Verð áður: 2.990-

**4.990-**  
Verð áður: 6.960-

**990-**  
Verð áður: 1.990-

**1.990-**  
Verð áður: 2.890-

**1.990-**  
Verð áður: 4.860-

**2.990-**  
Verð áður: 3.890-

**11.740-**  
Verð áður: 18.850-

**1.875-**  
Verð áður: 3.870-



**Rafkaup**  
Ármúla 24 • S: 585 2800

Opið lau.: 11:00 - 16:00



CERES 4 Söngvarinn Ceres 4 keypti sér hlutabréf í Þýsku flugfélagi í vikunni.



## FRÉTT VIKUNNAR CERES 4

### Skellti sér á hlutabréf í German Wings

Það er búin að vera mjög spennandi hlutafjárútkningur í German Wings-flugfélaginu," segir Hlynur Áskelsson, betur þekktur sem Ceres 4, um frétt vikunnar.

„Þetta er lággjalda flugfélag sem flýgur frá Skandinavíu til Þýskalands. Ég skellti mér á hlutabréf og held að Pálmi í Fons sé að veðja á rangan hest og held að German Wings eigi eftir að taka þetta allt saman. Þetta flugfélag flýgur yfir Evrópu eins og Þýski örninn og ég held að íslenskir fjárfestar þurfi að fara að vara sig á því. Ég treysti þessum íslensku mögulum ekki lengur. Ég held að þetta eigi allt eftir að springa í höndunum á

þeim og þess vegna vil ég leita á öruggari mið, sem í þessu tilfalli er Þýskaland," segir hann. „Ég keypti mér farmiða frá Hamborg til Stokkhólms fyrir mig og son minn á 1.200 krónum. Þessi kostnaður mín á þessum farmiða og hlutabréfa-kaupin eru frétt vikunnar að mínu mati.“

Hlynur ætlar að dvelja í Þýskalandi hjá ættingjum sínum á meðan á heimsmeistarakeppninni í Þýskalandi stendur. Hann ætlar að kynna stemningunni í landinu en ætlar þó ekki að fara á úrslitaleikinn. „Ég kannski skelli mér til Berlínar til að horfa á þetta á breiðtjaldi við Brandenbogarhlíðið.“ -fb

# STÍLLINN HENNAR... ÞÓRUNNAR

Hún hefur búið í Frakklandi mestalla ævina en talar samt fallega íslensku og notar orðin „ég elska“ yfir allt mögulegt. Hún er ljúf og skemmtileg og ef hún væri dýr væri hún kisa enda rekur hún búðina Kisuna ásamt manninum sínum. *Borghildur Gunnarsdóttir* fékk að vita meira um Þórunni Anspach.

**STÚLKAN:** „Ég bjó í Vestmannaeyjum í æsku en við fluttumst fljótlega til Parísar. Ég kom samt til Íslands á hverju sumri og dvaldi hjá afa og ömmu. Hélt þannig íslenskunni við. Pabbi átti antíkbúð í París, eina þá flottustu í borginni og ætli búðaráhugi minn hafi ekki smitast frá honum. Ég bjó í Frakklandi þar til ég og maðurinn minn ákváðum nýlega að okkur langaði til að börnin lærðu íslensku. Við fluttum þá til Íslands og opnuðum Kisuna en okkur hafði lengi dreymt um að opna búð. Við erum ótrúlega góð í að kaupa," segir hún og hlær. „Í búðinni seljum við bara hluti sem okkur þykja fallegir, tónlist sem við elskum og ýmislegt sem okkur langar til að kynna fyrir fólki.“

**FATASTÍLLINN:** „Þegar ég var lítil elskaði ég að fara á flóamarkaði í Frakklandi. Ég er mjög hrifin af „vintage“-fötum og flóamarkaðirnir eru sennilega það sem

ég sakna mest frá Frakklandi. Ég elska líka Marni, Miu Miu og Isabel Marant.“

**MORGUNNINN:** „Fyrst á ég smá lúxustíma fyrir sjálfa mig áður en ég vek dóttur mína. Þá les ég frönsk dagblöð og hef það notalegt. Svo vek ég litlu og við leikum okkur eða syngjum saman. Ég er með au pair frá Frakklandi sem heitir Dora og það sem við elskum mest er að fara á Kaffitár og fá okkur dýrindis kaffi. Þetta finnst mér það besta við Ísland, kaffið hérna er svo gott, en kaffið í Frakklandi er ódrekkandi. Ég held að þeir noti hryllilega krana vatnið í kaffið á kaffihúsunum.“

**Á DAGINN:** „Ég er alltaf í voðalega þægilegum skóm og svo er ég oftast með risastórar tóskur því ég er með allt lífið mitt í þeim.“

**Á KVÖLDIN:** „Fer ég í háhælaða skó og bæti kannski smá farða á



**KISAN** í búðinni úir og grúir af skemmtilegu dóti.



**KAFFITÁR** Hún er einstaklega ánægð með kaffið á Íslandi.

andlitið. Þá skipti ég líka stóru tóskunni út fyrir einhverja litla sæta og fer kannski í fallegan kjól sem ég nota annars sjaldan.“

**PRÍR HLUTIR SEM EINKENNA ÞÓRUNNI:** „Ég elska að gera svona collage (klippimynd). Svo er ég mikil fjölskyldukona. Það síðasta sem ég ætla að nefna er hversu blönduð ég er. Ég upplifi mig að minnsta kosti þannig.“

**BÚÐIR:** „Á Íslandi eru það Trilogia, Steinunn, 38 þrep og svo elska ég líka að gramsa í barnafatabúðum. Í Köben fann ég hina fullkomnu barnafatabúð sem heitir Crème de la Crème. Fríða frænka minnr svó lítið á góðan flóamarkað.“

**PRÁHYGGJA:** „Ég legg mikla áherslu á að vera glöð og eins hamingjusöm og ég mögulega get. Ég held að það sé mikilvægt að lifa eins og dagurinn í dag sé næstum því sá síðasti.“

**SKARTGRÍPIR:** „Ég elska stóra og fína hringa og hálsmen. Ég keypti nýlega eitt frá Marni sem er úr stórum baunum og er eiginlega eins og dýrindis listaverk.“

**ILMVA TN:** „Ég nota ilmvatn sem við seljum í búðinni. Þetta er vanilluilmur sem er léttur og góður.“

**HÁRIÐ:** „Það er erfitt að ráða við hárið á mér. Ég er alltaf að reyna að hafa það fínt.“



**ÞÓRUNN ANSPACH** Með fína hálsmenið frá Marni.

**FARÐI:** „Ég elska farða sem sést lítið. Samt finnst mér gaman að vera með rauðan varalit eða mála mig um augun. En ég geri ekki bæði í einu, það er of mikið.“

**FRÍ:** „Ég elska Ítalíu, veðrið og ítalska matinn. Við förum oft þangað þegar við bjuggum í Frakklandi. Við ætlum reyndar þangað núna í mars.“

**HEIMA:** „Þar er alltaf mikið líf og fjör því við fáum oft til okkar vini frá Frakklandi. Ég sakna vinkvenna minna mikið en þær eru voða sætar að koma oft í heimsókn.“

#### ÞÓRUNNAR

**KVÖLD:** „Að hittast með vinum er skemmtilegast. Þá fáum við forrétt sem gefur okkur forsmekkinn að

matnum sem bíður okkar en maðurinn minn er ógurlega góður kokkur. Svo drekkum við kampavín eða margarítu með. Sunnudagskvöld eru líka hin fullkomnu kvöld því þá sýnum við börnunum okkar myndir. Ég og maðurinn minn skiptumst á að velja fyrir þau góðar myndir og þessi kvöld eru óskaplega hugguleg.“

**BARINN:** „Ég elska 101 bar, mér finnst hann fallegur og skemmtilegur. Annars fer ég ekkert mikið á bari því þar byrjar fjórði yfirleitt ekki fyrr en um tvö og það er of seint fyrir mig," segir hún og hlær.

**DRYKKURINN:** „Margaríta er best.“

**TÓNLIST:** „Það er eitt sem ég elska sem er íslenskt og franskt og það er Lady and Bird, eða Barði og Keren Ann og Stinu Nordenstam, Camille frá Frakklandi og CocoRosie. Svo er ég líka ógurlega hrifin af klezmertónlist og sigauatónlist.“

**KVIKMYNDIR:** „Ég elska gamlar gamanmyndir eins og Some Like It Hot og fleiri frá þeim tíma. Svo er ég ógurlega hrifin af bandarískum sjálfstæðum myndum eins og Buffalo 66 og Punch-Drunk Love.“

**BÆKUR:** „Það er ein sem ég er að lesa núna sem heitir Salka Valka. Mér finnst hún alveg stórkostleg. Hún er svo nútímaleg og ótrúlega skemmtileg, að ég get ekki hætt að lesa. Ég elska líka bandarískar bækur og þá er rithöfundurinn Paul Auster í upphaldi. Ég er líka hrifin af pólska rithöfundinum I.B. Singer og svo les ég auðvitað ýmsar franskar bækur.“

**TÍMARIT:** „Ég er áskrifandi að franska Elle og Vogue en ég les líka breska Vogue og ýmis frönsk blöð sem eru ekki til hér.“

**TÍSKUFYRIRMYND:** „Ég held ég segi bara Sofia Coppola, mér finnst hún æðisleg. Hún er líka frábær leikstjóri og mér fannst fyrsta myndin hennar, Virgin Suicides, best.“

**BORGIN:** „Róm, New York, París, Mílanó og svo auðvitað Reykjavík.“

**FRAMTÍÐIN:** „Ég held að það séu miklar breytingar framundan. Ég er á þannig stað núna að það er mikið rúm fyrir ýmsar breytingar.“ ■

OPURTFARINN JESSIE JAMES VAR GIFTUR KLÁMSTÖRNU

BLÁTT

VARUÐ

18 ÁRA

gott NAG

Villkynt

HEIMUR

BDSM

Á ÍSLANDI

BOSSA-FJÖR

GULLNA STURTAN 2006

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR MÖTTOKUR

NÝTT BLAÐ KOMIÐ I VERSLANIR

# SIGRÚN PÖLL LOSaðI SIG VIÐ 46kg MEÐ HJÁLÞ DDV

Pótt þú þurfir ekki að losa þig við svo mikið,  
þá getur DDV hjálpað þér að ná markmiðum þínum.



Sigrún Pöll breytti mataræðinu og missti 46 kíló með hjálp íslensku viktarráðgjafanna.



#### Pizza Bolognese

er stökk og gómsætt pizza að ítalskri vísu. Hún er með hökkuðu nautakjöti, tómatsósu, lauk og mozzarella osti.

Pizzan inniheldur næstum allt sem þig gæti langað í í hádegismat, bæði hvað varðar bragð, magn og orku. Fáðu þér þessa pizzu ásamt tómatsalati, og þú ert komin með frábæran hádegismat. Pizzan inniheldur einungis 6,5% fitu og hitaeiningarnar eru 160 Kkal pr. 100g.



#### Pizza með skinku og osti

er hefubundin pizza með skinku, grænmeti, tómatsósu og mozzarella osti. Borðuðu hana með góðu tómatsalati og þú ert kominn með frábæran hádegismat. Hún inniheldur einungis 6,5% fitu og hitaeiningarnar eru 180 Kkal pr 100g.




#### Sandkakan

frá DDV er frískleg og safarík kaka án smjörs og sykurs. Hún bragðast frábærlega og er mjúk og gírnileg. Hún inniheldur einungis 3% fitu og bragðast mjög vel með ferskum ávöxtum.



#### Eplamuffins

Meira en helmingurinn (65%) af þessari uppskrift eru hrein epli. Eplamuffins er þessvegna frábært ef þig langar í hollan millibita eða eitthvað gott með kaffinu. Eplamuffins inniheldur undir 1% fitu og inniheldur hvorki sykur, rotvarnarefni né litarefni.



#### Grænmetisréttur

er hollur og passar vel með hádegismat eða kvöldmat. 600 grömm af brokkáli, gulrótum og rauðum og gulum paprikum sem er gott að steikja létt á pönnu, dýfa í sjóðandi vatn eða hita í örbylgjuofni. Það er einnig hægt að nota það í pottrétti, gratín og margt fleira.



#### Blómkálsgratín

með ostasósu er hollur réttur, hráefnin í honum eru sérvalin og hann er hitaeiningasnauður (150 Kkal/100 g). Blómkálsgratín er framleitt úr eggjum, osti og 300 gr af grænmeti og er því fullkominn hádegismatur. Rétturinn inniheldur einungis 3% fitu og er að auki alveg án rotvarnarefna.



#### Morgenknas

Morgunkornið er fitulítið en ríkt af próteinum. Það inniheldur engan sykur og er því hollt, trefjaríkt og freistandi tilbreyting frá venjulegum hafragraut eða kornflögum. Prófaðu það með jógúrti, sykurlausri sultu eða fullt af ávöxtum.



#### Blandað saft

er blanda af safi úr eplum, jarðberjum, sólberjum, rífsberjum, hyldeberjum, hinberjum og vínberjum. Það er ekki bætt í það sykri, litarefnum, bragðefnum né rotvarnarefnum. Blandast 1 á móti 4.

#### Agúrkurnar

eru í legi með m.a. hvítlauk, svörtum pipar, sinnepsfræum ofl. Þær innihalda ekki litarefni, rotvarnarefni, bragðefni eða viðbættan sykur og eru tilvaldar með kjötbollum eða lifrarkæfu.

#### Rauðkálíð

frá DDV inniheldur hvorki sykur, rotvarnarefni, bragðefni né litarefni og er góður kostur fyrir þá sem velja sér hollan mat. Það er frábært með hádegismatnum eða kvöldmatnum.

#### Rauðbeðurnar

frá DDV innihalda hvorki sykur né rotvarnarefni sem gerir þetta góðan kost fyrir þig sem vilt hollan og næringarríkan mat. Rauðbeðurnar eru góðar með kjötbollum eða lifrarkæfu.



Lærðu að borða hollan og góðan mat og léttast um leið með Íslensku viktarráðgjöfunum.



DDV vörurnar fást: Hagkaup - Nóatún - Samkaup/Úrval - Skagfirðingabúð Sauðárkrókur - Hlíðarkaup Sauðárkrókur - Kaupþún Vopnafjörður



[www.weightconsultants.com/ls/](http://www.weightconsultants.com/ls/)







## Katrín aftur í Val

Valsstúlkur hafa fengið góðan liðsstyrk fyrir komandi átök í Landsbankadeild kvenna en Katrín Jónsdóttir hefur gengið til liðs við félagið. Katrín hefur áður leikið með Val og snýr nú aftur eftir dvöl í Noregi. Auk þess hafa Dóra María Lárusdóttir og Pála Marie Einarsdóttir skrifað undir nýja samninga við félagið.

# sport

sport@frettabladid.is

## Grétar Rafn vekur athygli: Frábær kaup

**FÓTBOLTI** Grétari Rafni Steinssyni er hrósað sérstaklega í dalki sem birtist á heimasíðunni Soccer.net í gær en þar er talað um byltinguna sem Louis van Gaal hefur staðið að með AZ Alkmaar í Hollandi. Van Gaal hefur verið lunkinn á leikmannamarkaðnum og meðal annars fengið menn á borð við Shota Arvaladze og Grétar Rafn frítt til liðsins.

Þetta er rós í hnappagat Grétars sem vakið hefur athygli í Hollandi með stöðugum og góðum leik en hann var fenginn til liðsins til að fylla í skarð eins besta leikmanns liðsins í fyrra, Jan Kromkamp sem nú leikur með Liverpool.

- hþh

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

25 26 27 28 29 30 31

### Laugardagur

#### ■ SJÓNVARP

- 10.50 Ítölsku mörkin á Sýn. Öll mörkin úr leikjum síðustu helgar.
- 11.20 Spænsku mörkin á Sýn. Öll mörkin úr leikjum síðustu helgar.
- 14.30 Enska bikarinn á Sýn. Bein útsending frá leik Everton og Chelsea.
- 15.10 EM í handbolta á Rúv. Bein útsending frá leik Spánverja og Frakka.
- 16.50 Ensku mörkin á Sýn. Mörkin úr ensku 1. deildinni.
- 17.20 Enska bikarinn á Sýn. Bein útsending frá leik Bolton og Arsenal.
- 19.20 Spænski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik úr umferð dagsins.
- 19.20 Spænski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik úr umferð dagsins.
- 15.10 EM í handbolta á Rúv. Bein útsending frá leik Spánverja og Frakka.

## KR-INGAR SEGJA OMARI WESTLEY UPP: TVEIR ERLENDIR LEIKMENN KOMA Í STAÐINN

# Urðum að grípa til þessara aðgerða

KR hefur ákveðið að segja upp samningnum við Omari Westley sem leikið hefur frábæra með liðinu í vetur. Í leiknum gegn Keflavík um síðustu helgi gerði Westley sig sekan um mjög ljótt brot þegar hann gaf einum leikmanni Keflavíkur olnbogaskot og fékk fyrir vikið fjögurra leikja bann. Átta leikir eru eftir af deildarkeppninni í körfubolta en KR er í harðri toppbaráttu og sá sér einfaldlega ekki fært að vera án jafn sterks leikmanns í fjóra leiki.

„Við töldum að á þessum tímamarki á tímabilinu þá yrði of erfitt fyrir okkur að fara Kanalausir í næstu fjóra leiki þar sem baráttan á toppnum er gríðarlega hörð og við urðum að grípa til þessara aðgerða,“ sagði Böðvar Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR, við

Fréttablaðið í gær. „Það er mjög leiðinlegt fyrir okkur að láta hann fara þar sem Omari hafði staðið sig frábæra og fallið vel inn í hópinn. Það er mikið áfall fyrir okkur að lenda í þessu en þegar atvik á borð við þetta gerist urðum við að leita lausna til að halda áfram af sama krafti og við höfum gert.“

KR hefur fengið tvo leikmenn til liðsins í staðinn, Melvin Scott, sem lék með B-liði KR í bikarkeppninni gegn Grindavík

þar sem hann fór á kostum, og Serbann Ljubodrag Bogavac. „Melvin Scott er skráður í KR þar sem hann spilaði með B-liðinu okkar og er því enn skráður í klúbbinn,“ sagði Böðvar um Scott. „Það er mikill happafengur að fá hann enda hefði Melvin alveg eins getað verið kominn í eitthvert annað lið. Ég hefði ekki verið spenntur fyrir því að fara út í hið eilífa lotterí með að finna Bandaríkjamann og fá hann til landsins án þess að sjá hann spila. Það er einfaldlega of mikil áhætta fyrir okkur.“



## > Ólafur með á sunnudag

Fyrirlíðinn Ólafur Stefánsson verður að öllum líkindum með Íslandi í lokaleik C-riðils á Evrópumótinu í Sviss á morgun þegar leikið er gegn Ungverjum. Óttast var að Ólafur væri með brákað rifbein eftir slagsmálin gegn Serbum á fimmtudag en svo er ekki og mun hann ætla að gera allt sem í sínu valdir stendur til að spila þrátt fyrir að vera hrakaður vegna meiðslanna. Hugsanlegt er að hann þurfi sprautu til að lina sársaukann fyrir leikinn en Ólafur átti stórleik gegn Serbum í fyrsta leik Íslands á mótinu.



# Við ramman reip að draga

Íslendingar dattu heldur betur í lukkupottinn í gær þegar dregið var í undanriðla EM. Ísland er með þremur gríðarlega sterkum þjóðum í riðli og geta forráðamenn KSÍ gengið að því vísu að fá góða aðsókn á heimaleiki liðsins.

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið í knattspyrnu dróst í F-riðil undankeppni EM með sterkum þjóðum en dregið var í Sviss í gær. Í riðli með Íslendingum er Svíþjóð, Spánn, Danmörk, Lettland, Norður-Írland og Liechtenstein. Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari biður spenntur eftir sínu fyrsta verk efni með A-landsliðið en ljóst er að um sannkallaða Norðurlandaslagi verður að ræða.

„Mér líst bara vel á þetta. Þetta er nágrannaslagur og ekki mikil ferðalög sem er mjög þægilegt en riðillinn er mjög erfiður. Við höfum ekki riðið feittum hesti frá viðureignum okkar við Svía og Dani og höfum fengið skelli frá báðum þjóðum í okkar síðustu leikjum gegn þeim. Spánverjar eru svo að sjálfsgöðu með ógnarsterkt lið og það er ljóst að við ramman reip verður að draga í þessum erfiða riðli. En þetta er spennandi verkefni,“ sagði Eyjólfur við Fréttablaðið í gær.

Eins og margir vonaðist Eyjólfur til þess að Ísland yrði loksins með Englandi í riðli en honum varð ekki að ósk sinni að þessu sinni. „Því miður þá forðumst við England enn einu sinni. Það verður þá bara að gerast næst,“ sagði Eyjólfur bjartsýnn á dráttinn fyrir heimsmeistaramótið árið 2010.

Eyjólfur jataði því að möguleikar Ísland á að komast upp úr riðlinum væru hverfandi. „Já,



**KÁTIR** Eyjólfur Sverrisson, þjálfari íslenska landsliðsins, og Eggert Magnússon, formaður KSÍ, mega leyfa sér að brosa yfir frábærum andstæðingum íslenska liðsins í komandi undankeppni EM í Sviss og Austurríki. Andstæðingarnir eru afar áhugaverðir og flest ferðalög eru viðunandi stutt svo að drátturinn hefði í raun ekki getað farið betur. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

þeir eru það. Við ætlum okkur bara að safna stigum og reyna að ná hagstæðum úrslitum úr leikjunum okkar. Lykilatriðið er að komast upp um styrkleikaflokk og

það leggjum við höfuðáherslu á. Við vorum neðstir núna í fimmta styrkleikaflokki og það má ekki mikið út af bera til að við föllum niður í þann sjötta. - hþh

#### A-RÍÐILL

Portúgal  
Pólland  
Serbia/Svartf.land  
Belgja  
Finnland  
Armenía  
Aserbaidsjan  
Kasakstan

#### B-RÍÐILL

Frakkland  
Ítalía  
Úkraína  
Skotland  
Litháen  
Georgía  
Færeyjar

#### C-RÍÐILL

Grikkland  
Tyrkland  
Noregur  
Bosnía/Herseg.  
Írland  
Ungverjaland  
Moldóva  
Malta

#### D-RÍÐILL

Tékkland  
Þýskaland  
Slóvakía  
Írland  
Wales  
Kýpur  
San Maríno

#### E-RÍÐILL

England  
Króatía  
Rússland  
Ísrael  
Lettland  
Eistland  
Makedónía  
Andorra

#### F-RÍÐILL

Svíþjóð  
Spánn  
Danmörk  
Lettland  
Ísland  
Norður-Írland  
Liechtenstein

#### G-RÍÐILL

Holland  
Rúmenía  
Búlgaría  
Slóvenía  
Albanía  
Hvíta-Rússland  
Lúxemborg



# Áfram Ísland

HEKLA

Henning Berg, þjálfari norska liðsins Lyn og fyrrum leikmaður Man. Utd:

# Baldur fær ekki samning hjá Lyn

**FÓTBOLTI** Valsmaðurinn Baldur Aðalsteinsson fær ekki samning hjá norska liðinu Lyn en hann var við æfingar hjá liðinu í síðustu viku.

„Hann fær ekki samning hjá okkur að svo stöddu, sagði Henning Berg, þjálfari Lyn, við Fréttablaðið í gær. „Við erum alltaf að leitast við að styrkja liðið og við fengum veður af því að Baldur væri góður leikmaður og ákváðum því að skoða hann,“ sagði Berg en Baldur lék æfingaleik með liðin í fyrradag en kom aftur til landsins í gær.

„Hann er góður leikmaður en ekki betri en þeir sem við höfum fyrir. Þegar við kaupum leikmenn verða þeir að vera betri en þeir sem við erum með fyrir. Hann er fínn leikmaður en við ætlum

**HENNING BERG**

Ætlar ekki að fá Baldur til sín.  
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



okkur ekki að fá hann til okkar.“ Stefán Gíslason er einnig á mála hjá Lyn en hann hefur gegnt lykilhlutverki í liðinu síðan hann gekk til liðs við Lyn fyrir tæpu ári.

„Hann er mjög góður leikmaður og hefur staðið sig virkilega vel fyrir liðið,“ sagði Berg um Stefán. „Hann spilar ávallt á miðjunni fyrir okkur þrátt fyrir að spila sem miðvörður með íslenska landsliðinu en það fer auðvitað eftir því hvaða leikmenn eru í boði. Ég er mjög ánægður með Stefán og hans spilamennsku,“ segir Berg sem kveðst alltaf vera með augun opin fyrir íslenskum leikmönnum.

„Mér líkar viðhorf þeirra til leiksins. Íslendingar eru ávallt baráttuglaðir leikmenn sem leggja sig 100% fram og þannig leikmenn er alltaf hægt að nýta í norska boltanum.“ - hþh - vig



U-21 ÁRS LANDSLIÐIÐ Gæti mætt Ítöllum.

## Ungmennalandsliðs Íslands: Undanleikir gegn Andorra

**FÓTBOLTI** Ungmennalandslið Íslands mætir Andorra í tveimur leikjum í undankeppni riðlakeppni Evrópumótisins árið 2007. Leikdagarnir hafa ekki verið ákveðnir en báðum leikjum þarf að vera lokið fyrir 15. júlí.

Það lið sem vinnur í umspilinu fer svo í riðlakeppnina þar sem það mætir Ítöllum og Austurríki en þar verður leikin einföld umferð og fær hver lið einn leik á útivelli og einn á heimavelli. Ítalir eru mjög sterkir í þessum aldursflokki og hafa meðal annars orðið Evrópumeistarar í fimm af síðustu sjö keppnum. - hþh

Djibril Cisse handtekinn:

## Réðst á eigin konu sína

**FÓTBOLTI** Djibril Cisse framherji Liverpool var handtekinn og yfirheyrður af lögreglunni í Liverpool eftir að hann réðst á eigin konu sína á fimmtudagskvöldið. Kona Cisse er ófrísk en þetta er í annað sinn á skömmum tíma sem Cisse er handtekinn en hann viðurkennði að hafa slegið fimmtán ára gamlan dreng í október síðastliðnum.

Liverpool hefur ekki tjáð sig um málið að svo stöddu en Cisse er sterklega orðaður við brottför frá Evrópumeisturinum innan skamms. - hþh



NBA deildin í körfubolta

## Stór skipti

**KÖRFUBOLTI** Minnesota Timberwolves og Boston Celtics hafa skipt á sjö leikmönnum með það fyrir augum að hrista upp í liðum sínum en hvorugut liðið hefur verið upp á marga fiska í NBA-deildinni í vetur. Mestu munar um framherjann Wally Szczerbiak sem fór til Boston og bakvörðinn Ricky Davis sem fer til Minnesota.

Boston fær auk þess miðherjann Michael Olowokandi, Dwayne Jones og valrétt í nýliðavalinu. Minnesota fær til sín miðherjann Mark Blount, leikstjórnandann Marcus Banks, framherjann Justin Reed og tvo valrétt í annari umferð nýliðavalsins.

- hþh

Robbie Fowler gengur til liðs við Liverpool á nýjan leik:

## Týndi sonurinn snúinn heim

**FÓTBOLTI** Robbie Fowler skrifaði mjög óvænt undir samning við sitt gamla félag Liverpool fram á sumar í gær. Samningurinn verður endurskoðaður þegar hann rennur út í sumar en Fowler kom frítt til liðsins frá Manchester City, þar sem hann hefur lítið fengið að spila að undanförunu.

„Við höfum fengið til okkar leikmann sem hefur gríðarlega mikla ástríðu fyrir klúbbum og hann mun setja gott fordæmi fyrir alla leikmenn hvað það varðar,“ sagði Rafael Benítez stjóri Liverpool um Fowler.

„Þetta er gjaldgjafi fyrir alla hjá klúbbum, ég held að ég hafi aldrei

séð neinn sem er svona glaður yfir því að koma til liðsins. Fólk getur talað um að kaupa leikmenn fyrir háar fjárhæðir en við fengum til okkar leikmann sem elskar liðið og það er ekki hægt að setja verðmiða á þá. Við erum nálægt því að komast í hæstu hæðir og Robbie getur hjálpað okkur að komast þangað,“ sagði Benítez. „Ef ég á að vera hreinskilinn bjóst ég ekki við því að fá tækifæri til að koma til Liverpool aftur. Mig hefur augljóslega alltaf langað til að koma aftur til Liverpool og ég gæti ekki verið ánægðari með þetta, ég er alveg í skýjunum,“ sagði Fowler við komuna til síns gamla félags.

Fowler er lifandi goðsögn á meðal stuðningsmanna liðsins en hann skoraði 170 mörk fyrir liðið á árunum 1993 til 2001 þegar hann fór til Leeds, en hann er þrítugur að aldri. Fowler fór síðan til Manchester City árið 2003 þar sem hann hefur átt erfitt uppdráttar en snýr nú aftur heim en hann er uppalinn hjá Liverpool.

**FOWLER KOMINN HEIM** Stuðningsmenn Liverpool vilja meina að endurkoma Robbie Fowler til félagsins séu bestu tíðindi sem þeim hafa borist síðan Gerard Houllier var rekinn. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



**SPÆNSKA LANDSLIÐIÐ** Spænska landsliðið mun líklega ekki koma til Íslands og spila vináttulandsleik. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Drátturinn í undanriðlana fyrir EM veldur usla:

## Ekki leikið gegn Spáni?

**FÓTBOLTI** „Leikurinn gegn Spáni er eitt stórt spurningarmerki,“ sagði Eggert Magnússon, formaður KSÍ, um fyrirhugaðan vináttulandsleik gegn Spáni sem fara átti fram í sumar en fer sjálfkrafa í óvissu þar sem þjóðirnar drógust saman í riðil í undankeppni EM.

„Stefnan hjá stóru þjóðunum er yfirleitt að spila ekki vináttulandsleiki gegn þjóðum sem þeir lenda með í riðli, en það er ekki hægt að staðfesta neitt á þessu stigi málsins. Það er auðvitað skemmtilegra að mæta þeim í undankeppni EM heldur en í vináttuleik og þeir vildu spila við

okkur í ágúst. Það hefði hentað okkur mjög vel þar sem Laugardalsvöllurinn verður tilbúinn þá,“ segir Eggert sem þó lofar að vináttuleikur milli Íslands og Spánar muni eiga sér stað.

„Ef ekki verður af leiknum í sumar er alveg ljóst að kollegi minn hjá spænska knattspyrnusambandinu skuldar mér einn vináttulandsleik í framtíðinni,“ sagði Eggert léttur í lundunni, enda í skýjunum yfir riðlinum sem Ísland var dregið í.

„Þetta er frábær riðill og stutt ferðalög, auk þess sem við náum að fylla Laugardalsvöllinn þrisvar í það minnsta.“ - hþh

Mikið tap á rekstri Chelsea:

## 140 milljóna punda tap

**FÓTBOLTI** Chelsea tilkynnti í gær um 140 milljóna króna tap á rekstri félagsins fyrir árið 2005 sem er það hæsta sem nokkurt knattspyrnufélag hefur tilkynnt um.

Upphæðin kemur þó ekki á óvart en tap félagsins í fyrra var 88 milljónir punda en Chelsea borgaði Umbro svo 25 milljónir punda til að losna undan samningi við íþróttavöruframleiðandann auk þess sem 23 milljónir töpuðust á kaupunum á Juan Sebastian Veron og Adrian Mutu.

„Þetta er hluti af áætlun



**BILLJÓNAMERINGUR** Á ekki í vandræðum með að borga skuldir Chelsea.

okkar um að vera á sléttu árið 2010 og þá eru þeir peningar sem við fáum frá Samsung vegna nýs styrktarsamnings við þá ekki inni í þessum tölum,“ sagði Peter Kenyon stjórnarformaður Chelsea um tapið mikla.

- hþh



Landsbankinn

Aðalfundur 4. febrúar 2006

